


SHALDÖR

skoðun 20



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Hollt og gott



Í hópi með þeim bestu  
Þórunn Árnadóttir voru-  
hönnuður sýnir í einu stærsta  
lista- og hönnunarsafni heims.  
allt 4



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

7. júlí 2011  
156. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

## Þjóðlög alltaf heillað

Kristín Ólafsdóttir syngur lög af plötunni Íslensk þjóðlög á Þjóðlagahátíð á Siglufirði.

tímamót 26



## Lokatónleikar á Nasa

Hljómsveitin Quarashi hyggst enda feril sinn með tónleikum í Reykjavík.

fólk 50




## Valsmenn á toppinn

Valur komst á topp Pepsi-deildar karla með góðum sigri á Þór á Akureyri.

sport 42

## veðrið í dag



BJART S- OG V-til í dag verður NA-læg átt, víða 3-8 m/s. Bjart að mestu S- og V-til en annars hálf-skýjað. Líkur á þokubökkum við NA-ströndina. Hiti 7-18 stig, svalast NA-til.

VEÐUR 4

# Ríki og borg hætt við að reisa samgöngumiðstöð

Ekkert verður af byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri samkvæmt drögum að samkomulagi borgarstjóra og innanríkisráðherra. Hefja á vinnu við endurbætur á flugstöðinni í Vatnsmýri sem fyrst.

**SAMGÖNGUMÁL** Ekkert verður af áformum um byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri, samkvæmt drögum að samkomulagi Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra og Jóns Gnarr, borgarstjóra í Reykjavík.

Drögin, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, voru lögð fram á fundi borgarráðs fyrir tveimur vikum, en ekkert er minnst á það í fundargerð borgarráðs.

Í drögunum segir að hefja eigi endurbætur á aðstöðu fyrir farþega og þjónustuaðila á Reykjavíkflug-

## Herflugvélar óvelkomnar í Reykjavík

Samkvæmt drögum að samkomulagi ríkisins og Reykjavíkurborgar skal allri umferð herflugvéla og flugs í þágu hertengdrar starfsemi um Reykjavíkflugvöll hætt. Undantekning er gerð þegar flugvöllurinn þjónar hlutverki sínu sem varafflugvöllur.

velli sem fyrst og hraða deiliskipulagsgerð á svæði flugstöðvarinnar til að svo megi verða. Endurbætur á að hanna þannig að auðvelt verði að breyta þeim og flytja þær á brott. Þá er skýrt í drögunum að Reykjavíkurborg verði ekki bóta-

skyld, þurfi að flytja byggingarnar af svæðinu.

Gera á samning um land ríkisins í Vatnsmýri sem borgin hyggst skipuleggja á komandi misserum. Þegar samningar liggja fyrir á að leggja af flugbrautina sem liggur frá norð-

austri til suðvesturs og flytja flugvallargirðinguna í kjölfarið. Ekki er kveðið á um það í drögunum að flugvöllurinn eigi að víkja í áföngum, eins og áður hafði verið ákveðið.

Leitað verður eftir samkomulagi við Isavia um að fyrirtækið taki yfir rekstur og eignarhald flugstöðvar Flugfélags Íslands.

Stofnaður hefur verið þriggja manna starfshópur með fulltrúum ráðherra, borgarstjóra og Isavia til að vinna að markmiðunum og á hann að skila tillögum sínum fyrir 1. desember næstkomandi. - sv



## ÞJÓÐ SINNI TIL SÓMA

Ingólfstorg tók á sig þjóðlegan blæ í blíðunni í gær, en það voru hópar norsks tónlistarfólks og dansara sem sáu til þess. Norsk þjóðlagatónlist frá Vindfylla Spelemannslag fyllti loftið og við tónlistina dönsuðu félagar í norska þjóðdansafélaginu Nordbygda Spel- og Dansarlag. Hóparnir dvelja hér á landi næstu daga og skemmta landanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sruli Recht gerir það gott:

## Kravitz féll í stafi yfir Sruli

**FÓLK** Bandaríski tónlistarmaðurinn Lenny Kravitz féll fyrir hönnuðun Sruli Recht þegar ný herralína hans var frumsýnd í París fyrir skemmstu.

Rokkarinn Kravitz festi kaup á þó nokkuð af fatnaði og fylgihlutum úr línunni. Hann hyggst svo klæðast hönnun Srulis á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu og því verða viðskiptin vafalaust ein besta kynning sem hönnuður á Íslandi hefur fengið.

Herralína Sruli Recht samanstendur af hundrað hlutum og er innblástur sóttur í íslenska náttúru. Nýstárlegar nálganir hans við notkun á efnivið vekja jafnan eftirtekt og í nýju línunni er að finna leður úr hákarlaskrápi.

- rve / sjá Allt í miðju blaðsins



SRULI RECHT

Þýski flutningamiðlunarrisinn DB Schenker hefur opnað skrifstofu í Reykjavík:

## Keppir við Eimskip og Samskip

**VIÐSKIPTI** DB Schenker, dótturfélag þýska ríkisfyrirtækisins sem rekur járnbrautir þar á landi og einn umsvifamesti vöruflutningamiðlari heims, hefur opnað skrifstofu hér á landi og hyggst bráðlega hefja vöruflutninga héðan á láði sem legi.

Fyrirtækið er að setja á laggirnar flutningamiðlun á frystum kjötvörum og sjávarfangi um heim allan og mun skrifstofan hér verða hluti af þeim hópi sem sinnir því, að sögn Helga Ingólfssonar, framkvæmdastjóra flug- og sjöflutningasviðs DB Schenker á Norðurlöndunum.

Fyrirtækið flytur nú þegar mikið af ferskum

eldislaxi frá Noregi til annarra landa. Það finnur hagstæðasta flutningsmátann hverju sinni en leigir flugvélar í einstaka tilvikum. Þá sinnir fyrirtækið flutningum fyrir verkataka í ýmsum heimsálfum.

„Við erum ekkert að flýta okkur, ætlum að ná um tíu prósentu hlutdeild á markaðnum hér innan tveggja til þriggja ára,“ segir Helgi.

Helstu keppinautar fyrirtækisins hér á landi eru Jónar Transport, flutningafyrirtæki Samskipa, og TVG Zimsen, fyrirtæki Eimskip. Eimskip var áður með umboð fyrir DB Schenker.

- jab / sjá síðu 16

**ALVEG GRILLAÐUR!**

Grillosturinn bráðnar betur en aðrir ostar og hentar því einstaklega vel á hamburgara eða annan grillaðan mat.

Ljúffengur eftirréttur  
**Tiramísú**  
frá Ostahúsinu

PEKING • REYNSLA • GÆÐI  
**Ostahúsið**  
HÚSIÐ  
STOFNAÐ 1992

Smáralind

**Útsala**

OPIÐ TIL  
**21**  
Í KVÖLD



Torfi, er búið að greiða úr vandanum?

„Það hefur tekist að mestu og án þess að nokkrir færu í hársaman.“

Torfi Geirmundsson rakari var með vandræðapösu á stofu sinni sem tók enga greiðslu af einum viðskiptavini en tvöfalda af þeim næsta.

Ný rannsókn í Noregi sýnir að ung börn framleiða mikið af streituhormónum:

# Leikskólabörn upplifa streitu

**NOREGUR** Dvöl á leikskóla allan daginn er of streituvaldandi fyrir ung börn, samkvæmt nýrri rannsókn Norska tækniháskólans.

Börn undir tveggja ára aldri á leikskólum mældust með mikið magn af kortisóli, sem er streituhormón. Að sögn prófessorsins May Drugli er mikill hraði, hávaði, stórir hópar og skortur á huggun það sem reynist börnunum erfiðast. Á meðan börn sem hafi náð þriggja ára aldri geti tjáð sig og þarfir sínar þurfi yngri börn að hafa í kringum sig fullorðið fólk sem skilji og sinni þörfum þeirra.

Hún vill þó ekki að skuldinni sé skellt á foreldra fyrir að setja börnin á leikskóla, heldur segir hún að leikskólar í Noregi hafi látið yngstu börnin mæta afgangi.

Það sé ekki mjög mikilvægt fyrir yngstu börnin að hafa klifurveggi eða annars konar leikföng, heldur skipti mestu máli að hafa fullorðið fólk sem tali við þau.

Helmingur foreldra sem rætt var við vegna rannsóknarinnar sagði börnin sín þreytt eftir heilan dag á leikskóla. Tveir þriðju leikskólakennara sögðu börnin oftast vera mjög þreytt í lok dags. - þeb



Í LEIKSKÓLA Ung börn eru oft mjög þreytt í lok leikskóladags.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Komin á Litla-Hraun:

## Móðirin hefur verið yfirheyrd

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á voveiflegu andláti barns um helgina stendur enn yfir.

Móðirin, sem er rúmlega tvítug, var útskrifuð af Landspítalanum árdegis í gær og síðan færð til skýrslutöku hjá lögreglu. Að því búnu var hún flutt á Litla-Hraun, þar sem hún er í gæsluvarðhaldi.

Lögreglan segir ekki unnt að veita frekari upplýsingar um rannsókn málsins að svo stöðu.

- jss

## Kröfu breytt í hlutafé í janúar: 365 á þriðjungshlut í Birtíngi

**VIÐSKIPTI** Fjölmíðlafyrirtækið 365 eignaðist í janúar 47 prósent hlut í Hjálmi, móðurfélagi tímaritaútgáfunnar Birtíngs. 365 á nú 30 prósent í Birtíngi í gegnum Hjálm. Viðskiptablaðið greindi frá þessu í gærkvöldi.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir viðskiptin hafa snúist um að breyta kröfu sem 365 átti á Hjálm í hlutafé í þeirri von að fá meira út úr henni þannig. Þau hafi ekki snúist um Birtíng eða starfsemi þess félags og ekkert samstarf á fjölmíðlamarkaði sé í kortunum, enda hafi menn á þeim tíma gert ráð fyrir að Birtíngur yrði seldur út úr Hjálmi innan tíðar.

Spurður hvers vegna ekki var greint frá viðskiptunum á sínum tíma segir Ari: „Ég leit einfaldlega ekki á þetta sem stórt eða fréttæmt mál.“ - sh



ÖSSUR Á GAZA Ráðherra heimsótti stoðtækjaverkstæði á Gaza. MYND/UNRWA

Utanríkisráðherra í Gaza:

## Vill að herkví verði aflétt

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinson utanríkisráðherra krafðist þess á Gaza-svæðinu í gær að herkví Ísraels á svæðinu yrði aflétt. Á fundum með ráðamönnum lagði Össur áherslu á að Hamas- og Fatah-hreyfingarnar yrðu að ná saman um myndun þjóðstjórnar.

Í heimsókn sinni skoðaði Össur áform um byggingu skóla, heilsgæslustöðva og íbúða fyrir flóttamenn sem ekki hafa náð fram að ganga vegna andstöðu Ísraelsstjórnar. - shá



GOTT STÆÐI Þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði voru eigendur tveggja húsbíla að undirbúa gistingu þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# IKEA opnar húsbíla-stæði í Garðabænum

Undanfarinn mánuð hefur húsbílaeigendum boðist að nota grasflötina við IKEA sem næturstað. Verslunin segir viðtökurnar hafa verið framar vonum og húsbílaeigendur eru sáttir við að hafa fengið nýtt stæði á höfuðborgarsvæðinu.

### Góð viðbót fyrir húsbíla

„Við vorum bara þarna þessa einu nótt og við erum á leiðinni í Þjórsárdal og Stokkseyri og Eyrarbakka,“ segir Gunnsteinn Sigurðsson húsbílaeigandi, en hann og kona hans, Jytta Jensen, eru á ferðalagi um landið. Þau eru frá Bolungarvík.

„Ég get ekki annað en hælt þessu því þarna er ágætis aðstaða. Það er helst að það vanti vask og tólaskúr en maður átti nú ekki von á því að það yrði svoléiðis þarna. Þetta er bara mjög góð viðbót fyrir húsbílafólk. Svo getur maður farið í kaffi inn í IKEA og svona, þó þar sé nú ekki opnað fyrir en níu eða hálf tíu.“

Aðspurður segir Stefán að fyrir-tækið hafi fengið fyrirspurn um húsbílastæði frá frumkvöldi í húsbílamálum hér á landi, en sá sagði stæði sem þetta vanta á höfuðborgarsvæðið. Fyrirtækið skoðaði málið og komst að því að kostnaður við uppsetningu væri ekki svo mikill.

„Þetta er þekkt um allan heim er mér sagt, í svona kjörnum, að það séu sérstök húsbílastæði og aðstaða fyrir húsbíla.“

Stefán segir að til standi að hafa stæðið opið fyrir húsbíla eins lengi og ferðamannantímabilið standi. „Viðtökurnar hafa verið svo góðar.“ thorunn@frettabladid.is

## Biskup um ástand kirkjunnar: Segir úrsagnir vera áskorun

**ÞJÓDKIRKJAN** Úrsagnir úr þjóðkirkjunni á síðustu mánuðum eru áskorun fyrir kirkjuna, segir Karl Sigurbjörnsson biskup í pistli á vef þjóðkirkjunnar.

„Það er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur af úrsögnum og fækkun í söfnuðum þjóðkirkjunnar. Það er samt ekki séríslenskt fyrirbæri,“ skrifar biskup.

„Alls staðar á Norðurlöndunum má sjá hliðstæða þróun, þar eru þjóðkirkjurnar líka að hopa og það af ýmsum ástæðum, lýðfræðilegum og menningarlegum. Eins og hér á landi má sjá einnig í þeim úrsögnum viðbrögð við deilum og hneykslismálum innan kirknanna.“

Alls sögðu 890 sig úr þjóðkirkjunni í síðasta mánuði. - sv



KARL SIGURBJÖRNSSON

Mældist 7,8 stig á Richter:

## Harður skjálfti í Kyrrahafinu

**NÝJA-SJÁLAND** Harður jarðskjálfti upp á 7,8 stig á Richter reið yfir í Suður-Kyrrahafi klukkan þrjár mínútur yfir sjö í gærkvöldi að íslenskum tíma. Gefin var út flóðbylgjuviðvörðun í kjölfarið sem náði til Kermadec-eyja, Nýja-Sjálands og Tonga.

Uptök skjálftans voru á miklu dýpi norðaustur af Nýja-Sjálandi. Litlar fréttir höfðu borist af skjálftasvæðinu þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Tugir manna létust í borginni Christchurch á Nýja-Sjálandi eftir harðan jarðskjálfta í febrúar. - shá

Um fjöllun um landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins:

## Bændasamtökin gefa út bók

**EVROPUMÁL** Bændasamtök Íslands hafa gefið út bók um landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins. Bókin er skrifuð af Stefáni Má Stefánssyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

„Um áráraðir hafa Bændasamtökin stundað mjög markvissa vinnu við að kynna sér landbúnaðarstefnu ESB og máta við íslenskar aðstæður. Eftir að aðildarumsókn Íslands var send inn fengum við svo Stefán Má til að taka saman þetta rit,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna.

Í ritinu eru einnig settar fram varnarlinur Bændasamtakanna, sem eru þau lágmarkssamningsmarkmið sem íslensk stjórnvöld verða að mati samtakanna að hafa til hliðsjónar við aðildarviðræðurnar við ESB.

Varnarlinur Bændasamtakanna eru í sjö liðum. Má þar nefna að íslensk stjórnvöld hafi áfram heimild til að leggja tolla á búvörur frá löndum ESB og að reglur um innflutningsheimildir fyrir dýr og dýraafurðir verði ekki rýmkaðar frekar.

Spurður hvernig bregðast ætti við ef ekki reyndist unnt að standa vörð við allar sjö varnarlinurnar í aðildarviðræðunum sagði Haraldur: „Ég held að það sé mjög varhugavert að byrja á því að semja við



BÓKIN KYNNT Í GÆR Í formála bókarinnar er ritið sagt mikilvægt innlegg í umræður um aðild Íslands að ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sjálfan sig og ganga út frá því að þetta muni ekki ganga.“

Þá segist Haraldur hafa áhyggjur af því hvernig staðið hafi verið að mótun samningsmarkmiða Íslands. - mþ

## DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR

ms.is



**Garðplöntur**

**30%  
afsláttur**

**Flíspeysur**

**25%  
afsláttur**

**Útipottar**

**30-50%  
afsláttur**

# SUMMAR

**HEFST  
Í DAG**

# ÚTSALA



**weber**

**Öll grill**

**20%  
afsláttur**



**Sláttuvélar**

**25%  
afsláttur**



**Garðhúsgögn**

**30%  
afsláttur**



**Viðarvörn**

**20-45%  
afsláttur**



**Leikföng**

**25%  
afsláttur**

**HiPoint klippur**

**40%  
afsláttur**



**Búsáhöld**

**20-30%  
afsláttur**

  
**blómaval**

  
**HÚSASMÍÐJAN**

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	115,01 115,55
Sterlingspund	184,10 185,00
Evra	164,89 165,81
Dönsk króna	22,103 22,233
Norsk króna	21,217 21,341
Sænsk króna	18,117 18,223
Japanskt jen	1,4178 1,4260

SDR 183,17 184,27

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
220,3006

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

# Hekla tilbúin að gjósa en hreyfingar sem mældust við fjallið fyrir nokkru hafa að mestu gengið til baka: Ferðafólki ráðið frá því að ganga á Heklu

**NÁTTÚRA** „Við ráðleggjum fólki að ganga ekki upp á Heklu eins og stendur,“ segir Valgerður Brynjólfssdóttir, sem rekur Heklusetrið á Leirubakka. „En það eru þó ekki nema tveir, þrjár dagar síðan fólk var uppi á henni,“ bætir hún við.

Hreyfingar mældust við Heklu um og fyrir síðustu helgi en þær hafa nú að mestu gengið til baka. Gunnar B. Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir að hreyfingararnar hafi verið um 10 til 20 millimetrar, sem getur ekki talist mikið. „En það er einhver hreyfing þarna djúpt undir,“ segir hann. „Það má samt segja að hún

sé tilbúin að gjósa en hvort hún gerir það á morgun eða eftir tuttugu ár, það vitum við ekki,“ bætir hann við.

Hekla hefur venjulega gosið á tíu ára fresti en síðast gaus hún árið 2000. Gunnar segir að venjulega verði jarðskjálftar um einni eða tveimur klukkustundum áður en hún gýs, það væru þá mun stærri skjálftar en mældust nú.

Valgerður segir afar varhugavert að vera á fjallinu þegar það er að minna á sig með þessum hætti, bæði vegna þess að fyrirvarinn getur verið afar stuttur og eins eru margir gígar á fjallinu og óvíst úr hverjum þeirra eldhafið hæfist á loft.



HEKLUGOS Valgerður Brynjólfssdóttir segir alls óvíst úr hvaða gíg gos í Heklu myndi koma.



NAUTHÓLSVÍK Ryðgaðir naglar og brotnar bjórflöskur hafa tekið á móti sumum gestum Ylstrandarinnar í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ylströndin í Nauthólsvík:

## Umgengni við Ylströnd slæm

**REYKJAVÍK** Nokkuð hefur borið á því að umgengni við svæði Ylstrandarinnar í Nauthólsvík að kvöld- og næturlagi sé slæm.

Bálkestir hafa verið kveiktir með naglaspytum, sem þýðir að eftir situr aska og ryðgaðir naglar í sandinum. Þá hafa bjór- og vodkaflöskur verið brotnar á gangstéttum og í sandinum.

Í tilkynningu frá starfsfólki er því þess vegna beint til kvöld- og næturgesta að ganga vel um svæðið.

- mp1

Ríkissaksóknari áfrýjar:

## Exeter-málið til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja Exeter-máli sérstaks saksóknara til Hæstaréttar. Allir sakborningarnir þrír í málinu voru sýknaðir í síðustu viku.

Þeir Ragnar Zophonías Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðs- stjóri Byrs, og Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, voru sýknaðir af ákæru um umboðssvik vegna eins milljarðs láns til félagsins Exeter Holding til að kaupa stofnfjárbréf af þeim og öðrum starfsmönnum Byrs. Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, var sýknaður af hlutdeild í brotinu og peningþvætti.

- sh

# Verstu þurrkar í sextíu ár

Óttast er að alvarleg hungursneyð sé yfirvofandi í austanverðri Afríku. Hjálparstofnanir þurfa hundruð milljóna króna til að geta veitt nauðsynlega aðstoð. Flóttafólk streymir frá Sómalíu til nágrennaríkjanna.

**SÓMALÍA** Öflugustu samtök herskára íslamista í Sómalíu hafa aflétt banni við starfsemi erlendra hjálparstofnana, nú þegar verstu þurrkar til margra áratuga hrjá landsmenn. Bannið var lagt á árið 2009 með þeim rökum að hjálparstofnanir væru andsnúnar íslamstrú.

Þurrkarnir í Sómalíu og nágrennalöndunum á Horni Afríku, skaganum sem teygir sig út í Indlandshaf, eru þeir verstu sem komið hafa í sextíu ár. Í Sómalíu hafa langvinn borgarastrísátök gert illt verra og vanburða stjórnvöld ráða ekkert við vandann.

Milljónir manna hafa orðið illa úti og streyma nú flóttamenn þúsundum saman frá Sómalíu á hverjum einasta degi, flestir til Kenía sem þó hefur einnig orðið illa úti vegna þurrkanna.

Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna segja að helmingur barna í Sómalíu þjáist nú af vannæringu.

Óttast er að hungursneyðin, sem nú þegar hrjáir fjölda fólks, verði óviðráðanleg.

Alþjóðlegar hjálparstofnanir hafa nú efnt til fjársöfnunar. Fjárförfin nemur hundruðum milljóna króna. Vonir standa þó til þess að viðbragðskerfi, sem komið hefur verið upp vegna reynslunnar af fyrri hungursneyðum á þessum slóðum, muni virka eins og til er eðlást og voðinn verði því ekki jafn mikill og stundum áður.

Fyrir utan Sómalíu er mikil þörf fyrir aðstoð í Eþíópíu og Kenía.

Árum saman hefur úrkoma í þessum heimshluta verið óvenju lítil. Þúsundir manna eru á faraldsfæti að leita sér matar og nú þegar hafa hundruð manna dáið úr næringarskortri. Búfenaður er tekinn að falla úr hor.

Ofan á allt þetta hefur matvæla- verð hækkað upp úr öllu valdi svo jafnvel þegar fólk stendur matvara til boða þá hefur það ekki efni á henni.

gudsteinn@frettabladid.is




KOMIN Í FLÓTTAMANNABÚÐIR Hópur flóttamanna kominn til flóttamannabúða í Kenía eftir margra daga göngu frá Sómalíu.


NORDICPHOTOS/AFP

## Tíu milljónir manna í hættu

Hjálparstofnanir hefja fjársöfnun til að geta brugðist við neyðarástandi í norðaustur hluta Afríku, þar sem verstu þurrkar í 60 ár og hátt matvæla- verð hafa stefnt lífi milljóna manna í voða.



## Dæmigerðar árstíðir



## Þurrkarnir 2010-11

Heimildir: S.P., OCHA Ljósmynd: Getty ©Graphic News

**TANDOORI**  
restaurant take away

**MEGATILBOÐ Á ÖLLUM NANWICH FRÁ KL. 14-22 ALLA DAGA Í JÚLÍ.**

Lítill.....599,- kr.  
Stór.....999,- kr.

Rjúkandi heitir Nanwich, Nauta-, Kjúklinga- eða Lambakjöts með fullt af grænmeti. Hrikalega vinsællir og bragðgóðir með yfir 10 kryddtegundum.

VERIÐ VELKOMINN!

Skeifan 11 - Sími 552-9100

**VEÐURSPÁ**

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR NA-TIL** Bjart að mestu S- og V-til í dag en þykkar svo upp og verður skýjað með köflum næstu daga. Stöku skúrir S- og V-til. Kólnar og verður dálítið svalt NA-til á morgun og laugardag en ætíð að batna aftur á sunnudag.

**Á MORGUN** víða 3-8 m/s, hvassara NV-til. **LAUGARDAGUR** víða 3-8 m/s, hvassara NV-til.

**HEIMURINN**

Alicante	32°
Basel	28°
Berlín	26°
Billund	23°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	26°
London	18°
Mallorca	32°
New York	30°
Orlando	30°
Ósló	23°
París	22°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	24°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# FRÍTT

Í HÚSDÝRAGARÐINN Í DAG  
FYRIR DÆLULYKILSHAFA

Í DAG, 7. JÚLÍ, FÁ DÆLULYKILSHAFAR  
FRÍTT Í HÚSDÝRAGARÐINN

- MILLI KL. 14 OG 17 FÁ BÖRNIN FROSTPINNA FRÁ EMMESSÍS OG BLÖDRUR
- ÍPRÓTTAÁLFURINN OG SOLLA STIRÐA MÆTA KL. 15:00
- LEIKHÓPURINN LOTTA SÝNIR KL. 15:30
- 50% AFSLÁTTUR AF MIÐUM OG DAGPÖSSUM Í TÆKIN


TAKTU FJÖLSKYLDUNA MED  
OG SÝNDU DÆLULYKILINN VIÐ INNGANGINN.

SÆKTU UM DÆLULYKIL OG  
FÁÐU NÁNARI UPPLÝSINGAR Á  
[WWW.ATLANTSOLÍA.IS](http://WWW.ATLANTSOLÍA.IS)



Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni.  
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið  
keppinautunum við efnið síðan.

Dælykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



LENGI LIFI  
SAMKEPPNI



## KJÖRKASSINN



Hefur þú trú á grasa-lækningum?

Já	72%
Nei	28%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú breytt trúfélags-skráningu þinni á liðnu ári?

Segðu skoðun þína á visir.is.

# Lögreglumenn í áfallahjálp eftir útkallið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi vinnur nú að rannsókn á öllum þáttum máls er upp kom um helgina þegar forstöðumaður Veiðisafnsins á Stokkseyri skaut úr skambyssum við heimili sitt, sem jafnframt hýsir safnið. Þeir lögreglumenn sem fóru á vettvang og handtöku manninn hafa fengið áfallahjálp í kjölfarið. Rannsókn málsins beinist meðal annars að hótunum þeim og ógnunum sem maðurinn hafði í frammi við handtökuna, auk almanna-hættu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær handtók lögreglan á Selfossi forstöðu-mann safnsins á Stokkseyri um helgina eftir að skothvellir höfðu heyrst frá

heimili hans. Héraðsdómur Suðurlands hafnaði síðan kröfu lögreglustjórans á Selfossi um gæsluvarðhald og geðrannsókn á manningum.

Lögfræðingar og lögreglumenn héldu fund um framhald málsins í gær og ákvörðun héraðsdóms mun að líkindum ekki verða kærð til Hæstaréttar, þar sem rannsókn málsins hefur gengið fljótt og vel.

Í yfirlýsingu sem Páll Reynisson sendi frá sér í gær kveðst hann hafa gert mistök, sem hann beri einn ábyrgð á. Hann biðji þá fyrirgefningar sem hann kunni að hafa hryggt eða valdið ótta og sé farinn í áfengismedferð.



**VEIÐISAFNIÐ** Um níutíu byssur voru fjarlægðar úr Veiðisafninu á Stokkseyri. Safnið verður opið áfram.

## ALLIR GÖNGUSKÓR Á 20% AFSLÆTTI YFIR 35 GERÐIR



**EVEREST**  
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
PERSÓNLEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



**NÁTTÚRUPERLA** Torfajökulssvæðið er jarðfræðilega einstakt á heimsvísu, að því er segir í skýrslunni, og með almikilvægustu og verðmætustu svæðum landsins vegna ferðaþjónustu og útivistar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN ADALSTEINN

## Vernda ber Torfajökul en virkja á Hellisheiði

Hellisheiði, Blönduveita og Reykjanes eru álitlegustu virkjanakostir landsins, segir í drögum að rammaáætlun. Mikilvægt er að vernda Torfajökulssvæðið, Kerlingarfjöll og Vonarskarð. Ekki umhverfisslys að virkja í neðri hluta Þjórsár.

**ORKUMÁL** Torfajökulssvæðið og Kerlingarfjöll tróna á toppi verndunarlista verkefnisstjórnar um rammaáætlun, undir stjórn Svanfríðar Jónasdóttur, sem skilaði skýrslu um annan áfanga áætlunarinnar til iðnaðarráðherra í gær. Þau svæði eru talin búa yfir mestum náttúruverðmætum allra virkjunarkosta sem tekin var afstaða til.

Alls komu 84 virkjanakostir á landinu til mats hjá verkefnisstjórninni en suma faghópa hennar skorti forsendur til að meta nokkra kostina og því hefur 66 kostum nú verið raðað, annars vegar með tilliti til verndargildis og hins vegar nýtingarsjónarmiða.

Þeir virkjanakostir sem þykja álitlegastir eru Hellisheiðin, en þar verður nýr áfangi gangsettur í haust, Blönduveita, þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar, og Reykjanesið, en sótt hefur verið um virkjanaleyfi fyrir það svæði.

Næst á eftir koma stækkun

### Katrín frestar útgáfu rannsóknarleyfa

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hefur ákveðið að útgáfu rannsóknarleyfa vegna fyrirhugaðra vatnsafls- og jarðvarmavirkjana, sem verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur fjallað um, skuli frestað þangað til þingsályktunartillaga um um áætlunina hefur verið afgreidd á Alþingi, eða í síðasta lagi til 1. febrúar 2012. Tilmælum þess efnis hefur verið komið til Orkustofnunar.

Kröflu og Búðarhálsvirkjun. Þar liggja öll leyfi fyrir og framkvæmdir eru hafnar.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár, sem mætt hafa mikilli andstöðu heimamanna og náttúruverndarsamtaka, myndu hins vegar ekki hafa ýkja slæm áhrif á umhverfið að mati skýrsluhöfundar. Þannig sitja Holtavirkjun og Hvammsvirkjun í 15. og 16. sæti yfir svæði sem æskilegt væri að virkja, og Urriðafossvirkjun, sem mestur styr hefur staðið um, í því 28. Allt er þetta fyrir ofan miðju. Enn fremur eru virkjanakostirnir allir á neðri hluta verndunarlistans.

Aðrir kostir sem verma sæti ofarlega á verndunarlistanum eru Vonarskarð, sem þykir vera verðmætt lífríki hitakærra örvera, og Skaftárvirkjun og Hólmsár-virkjun. Í tveimur síðastnefndu tilvikunum er frumhönnun lokið, en kostirnir skarast hins vegar við aðra.

Listanum er ætlað að verða grunnur að endanlegri flokkun svæðanna og verður hann notaður til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu um hvernig nýta skuli og vernda virkjanakosti á Íslandi. Sú tillaga fer í opið umsagnarferli.

stigur@frettabladid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

Amnesty International sakar sýrlenska herinn um gróf mannréttindabrot:

## Kerfisbundnar misþyrmingar

**SÝRLAND, AP** Mannréttindasamtökin Amnesty International segja sýrlenskar öryggissveitir að öllum líkindum hafa framið glæpi gegn mannkyni í umsátri sínu um bæinn Talkalakh í maí síðastliðnum.

Mótætlendur í bænum höfðu staðið fyrir mótætlum vikum saman gegn Bashar Assad forseta og krafist afsagnar hans. Á endanum þoldi forsetinn ekki lengur við og sendi herinn á vettvang.

Við tók blóðugt umsátur um bæinn, sem er skammt frá landamærum Líbanons. Talið er að tugir manna hafi látið lífið. Þúsundir flýðu yfir landamærin til Líbanons.

Amnesty International hefur rætt við fjölmörg vitni, sem skýra frá því að fólk hafi látið lífið í fangaklefum, sætt pyntingum og handtökum hafi verið gerðar af handahófi. Frá þessu er skýrt í nýrri skýrslu samtakanna.

Samtökin skora nú á Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að vísa málinu til Alþjóðlega sakadómstólsins í Haag, sem fjallar um stríðsglæpi. Amnesty segir flest benda til þess að glæpir gegn mannkyni hafi verið framdir.

„Frásagnir vitna sem við höfum hlýtt á frá þessum atburðum draga upp afar óviðkunnalega mynd af kerfisbundnum og markvissum misþyrmingum til að berjja



**SÝRLENSKI HERINN** Sakaður um gróf ofbeldi gegn íbúum landsins í maí.

NORDICPHOTOS/AFP

niður andóf,“ segir Philip Luther, aðstoðarframkvæmdastjóri Mið-Austurlanda- og Afríkudeildar samtakanna.

- gb

## FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 7. - 10. júlí  
afnemum við virðisaukaskatt  
af öllum snyrtivörum.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari  
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júlí 2011.

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR



**OPIÐ** *í sumar*  
ALLAN sólarhringinn  
Akureyri & Eiðistorg

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*



1. Hvar er nú unnið að gerð sjóvarnargarðs?
2. Hvað verður heildarþorskvótinn mikill á næsta ári?
3. Hvor handboltakappanna á bak við hárgelsfyrirtækið Silver er hættur?

SVÖR:

Logi Geirsson.  
1. Við vilk í myndal 2. 177 þúsund tonn 3.



HERJÓLFUR Herjólfur hefur aflyst fimm ferðum af 266 síðan Landeyjahöfn var opnuð í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

## Eimskip um ferðir Herjólfur: Fjölmörg lúta af gagnrýninni

**SAMGÖNGUR** Fjölmörg og aðrir eru beðnir um að láta af óvæginni gagnrýni á ferðir Herjólfur í Landeyjahöfn í yfirlýsingu sem Eimskip sendi frá sér í gær.

Þar segir að allt tal um að Eimskipafélagið leggst gegn siglingum til Landeyjahafnar sé alrangt. Fréttablaðið hafði það eftir heimildum í vikunni að vilji væri fyrir því hjá Eimskipi að loka höfninni tímabundið í nokkra mánuði næsta vetur.

Í yfirlýsinguinni segir jafnframt að aðeins fimm ferðir af 266 hafi fallið niður frá því höfnin opnaði eftir nokkurt hlé þann 4. maí síðastliðinn.

Lykt kom upp um ræktun:

## Var tekinn með efni og plöntur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu upprætti kannabisræktun í einbýlishúsi í austurborginni í fyrrakvöld og handtók ræktandann.

Lögreglu barst ábending um sérkennilega lykt frá húsinu og við rannsókn fundust áttatíu kannabisplöntur í kjallara þess auk tveggja kílóa af tilbúnu kannabis.

Hald var lagt á efnið og plönturnar, en maðurinn var sleppt að loknum yfirheyrslum. Hann mun áður hafa verið staðinn að kannabisræktun, enda var faglega staðið að ræktuninni, sem fannst í fyrrakvöld, að sögn lögreglu.

Kviðdómur sýknar bandaríska móður af ákæru um að hafa drepið dóttur sína:

## Bíður dóms fyrir minni glæpi

**BANDARÍKIN, AP** Allar bendir nú til þess að Casey Anthony, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi í tæp þrjú ár grunuð um að hafa myrt tveggja ára dóttur sína, verði látin laus í dag þegar kveðinn verður upp dómur í máli hennar.

Á þriðjudag sýknaði kviðdómur hana af morðákærinni en dæmdi hana seka um að hafa logið að lögreglu um tildrög hvarfs dótturinnar. Líklegt er talið að Anthony fái fjögurra ára fangelsisdóm fyrir þau brot, en þar sem hún hefur þegar setið nærri þrjú ár í gæsluvarðhaldi er talið líklegt að sú

refsing verði látin duga og hún því látin laus.

Casey Anthony yfirgaf heimili sitt um leið og dóttirin hvarf. Næsta mánuðinn stundaði hún skemmtanálífið grímt og lét engan vita af hvarfi dótturinnar. Hún var síðar þá handtekin og ákærð fyrir að hafa myrt barnið. Líkið fannst skammt frá heimili foreldra hennar í desember 2008.

Anthony héldu því fram að dóttir henna hafi druknað af slysförum í sundlaug foreldra hennar. Hún hafi þá fyllst örvilnan, falið líkið og forðað sér.



CASEY ANTHONY EFTIR SÝKNURSKURD KVIÐDÓMS Foreldrar hennar hafa ekkert talað við hana síðan hún var handtekin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fjölmörg þjófnaðarbrot: 18 ára dæmdur fyrir þjófnað

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Austurlands í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnaði og fleiri afbrot.

Ungi maðurinn braust, ásamt öðrum, inn í sumarbústaði, fyrirtæki, geymslugám og hafnsögu-bátinn Vött. Þeir stálu fyrir á þriðju milljón króna.

Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess að maðurinn játaði greiðlega og flestir munanna sem hann stal komust til skila.

-jss

# Sjá ýmsar vísbendingar um aðra bólu í tæknigeiranum

Rúmum áratug eftir að netbólan sprakk óttast margir að sagan sé að endurtaka sig. Virði tengslasíðunnar LinkedIn tvöfaldaðist nýverið á fyrsta degi viðskipta eftir hlutfjárútböð og Facebook er á leið á markað.

### FRÉTTASKÝRING

Er netbóla að blása út í annað skipti?

**10** milljarðar dala er andvirði Twitter, sem þó hefur enn ekki skilað hagnaði.

Þegar netbólan svokallaða sprakk árið 2000 hrundi hlutabréfaverð þúsunda nýsköpunar- og tækni-fyrirtækja um allan heim eins og um spilaborg hefði verið að ræða.

Óhófleg bjartsýni um vaxtarmöguleika internetfyrirtækja og breyttar forsendur í viðskiptum á 21. öldinni, hafði þrýst virði netfyrirtækja langt upp fyrir það sem eðlilegt gat talist. En í mörgum tilvikum voru fyrirtæki metin á hundruð milljóna Bandaríkjadala þrátt fyrir nær ekkert tekjustreymi og í besta falli hugmynd sem hafði ekki sannað gildi sitt.

Í áratug síðan hefur netbólunni verið stillt upp sem kennslubókardæmi um það hvernig hlutabréfamaarkaðurinn getur villst af leið. Það kann því að koma mörgum á óvart að undanfarna mánuði hefur nokkur fjöldi sérfræðinga lýst því yfir að ný netbóla sé að blása út. The Economist fjallaði fyrir stuttu um málið og sagði kveikjuna að þessum áhyggjum vera skyndilega endurvakningu markaðarins fyrir hlutfjárútböð internetfyrirtækja en hann hefur því sem næst legið niðri í áratug.

Nýlegt hlutfjárútböð viðskiptatengslasíðunnar LinkedIn, sem tvöfaldaðist í verði á fyrsta degi viðskipta, og skráning fjölda kínverskra og rússneskra netfyrirtækja á markað í Bandaríkjunum hefur vakið upp minningar um ofurbjartsýnina sem ríkti í kringum netfyrirtæki í lok tíunda áratugarins. Þetta er þó bara byrjunin, segja menn, bólan fer virkilega að blása út þegar

Facebook fer á markað, sem talið er að gerist á næsta ári.

Því verður í það minnsta ekki haldið fram að markaðurinn sé svartlýnt á vaxtarmöguleika „heitustu“ netfyrirtækjanna. Hópkaupasíðan Groupon hefur tilkynnt um hlutfjárútböð og er búist við því að hlutir í henni seljist á 15 milljarða dala, eða jafngildi 1.727 milljarða íslenskra króna. Þá er Facebook metið á 70 milljarða dala og Twitter, sem enn hefur ekki skilað hagnaði, á 10 milljarða dala.

Fyrir þeim sem telja nýja bólu orðna til eru þetta upphæðir sem einfaldlega geta ekki staðist. Efasemdamaðmenn segja að þótt örfá netfyrirtæki hafi kannski innistæðu fyrir slíku verðmati þá virðist fjárfestar nú telja að allar nýjar vefsíður muni slá í gegn.

Í Kísildal eru þó fæstir sam-mála þessu mati. Þar er bent á að enn hafi fá stór netfyrirtæki farið í hlutfjárútböð auk þess sem engar vísbendingar séu til staðar um að fjárfestar séu að missa sig, en til að mynda er NASDAQ-hlutabréfavisitalan enn langt undir því sem var þegar hún stóð hæst í mars árið 2000. Þá hefur fjöldi nettengdra vaxið gríðarlega undanfarin tíu ár auk þess sem háhraðanettengingar hafa víða tekið við af þeim hægari sem eykur möguleika netfyrirtækja.

Hvort um bólu sé að ræða eða einfaldlega eðlilega þróun í sí-



KÍSILDALUR Þótt efnahagslífið í Bandaríkjunum sé ekki eins og best verður á kosið ríkir bjartsýni hjá netfyrirtækjum.

NORDICPHOTOS/AFP

vaxandi geira skal ósagt látið. Það verður hins vegar spennandi að sjá hvernig næstu hlutfjárútböð netfyrirtækja ganga. Sé bóla að blása út eru án efa til

staðar fjárfestingartækifæri til skemmri tíma í umtöluðustu netfyrirtækjunum þótt hættan á því að brenna inni sé vitaskuld alltaf til staðar.

magnusl@frettabladid.is

Ráðherra vegamála kynnist vestfirskum malarvegum af eigin raun:

## Skilur vel kröfur Vestfirðinga

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég skil mjög vel þá kröfu sem Vestfirðingar setja fram um Dýrafjarðargöng og vegabætur á Dynjandisheiði, að ógleymdum vegabótum á Suðurströndunum,“ sagði Ógmundur Jónasson, innanríkisráðherra og ráðherra vegamála. Hann var einmitt á ferðinni yfir Dynjandisheiði þegar Fréttablaðið sló á þráðinn.

Hann sagði að ekki mætti þó gleyma þeim úrbótum sem gerðar hefðu verið á Vestfjörðum undanfarin ár. „Við fórum í gær frá Hólmavík, yfir Steingrímsfjarðarheiði og síðan allt Djúpið til Ísafjarðar og þar er vegur mjög góður enda slitlag alls staðar. Öðru máli gegnir um leiðina frá Ísafirði og suður fyrir í Dýrafjörð og Arnarfjörð,“ segir hann.

Hann segir að þótt Vestfirðingar hafi sterkar skoðanir á vegakerfinu sé gott að ræða við þá um þessi mál þar sem þeir séu lausnamiðaðir. „Annars fannst mér heimamenn hafa mestar áhyggjur af því að vegurinn yfir Dynjandisheiði væri með besta móti núna þegar við eigum leið um hann með rannsóknargleraugun á nefinu,“ sagði ráðherrann og játti því svo að augljóslega væri nýbúið að hefja veginn.

Við svo kveðið slitnaði GSM-sambandið, sem er býsna skrykkjótt uppi á Dynjandisheiði.

-jse



FRÁ DYNJANDISHEIÐI Ráðherrann kvartaði ekki yfir útsýninu á Dynjandisheiði en vegirnir þar eru ekki jafn indælir þótt nýhefjaðir séu. Þessi mynd er tekin af veginum þar.

## Sláttutraktorar

Sláttutraktorar með safnkassa  
3 stærðir: 12½ ha, 17 hö og 20 hö  
Til afgreiðslu strax - Afar hagstætt verð




**PÓR HF**  
REYKJAVÍK · AKUREYRI

Reykjavík: Krókháls 16 Ármúla 11 Sími 568-1500  
Akureyri: Lónsbakka Sími 568-1555 www.thor.is



# ÚTSALAN HEFST Í DAG



FRÉTTASKÝRING: Niðurstöður jarðvegsmælinga vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslum

# Steingrímur gæti hafið búskap á ný

Niðurstöður jarðvegsmælinga Umhverfisstofnunar sýna að díoxín mældist ekki í svo miklu magni að það takmarki nýtingu lands, kalli á hreinsun jarðvegs eða geti skapað hættu fyrir almenn- ing og lífríki.

## Mælingar í kjölfar Funamálsins

Umhverfisstofnun ákvað í febrúar á þessu ári að kanna styrk díoxíns í jarðvegi til að fá skýra mynd af stöðu mála hvað varðar losun díoxíns út í umhverfið á Íslandi. Ástæðan var svokallað Funamál sem hófst með því að díoxín mældist í mjólk frá bænum Efri-Engidal í Skutulsfirði. Uppruni eitursins reyndist vera sorpbrennslan Funi en mælingar sýndu tugfalt magn eitursins í útblæstri, í sam- burði við þær reglur sem nýrri sorpbrennslum er gert að vinna eftir. Þegar frá leið kom í ljós að sömu sögu var að segja um sorp- brennslur á Kirkjubæjarklaustri, í Vestmannaeyjum og Svínafelli í Öræfum.

Umhverfisstofnun lagði til við umhverfisráðuneytið í byrjun janúar að eldri sorpbrennslum yrði gert að uppfylla hert skilyrði um losun mengandi efna sem giltu fyrir nýrri sorpbrennslur. Einnig var ákveðið að taka sýni í nágrenni við allar hugsanlegar uppsprettur díoxíns, eða sorpbrennslu, stóriðju og áramótábrenna. Var þetta einn þáttur víðtækra viðbragða sveitarfélaga og stofnana við endurskoðun mála er varða uppsprettur mengandi efna hér á landi og á stjórnsýslu þeim tengdum. Þá stóð sóttvarnalæknir fyrir víðtækri heilsufarsrannsókn vegna díoxínmengunarinnar sem fólst í blóð- og hársýnatöku íbúa nærri sorpbrennslum.

## 50 sýni

Jarðvegssýni voru tekin eftir að frost fór úr jörðu í maí og þau send til útlanda til greiningar. Tekin voru 50 sýni úti um allt land, 27 í nágrenni sorpbrennsla bæði

starfandi og aflagðra, tíu í nágrenni iðnfyrirtækja, fjögur sýni úr jarð- vegi í brennustæðum og níu við- miðunarsýni. Einnig var tekið sýni úr sjávarseti í Skutulsfirði, nálægt Funa, og úr sjávarseti í Álftafirði til viðmiðunar.

## Tína ber áhyggjulaust

Umhverfisstofnun birti niðurstöður mælinganna í gær. Í greinargerð stofnunarinnar kemur fram að þegar á heildina er lítið sé niðurstæðan sú að díoxín í jarðvegi er í öllum tilvikum undir þeim mörkum sem kalla á takmarkanir á nýtingu, hreinsun jarðvegs eða geta skapað hættu fyrir almenn- ing og lífríki. „Almenningur þarf ekki að hafa áhyggjur af því að rækta í jarðvegi, tína ber eða nýta aðrar náttúru- afurðir,“ segir í skýrslunni, sem ber þess vitni hversu alvarlega er lítið á mengun af þessu tagi. Er þá rétt að hnykkja á þeirri staðreynd að díoxín er eitt eitradasta efni sem finnst í náttúrunni.

## Umhverfismörk

Við mat á niðurstöðum úr mælingum á díoxíni í jarðvegi studdist Umhverfisstofnun við þýsk umhverfismörk, en ekki eru til umhverfismörk í íslenskum reglugerðum. Lægstu mörk eru við 5 píkógrömm (sjá skýringarmynd) en það var magn díoxíns sem mældist við Holtahverfi á Ísafirði 1,6 kílómetra frá Funa. Þegar díoxín mældist á bilinu 5-40 píkógrömm er brugðist við með því að finna uppsprettu losunarinnar og takmarka losun frá henni en ekki er talin þörf á að takmarka nýtingu eða skipta um jarðveg. Mældist díoxín yfir 40 píkógrömmum er ráðlagt að forðast ræktun berja, grænmetis og plantna auk þess að takmarka húsdýrahald. Ef díoxín mældist yfir 100 píkógrömmum þarf að hreinsa eða skipta um jarðveg á leiksvæðum barna.

## Díoxín og Funi

Augu allra sem að þessu máli hafa komið hafa hvílt á sorpbrennslunum og íbúum og umhverfi í næsta nágrenni. Hæsti styrkur díoxíns

í rannsókn Umhverfisstofnunar mældist í sjávarseti í Skutulsfirði, í botni fjarðarinnar skammt frá sorpbrennslunni Funa eða 33 píkógrömm (sjá skilgreiningu til hliðar). Ekki eru til sérstök mörk fyrir díoxín í seti, en að óbreyttu leggur Umhverfisstofnun ekki til að gripið verði til aðgerða því mengunarvaldurinn, sorpbrennslan Funi, er hætt rekstri. Í fjórum jarðvegssýnum af nýu í nágrenni við Funa mældist styrkur díoxína rétt við lægstu aðgerðarmörk sem eru fimm píkógrömm.

Fyrirsögn þessarar fréttaskýringar vísar til þess að þrátt fyrir að niðurstöður mælinganna séu öllum gleðifréttir þá snertir málið fólk sem hefur misst mikið. Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal, þurfti að skera allan sinn búpening; 20 nautgripi og 80 fjár. Heima hjá honum hófst málið og þó viss niðurstæða hafi fengist með jarðvegssýnatökunni þá vekur eftirfarandi málsgrein úr greinargerð Umhverfisstofnunar athygli þar sem rætt er um mengun frá Funa: „Þar sem styrkur díoxína var mældur í jarðvegi undir slegnu túni og borinn saman við styrk í jarðvegi í afgirtum reit við hliðina, kemur í ljós að magn díoxína í jarðvegi undir túnum er mun lægra. Ákomin mengun frá sorpbrennslu hefur verið fjarlægð með heyinu og má áætla að díoxínmengun sem mældist í heysýnum skýri að hluta lægri styrk í jarðvegi. Einnig gæti hluti skýringa á því hvers vegna lágur styrkur mældist

í sumum sýnum í jarðveginum í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar, legið í því að þau hafi verið beitt.“


Með öðrum orðum: búpeningurinn át eitrið í beit eða í fódri svo það mældist ekki í jarðvegi. „Hver heldur þú að hafi étið skepnurnar?“ spyr Steingrímur í Efri-Engidal en díoxín í blóði hans var 60 prósentum hærra en í viðmiðunarrópi sóttvarnalæknis í heilsufarsrannsókn hans.

## Eyjar og Klaustur

Í nágrenni við sorpbrennsluna í

## Niðurstöður díoxín-mælinga í jarðvegi 2011

Píkógramm (pg/g) er einn billjónasti úr gramm. Lágmarkið er til vitnis um hversu alvarlegum augum díoxínmengun er litið. 1 pg/g jafngilda því að 1 milligramm mældist í hverjum 1.000 tonnum af jarðvegi (þurrvigt).



Dags: 4/7/2011 - Kortagerð: KG

**Skýringar**  
 ■ Þéttbýli  
 — Vegakerfi  
 Díoxín I-TEQ (LOQ)  
 ● < 5 pg/g  
 ● 5-40 pg/g

UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum mældist díoxín yfir lægstu aðgerðarmörkum, eða 24,5 píkógrömm hæst. Díoxín í jarðvegi í nágrenni við sorpbrennsluna á Kirkjubæjarklaustri og á Svínafelli í Öræfum mældist hins vegar langt undir mörkum.

## Stóriðja

Ekkert af sýnum sem tekin voru

í nágrenni við stóriðju reyndist vera með gildi yfir mörkum. Í einu sýni, úr Hnifsdal í nágrenni við aflagða sorpbrennslu á Skarfaskeri, var styrkur díoxíns yfir lægstu aðgerðarmörkum (5 píkógrömm) en að mati Umhverfisstofnunar er ekki þörf á aðgerðum í ljósi þess að sorpbrennsla fer ekki lengur fram í nágrenninu.

Bóndinn í Efri-Engidal óttast enn um framtíð sína:

## „Ég og skepnurnar átum þetta eitur“

Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal í Skutulsfirði, tekur niðurstöðum jarðvegsmælinga Umhverfisstofnunar með fyrirvara. Hann sér ekkert jákvætt við málið. Það eigi ekki síst við um þá niðurstöðu að díoxín finnst ekki í eins miklu magni í jarðvegi á hans landi eins og var óttast. Ástæðan er einföld, og Steingrímur vitnar í greinargerðina, eða að lítið díoxín í jarðvegi megi rekja til þess að skepnurnar hans átu það í beit eða með fódri sem þeim var gefið, áður en það náði að setjast í svörönn. Steingrímur missti allan sinn búpening vegna díoxínmengunar sem í skepnunum mældist. Voru það 20 nautgripir og 80 fjár.

„Það má vera að þetta sé jákvætt, en það sem ég les út úr þessu er að ég hreinsaði mengunina upp jafn óðum. Þar sem var slegið og bitið er hreinna en landið í kring. Þetta kom því ekki í veg fyrir að ég og dýrin mín menguð- umst. Díoxín mældist 60 prósent yfir mörkum í mér og piltinum í stöðinni [starfsmaður sorpbrennslunnar Funa],“ segir Steingrímur. „Eftir að hafa kynnt mér hvernig þessi sýni voru tekin er svolítið vantraust í mér. En þetta eru sérfræðingarnir svo kannski á ég ekki að rengja þá.“



STEINGRÍMUR JÓNSSON

Bóndinn bætir því við að í raun sé eina sýnataka sem skipti hann máli hafi verið blóð og mjólkur- sýni úr dóttur hans sem sýndi mun lægri tölur en hjá honum sjálfum. Hún var með barn á brjosti þegar hún bjó í foreldrahúsum.

Þegar Steingrímur er spurður hvort hann hyggi á búskap á jörðinni í framtíðinni segir hann allt of snemmt að svara nokkru um það. Hans réttindamál séu óljós og milljóna fjárfesting að koma sér upp bústofni að nýju.

**Svarar Hávarðsson**  
 svarar@frettabladid.is



**THULE**  
 SWEDEN

**AFMÆLISTILBOÐ  
 TAKMARKAÐ MAGN**

# Hjólafestingar



VERÐ ÁÐUR

13.995

TILBOÐ

11.400

ÞÚ SPARAR

2.595

Sjá nánar á: [stilling.is/hjolafestingar](http://stilling.is/hjolafestingar)

Stilling hf. | Sími 520 8000  
[www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

**Stilling**

# nettó

Kræsingar & kostakjör

NAUTAINNRALÆRI  
FERSKT



**44%**  
afsláttur

**1.998** kr/kg

áður 3.549 kr/kg

## GRILL OG GOTTERÍ

KALKÚNA-  
GRILLSNEIÐAR



**35%**  
afsláttur

**1.169** kr/kg

áður 1.798 kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR  
NETTÓ



**2.295** kr/kg

Líttu á verðið!

KJÚKLINGAVÆNGIR  
NETTÓ



**20%**  
afsláttur

**279** kr/kg

áður 349 kr/kg

PYLSUR  
10 STK.



**20%**  
afsláttur

**295** kr/pk.

áður 369 kr/pk.



LAMBASIRLOINSNEIÐAR  
KRYDDAÐAR



**1.499** kr/kg

áður 1.698 kr/kg



NEKTARÍNUR  
750 G ASKJA



**50%**  
afsláttur

**189** kr/pk.

áður 378 kr/pk.

SKÚFFUKAKA  
ODÝRT FYRIR HEIMILIÐ



**30%**  
afsláttur

**349** kr/stk.

áður 499 kr/stk.

RISAAMÁKÖKUR  
BAKAÐ Á STAÐNUM\*  
MJÓLKUR- EÐA DÖKKT SÚKKULAÐI



**50%**  
afsláttur

**99** kr/stk.

áður 198 kr/stk.

GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI\*

Skráðu þig á póstlistann á [www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 7.-10. júlí

eða meðan birgðir endast

## GÓÐ HÚSRÁÐ Hakk í frysti

Hakkpönnukakan þiðnar hraðar

Stundum getur verið gott að eiga hakk í frysti til að taka út með stuttum fyrirvara. Til að stytta þiðnunartíma hakksins svo um munar er best að taka hakkið úr upprunalegu umbúðunum áður en það er sett í frysti og setja í lofttæmanlegan poka. Fletjið svo út hakkið í pokanum í kringlotta pönnuköku, lokið og lofttæmið. Hakkið mun þannig þurfa margfalt styttri tíma til að þiðna.



## ■ Grænmeti

### Kartöflur blandaðar húsdýraáburði



Slagorðið á kartöflupokum Grænmetisþökkunar Suðurlands gefur það í skyn að innihaldið sé blandað húsdýraáburði. „Ræktaðar í hreinni mold – Blandaðar húsdýraáburði,“ segir á pokanum.

Karl Ólafsson, eigandi Grænmetisþökkunar Suðurlands, segist aldrei hafa leitt hugann að því að þessi misskilningur gæti átt sér stað. Vissulega sé það moldin sem sé blönduð húsdýraáburði, ekki kartöflurnar sjálfar.

„Þetta er búið að vera svona í ellefu ár. Ég hef aldrei fengið ábendingu áður um að þetta gæti misskilist á þennan veg,“ segir Karl og bendir á að lengi hafi legið fyrir að breyta þakningunum, en það verði gert í næsta mánuði. „Það er mælt til þess að breyta umbúðum á um það bil sjö ára fresti, þannig að það er kominn tími til,“ segir Karl. „Með nýju uppskerunni í haust koma nýjar umbúðir.“

## ■ Áfengi

### Freyðivínið verður vinsælla

Freyðivín er nú orðið vinsælla en áður og jókst salan á því um ellefu prósent á fyrstu sex mánuðum ársins, sé miðað við sama tíma í fyrra.

Þá er einnig keypt meira af áfengum gosdrykkjum nú en áður. Salan á þeim jókst um rúm ný prósent á milli ára, en töluverður samdráttur hafði verið í þeim sölu-flokki undanfarin ár.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir vöruúrval meira en áður og því meiri breidd í verðum. Þó hafi sala áfengis í lítrum talið dregist saman um tæp þrjú prósent á milli ára, og þar geti veðrið átt þátt í máli. Nánast enginn munur er þó á söluinni í júní, en hafa ber í huga að hvítasunnan var í júní í ár en í maí í fyrra.

Mínna hefur selst af bjór, ókrydduðu brennivíni og vodka í verslunum ÁTVR það sem af er ári en á síðasta ári.



# Okur í símbjónustu erlendis liðin tíð

ESB hefur þrengt reglur um þak á gjöldum vegna símtala erlendis. Þá verða að öllum líkindum settar reglur um hámarksverð vegna netvafurs og annarrar gagnabjónustu í sínum erlendis. Reglurnar gilda þó einungis á EES-svæðinu.

Notkun farsíma í löndum Evrópu verður ódýrari í kjölfar þrengingar á reglum ESB um þak á gjöldum vegna símtala erlendis. Verð vegna vafurs á netinu og annarrar gagnabjónustu í síma eða spjaldtölvu gæti einnig lækkað verði nýjar tillögur frá ESB samþykktar.

Þann 1. júlí síðastliðinn lækkaði hámarksverð fyrir reikisímtal sem hringt er innan Evrópu úr 0,39 evrum í 0,35 evrum, en það jafngildir lækkingu úr um 65 krónum í um 58 krónur á mínútu. Þá var hámarksgjald fyrir að taka á móti reikisímtali lækkað úr 0,15 evrum í 0,11 evrum, eða úr um 25 krónum í um 18 krónur á mínútu.

Ísland er á grundvelli EES-samningsins aðili að regluverki ESB um fjarskipti en það er framkvæmdastjórn ESB sem setur þessar reglur.



HRAFNKELL V. GÍSLASON

„Fæstir neytendur eru að velja því fyrir sér þegar símafyrirtæki er valið hvað besta verðið á símtölum til og frá Evrópu, eða þess vegna Taílandi, er. Þess vegna setti ESB fyrir mörgum árum reglur um hámarksverð vegna talsímaþjónustu og nú á að gera slíkt hið sama vegna gagnabjónustu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Hrafnkell segir okurverðlagningu á reikiþjónustu alþjóðlegt vandamál. Reglur ESB hafi þó stuðlað að því að verð fyrir slíka þjónustu í Evrópu sé mun lægra en til dæmis í Bandaríkjunum.

„Það sem ESB gengur til pólitískt er að þegnar sambandsins geti hegðað sér í öðru heimsóttu sambandsríki eins og þeir væru heima hjá sér. Við það hefur náðst mikill árangur og við höfum notið þess líka í gegnum EES-samninginn,“ segir Hrafnkell að lokum.

Nú þegar er 50 evru, eða um 8.300 króna, kostnaðarþak til staðar vegna símotkunar erlendis. Kostnaðarþakið gildir um sms- og mms-skilaboð og einnig um netnotkun erlendis.

Verði nýju reglurnar að veruleika verður hámarksgjald fyrir hvert megabæti gagna sem við-



SNJALLSÍMI Gagnaflutningar í snjallsíma meðan dvalið er erlendis verða ódýrari verði tillögur ESB um hámarksverð að veruleika.

Það sem ESB gengur til pólitískt er að þegnar sambandsins geti hegðað sér í öðru heimsóttu sambandsríki eins og þeir væru heima hjá sér.

HRAFNKELL V. GÍSLASON  
FORSTJÓRI PFS

skiptavinur sækir 0,90 evrum, eða um 150 krónur, frá og með júlí á næsta ári. Hugmyndin er síðan að hámarksgjaldið lækki í 0,70 evrum árið 2013 og loks 0,50 evrum 2014. Í lok júní 2016 er svo gert ráð fyrir að reglurnar falli úr gildi.

Um neytendaverndarreglur frá ESB gildir að reglurnar eru settar og samræmdar af hálfu ESB en hvert ríki fyrir sig á EES-svæðinu ræður viðurlögunum við brotum í sínu ríki. [magnusl@frettbladid.is](mailto:magnusl@frettbladid.is)

NEYTANDINN: FINNBOGI HERMANNSSON, RITHÖFUNDUR.

## Bíður eftir að Bensinn verði að fornbíl

Finnbogi Hermannsson, rithöfundur og fyrrverandi útvarpsfréttamaður, sat í gamla Bensinum sínum í Hnífsdal þegar Fréttablaðið hafði samband við hann og innti eftir bestu og verstu kaupum. Það fór vel á því vegna þess að Bensinn kemur þar nokkuð við sögu. En við byrjum á verstu kaupnum.

„Pau gerði ég áður en ég fór í Þórsmerkurferð árið 1964,“ segir hann. „Ég drakk nú ekkert þarna en annars var þetta ægilegt fylleri, ég man eftir spýjunum út um allt en hvað um það, ég keypti asíska klossa fyrir þessa ferð en svo kom upp úr dúrnunum að þeir voru gerðir úr pappa þannig að þeir gáfust nú ekki vel og voru allir eftir þessa ferð. Eins gott að ég steig ekki í neina spýju.“

Það hýrnar heldur yfir Finnoga þegar hann er inntur eftir bestu kaupnum. „Ég sit nú bara í bestu kaupnum mínum, það er þessi sex sílindra Bens sem ég sit nú í. Hann er tuttugu og tveggja ára gamall og hefur aldrei slegið feilpúst. Ég keypti hann óséðan af manni frá Selfossi og sá hann fyrst er ég fór til Reykjavíkur á árhátið RÚV, þá kom bróðir minn á bílnum til að taka á móti mér á flugvælinum.“

Ég sá strax að ég hafði ekki keypt köttinn í sekknum. Reyndar tók ég af honum númerið fyrir nokkru, þó það hafi ekki keypt sársaukalaus en það er of dýrt að vera með þrjú skráða bíla á heimilinu. Nú bíð ég bara eftir því að hann verði 25 ára en þá verður hann kominn í flokk fornbíla.“



## Ávaxta smoothie

Hver ferna inniheldur allt að þrjú heila ávexti. Allar vörur frá Nestlé barnamat eru án viðbættis sykurs, rotvarnarefna eða annarra aukaefna.

100% náttúrulegt  
100% ávextir  
C vítamín

Holl og góð millimáttíð hvar og hvenær sem er!



# ÚTSALA



**GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR  
250-3000 KR.**

*það gerist varla betra...*

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

# iPad 2 3G- full

Ný sending



**í Bílinn**  
Festing fyrir iPad í bílinn  
Verð: **6.990.- kr.**



**Bílhleðslutæki**  
iPhone/iPod/iPad  
Verð: **4.990.- kr.**



**iPad Smart Cover**  
Miklu meira en bara hulstur  
Verð frá: **7.990.- kr.**



**Teknical Sleeve f. iPad 2**  
iPad hlíf  
Verð: **8.990.- kr.**

# kominn ferðafélagi



**Angry Birds**  
iPad hlíf  
Verð: **8.990.- kr.**



**Griffin Stylus penni**  
iPad/iPhone  
Verð: **2.990.- kr.**



**iPad Keypad**  
Lyklaborð með standi fyrir iPad  
Verð: **11.990.- kr.**



**iPal ferðahátalari / útvarp**  
iPhone/iPod/iPad  
Verð: **39.990.- kr.**

**epli.is**

Vefverslun  
[www.epli.is](http://www.epli.is)  
sendum frítt á land allt

**67,6 PRÓSENT ER FJÖLGUN** Þinglýstra kaupsamninga á fasteignamarkaði á höfuðborgar-  
svæðinu í síðasta mánuði miðað við júní í fyrra. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var  
28,5 milljónir króna samanborið við 26,2 milljónir króna í fyrra.

Fjárfestar horfa ekki á lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs:

## Brugðust seint og illa við kreppunni

Alþjóðlegu matsfyrirtækin brugðust seint við þegar halla tók undan fæti í efnahagslífinu hér haustið 2008. Eins hafa þau vanmetið styrk efnahagslífsins nú eftir kreppuna.

Moody's hélt lánshæfiseinkunnum Íslands í flokknum Aaa þar til fimm mánuðum fyrir hrun bankanna og er eina fyrirtækið sem hefur fært lánshæfi ríkissjóðs í ruslflokk. Lánshæfið er einu haki ofar að mati fyrirtækjanna Fitch og Standard & Poor's.

Bloomberg-fréttaveitan greindi frá því í gær að alþjóðlegir fjárfestar séu ekki sammála lánshæfiseinkunnum matsfyrir-

tækjanna og bendir á að eftirspurn eftir ríkisskuldabréfum í Bandaríkjadöllum í vor hafi verið tvöfalt meiri en framboðið.

Paul Rawkins, sérfræðingur Fitch, segir í samtali við Bloomberg óvissu í efnahagslífinu. Dragi úr henni geti verið að lánshæfiseinkunnir batni.

Valdimar Ármann, hagfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu GAMMA, bendir hins vegar á að skuldabréfaútbóðið hafi gengið vel. Ljóst sé að alþjóðlegir fjárfestar horfi ekki aðeins á lánshæfisorfur matsfyrirtækjanna heldur meti fjárfestingarkosti eftir eigin gögnum.

- jeb



EIN AF LESTUM ÞÝSKU JÁRNBRAUTANNA Vöruflutningamiðlunarrisinn DB Schenker sér tækifæri hér á landi þrátt fyrir samkeppni frá flutningarismum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HÖNDLAÐ MEÐ HLUTABRÉF Að viðbættu árgjaldi greiða skráð fyrirtæki gjald sem miðast við markaðsverðmæti þeirra hverju sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árgjald Kauphallarinnar lægra hér en í Skandinavíu:

## Verðmunurinn getur orðið allt að sexfaldur

Árgjöld sem fyrirtæki á Aðalmarkaði greiða Kauphöllinni eru einungis þriðjungur til helmingur af því sem tíðkast í kauphöllum í hinum Norðurlandarríkjum. Munurinn getur orðið allt að sexfaldur fyrir fyrirtæki á First North-markaðnum. Allt fer þetta eftir stærð fyrirtækjanna, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni.

Í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, sagði í gær að á meðal þess sem tefji fyrir nýskráningum fyrirtækja á hlutabréfamarkað hér sé hár kostnaður miðað við kauphallir annars staðar á Norðurlöndunum.

Því henti betur stærri fyrirtækjum að leita á hlutabréfamarkað en litlum.

Kauphöllin vísar þessu á bug og bendir á að hér sé kostnaðurinn hvað lægstur á meðal norrænu kauphallanna.

Miðað við verðskrá greiðir fyrirtæki sem skráð er á Aðalmarkaði 825 þúsund krónur á ári auk breytilegs gjalds sem miðast við markaðsverðmæti viðkomandi fyrirtækis.

Árgjald fyrirtækja á First North-markaðnum er meira en helmingi lægra, 375 þúsund krónur. Við það bætist sami breytilegi kostnaður og á Aðalmarkaði. -jeb

## Þjóðverjar stofna fyrirtæki á Íslandi

Þýski flutningarismann DB Schenker ætlar bráðlega að hefja hér vöruflutningamiðlun á láði og legi í samkeppni við dótturfyrirtæki Eimskips og Samskipa. Skrifstofan hér mun sjá um flutninga með ferskt sjávarfang um allan heim.

### DB Schenker í hnotskurn

Hjá DB Schenker starfa í kringum níutíu þúsund manns í rúmlega 130 löndum.

Valdimar Óskarsson, framkvæmdastjóri DB Schenker hér á landi, rak fyrirtækið Temp Logistics og tók að sér ráðgjafastörf fyrir þýska fyrirtækið um nokkurra mánaða skeið. DB Schenker keypti fyrirtæki Valdimars og tók við viðskiptavinum hans.

Helgi Ingólfsson vinnur á skrifstofu DB Schenker í Gautaborg í Svíþjóð. Fleiri Íslendingar vinna hjá fyrirtækinu, svo sem í Hollandi, Þýskalandi og í Síngapúr.

„Við erum ekkert að flýta okkur, ætlum að ná um tíu prósent hlutdeild á markaðnum.“

HELGI INGÓLFSSON  
FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ DB SCHENKER

Ekki liggur fyrir hvenær flutningar á vegum fyrirtækisins hefjast hér bæði á lofti sem láði en búist er við að það gerist fljótlega. Helstu samkeppnisaðilar fyrirtækisins eru TVG Zimsen, dótturfyrir-

tæki Eimskips, og Jónar Transport, fyrirtæki Samskipa. Miðlun DB Schenker felst í því að fyrirtækið finni hagstæðasta flutningskostinn hverju sinni hvort heldur er á lofti eða láði. Í einstaka tilvikum leigir fyrirtækið flugvélar fyrir flutningana. Þá hefur fyrirtækið tekið að sér sérstaka flutninga, svo sem fyrir verktaka víða um heim.

„Við erum ekkert að flýta okkur, ætlum að ná um tíu prósent hlutdeild á markaðnum hér innan tveggja til þriggja ára,“ segir Helgi. jonab@frettabladid.is

Ég er góður í skyndiákvörðunum  
..verð bara að hafa nægan tíma!



# 30% afsláttur af útihúsgögnum



Borð 196.000,- Nú 137.200,-  
Armstóll 29.900,- Nú 20.930,-



Sófi 118.700,- Nú 83.090,-



Stóll 67.500,- Nú 47.250,-



Sólbekkur  
79.900,- Nú 55.930,-



Sófaborð  
58.900,- Nú 41.230,-

Hliðarborð  
39.900,- Nú 27.930,-



Borð 149.000,- Nú 104.300,-



Sófaborð  
28.900,- Nú 20.230,-

Hliðarborð  
19.700,- Nú 13.790,-



Sófi 85.300,- Nú 59.710,-

20% STGR.AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM  
HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568-4242  
www.heimahusid.is  
Opíð virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA  
HÚSIÐ  
mood lifum  
GALLERY GÓLF  
PARKET-FLISAR

Gömul Framsóknarhugmynd kemur formanni Framsóknarflokksins í opna skjöldu:

## Ógagnleg upphlaup

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur farið fram á skyndifund í utanríkismálanefnd Alþingis til að ræða ummæli Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við upphaf formlegra aðildarviðræðna við Evrópusambandið í Brussel. Össur sagðist þar ekki telja að Ísland þyrfti undanþágur frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Þetta telur Sigmundur Davíð ekki samrýmast samningsviðmiðum um sjávarútvegsfél í áliti meirihluta utanríkismálanefndar um aðildarumsókn Íslands.

### SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Þarna er formaður Framsóknarflokksins kominn í mót-sögn við sjálfan sig, vegna þess að í eigin minnihlutaáliti um aðildarumsóknina gagnrýndi hann harðlega að engin skýr samningsskiyrði væru í meirihlutaálitinu og engar ófrávikjanlegar kröfur.

Enda er í áliti meirihlutans ekkert talað um undanþágur frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, heldur um þau markmið í sjávarútvegsáttum sem þurfi að leitast við að uppfylla með aðildarsamningi, þar á meðal forræði Íslendinga á stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu sem byggð sé á ráðgjöf íslenskra vísindamanna.

Það er ekkert nýtt að utanríkisráðherrann tali eins og hann gerði í Brussel. Rétt eins og meirihluti utanríkismálanefndar hefur hann lagt áherzlu á sérlausnir í samningum við ESB fremur en undanþágur frá sáttmálum þess og vísað þar til fordæmisins um heimskautalandbúnað, sem var sérlausn innan gildandi stefnu ESB, smíðuð með tilliti til hagsmuna norðlægra aðildarríkja.

Í ræðu á ríkjaráðstefnu Íslands og ESB í Brussel í júlí í fyrra, þegar ákveðið var að hefja aðildarviðræður, undirstrikaði Össur þannig sérstöðu Íslands, sem fælist í staðbundnum fiskistofnum og að efnahagslögsagan lægi hvergi að lögsögu núverandi ESB-ríkja. Forræði Íslands á eigin fiskveiðum mætti tryggja með því að skilgreina íslensk lögsöguna sem sérstakt fiskveiðistjórnarsvæði þar sem íslensk stjórnvöld bæru áfram ábyrgð á stjórn fiskveiða. Sama afstaða kom fram í skriflegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við sama tækifæri og þar var ekkert talað um undanþágur.

Hugmyndin um að búa þannig um hnúta að Íslendingar geti sætt sig við sjávarútvegsstefnu ESB með því að gera lögsöguna að sérstöku fiskveiðistjórnarsvæði er reyndar ekki ný af nálinni. Hún var fyrst sett fram í ræðu þáverandi utanríkisráðherra Íslands í Berlín 14. marz 2002. Sá ráðherra hét Halldór Ásgrímsson og var formaður Framsóknarflokksins.

Tilefnislaus og ómálefnaleg upphlaup á borð við það sem Sigmundur Davíð stendur nú fyrir verða áreiðanlega fleiri í aðildarviðræðunum sem í hönd fara. Þau munu ekki verða til þess að staða Íslands verði sterkari og að við náum betri samningi við Evrópusambandið, því að sennilega verða þau flest eins og þetta; til þeirra efnt af fólki sem í raun vill engar viðræður og engan samning sem þjóðin getur tekið afstöðu til.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Góð yfirlýsing

Páll Reynisson byssusafnari sendi frá sér óvenjulega hreinskilna og bljúga yfirlýsingu í gær vegna fréttatvöngs af handtöku hans á Stokkseyri um líðna helgi. Í stað hortugheita brást hann skynsamlega við: Ég gerði mistök og ætla í meðferð, var inntakið. Fjölmíðlar hafa síðustu tvö og hálf ár sagt nokkuð margar fréttir af handtökum kunnra manna. Yfirlýsingarnar sem stundum hafa fylgt í kjölfarið hafa verið á einn veg: Þetta er misskilningur.

að harma fjölmíðlasirkus embættis lögreglunnar á Selfossi, skothríð hans á almannaþæri hefði verið slitin úr samhengi og að hann hygðist vinna með lögreglunni að því að upplýsa málið. Hann myndi segja af sér sem forstöðumaður Veiðisafnsins, ekki vegna þess að hann hefði ekki lengur byssuleyfi heldur til að skapa frið um starfseminna. En það hefði ekki verið trúverðugt.

flugvöll í Vatnsmyri. Gott og vel, það er skoðun margra. Ögmundur rökstyður hana hins vegar á nýstárlegan hátt í viðtali við Morgunblaðið: „Þetta [flugvöllur á Hólmsheiði] er galin hugmynd sem var á teikniborðinu á meðan peningarnir fengu að ráða,” segir hann. Látum vera að þessi galna auðhyggjuhugdaga sé meðal annars komin frá núverandi samherjum hans í þingflokki VG. Það hefur nefnilega verið reiknað út að það kosti Reykvíkinga fjóra milljarða á ári að stækka borgina í austurátt frekar en að þetta hana með byggð í Vatnsmyri. Að mati Ögmundar eru þeir aurasálar sem vilja komast hjá því. stigur@frettabladid.is

#### Vond yfirlýsing

Til að fylgja fordæminu hefði Páll þurft

#### Reykvísku aurasálarinnar

Ögmundur Jónasson vill hafa



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## NJÓTTU SUMARSINS

### TILBOÐSDAGAR

**ÆGIR TJALDVAGN**  
með forjaldi  
**1.279.000.**  
\*Afsláttur -200.000.  
**Verð kr. 1.079.000.**

**PALOMINO COLT**  
með forjaldi  
**2.559.000.**  
\*Afsláttur -369.000.  
**Verð kr. 2.190.000.**

**KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP**

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

## Hefurðu kíkt á reiknivélina?

### Neytenda-mál



Guðmann Bragi Birgisson  
sérfræðingur hjá Póst- og fjarskiptastofnun

Fjarskiptamarkaðurinn og sérstaklega farsímamarkaðurinn er á töluvert mikilli hreyfingu þar sem nýjar áskriftir koma fram oft á ári og verð áskriftarleiða og mínútuverð taka örur breytingum. Þetta gerir markaðinn ógegnisæjan og neytendur sem vilja fylgjast með því hvaða þjónustuleið er ódýrust og hentar best fyrir þá hafa þurft að hafa talsvert fyrir því að afla sér upplýsinga til að bera saman verð á þessum markaði. Auk stöðugra breytinga á þjónustuleiðum bætast fyrirtæki við og á síðustu mánuðum hafa ný fyrirtæki komið inn á markað netþjónustu, heimasíma og farsíma.

Reiknivél PFS (www.reiknivél.is) sem opnuð var á síðasta ári gjörbreytti aðstöðu neytenda til að fylgjast með og bera saman verð á fjarskiptabjónustu. Reiknivélin er vefur á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar sem reiknar út verð fyrir þrjár algengustu tegundir fjarskiptabjónustu; heimasíma, farsíma og ADSL-nettengingar, út frá forsendum sem notandi velur í hvert sinn sem reiknað er.

Reiknivélin tekur ekki tillit til persónubundinna sérkjara svo sem vanaafsláttar, né heldur pakkaafsláttar, heldur er gengið út frá uppgöngu einingaverði á hverri tegund þjónustu. Ástæða þess að ekki er tekið

tillit til pakkaafsláttar í reiknivélinni er að samsetning pakka er mjög fjölbætt og illa samanburðarhæf. Neytendur sem eru að huga að því hvað hentar þeim best ættu því að skoða notkun sína á einstökum þáttum fjarskiptabjónustu, t.d. hversu mikil heimasímanotkunin er, hve mikil og hvernig farsímanotkunin er og hversu mikið gagnamagn er raunverulega verið að nota. Síðan má nota reiknivélina til að reikna út hagkvæmasta verð á hverjum þætti fyrir sig. Algengt er t.d. að fólk kaupi þjónustuleið fyrir ADSL-nettengingu með inniföldu gagnamagni sem er ýmist of mikið eða of lítið fyrir hina raunverulegu notkun heimilisins.

Neytendur eru hvattir til að skoða reikninga sína fyrir fjarskiptabjónustu og kynna sér hvernig hin raunverulega notkun þeirra er og hvort sú áskriftarleið sem verið er að nota sé sú sem er hagkvæmust. Í þessu sambandi skal þó tekið fram að ekki er hægt að nota Reiknivél PFS til að sannreyna einstaka símareikninga. Til þess eru of margir þættir í þjónustu og notkun persónubundnir einstökum notendum.

Ég hvet íslenska neytendur til að kynna sér það góða verkfæri sem Reiknivél PFS er og nota það sér til hagsbóta þegar hugað er að vali á fjarskiptabjónustu.

# Rökin fyrir fækkun þingmanna



**Í DAG**  
**Porvaldur Gylfason**  
Prófessor

annars til að jafna vægi atkvæða milli þingflokka. Ólafur Jóhannesson, síðar forsætisráðherra, varaði í grein sinni í Helgafelli 1945 við þeirri skipan, að þingmenn ákveði sjálfir fjölda þingmanna, þar eð þingmenn hefðu augljósan hag af fjölgun í eigin röðum eins og kom á daginn.

## „Ríki í ríkinu“

Í ritgerðum sínum um stjórnarskrána í Helgafelli 1945 lögðu Gylfi Þ. Gíslason, síðar menntamálaráðherra, og Ólafur Jóhannesson til, að þingmönnum yrði fækkað í 33 (Gylfi) eða 40 (Ólafur) til að draga úr veldi stjórnmalaflokkanna og meðfylgjandi hættu á spillingu. Ólafur sagði: „... vald stjórnmalaflokkanna og ýmissa hagsmunasamtaka er orðið meira en góðu hófi gegnir. Í rauninni er þar orðið um að ræða mörg ríki í ríkinu, og þau svo völdug, að þau beygja ríkisvaldið og knésetja þjóðarheildina.“

Ég tel, að hægt sé að fækka alþingismönnum. Fjöldi þeirra nú er 63 og er bundinn í stjórnarskrá. Þannig standa rösklega fimm þúsund manns að baki hverjum alþingismanni að meðaltali. Til samanburðar standa 27 þúsund manns að baki hverjum þingmanni í Finnlandi og Svíþjóð, 29 þúsund í Noregi og 31 þúsund í Danmörku. Eistar hafa 13 þúsund manns að baki hverjum þingmanni. Í eyríkinu Barbados í Karíbahafi, þar sem búa 300 þúsund manns í samlyndu og sólríku lýðræðisríki, eru 30 þingmenn, einn á hverja tíu þúsund íbúa.

Ólafur Jóhannesson, síðar forsætisráðherra, varaði í grein sinni í Helgafelli 1945 við þeirri skipan, að þingmenn ákveði sjálfir fjölda þingmanna, þar eð þingmenn hefðu augljósan hag af fjölgun í eigin röðum eins og kom á daginn.

## Forsagan skiptir máli

Árið 1934 var alþingismönnum fjölgað í 49. Íslendingar voru þá 133 þúsund að tölu, svo að 2.300 manns stóðu þá að baki hverjum þingmanni. Þingmönnum var fjölgað í 52 árið 1942, 60 árið 1959 og 63 árið 1984. Fjölgunin studdist yfirleitt ekki við almenn rök, heldur virtist henni ætlað að svala eftirsókn stjórnmalaflokkanna eftir auknum fjölda þingsæta handa sínu fólki, meðal

## Rök gegn fækkun

Sumir telja ekki ráðlegt að fækka þingmönnum og beita þeim rökum, að ný stjórnarskrá þurfi að styrkja stöðu Alþingis gegn framkvæmdarvaldinu og til þess þurfi óbreyttan starfskraft innan þings.

## Rök fyrir fækkun

Aðrir telja eigi að síður tók á að

fækka þingmönnum, og það geri ég eins og ég lýsti strax fyrir kosningar til Stjórnlagabings. Rök mín fyrir fækkun eru þessi.

■ Stjórnlagaráð leggur til í samræmi við niðurstöðu þjóðfundar 2010, að ráðherrar sitji ekki á Alþingi. Séu ráðherrar tíu talsins eins og nú, er fjöldi starfandi þingmanna í reyndinni 53, ekki 63. Óbreyttur fjöldi starfandi þingmanna er því 53, ekki 63. Þess vegna mætti fækka þingmönnum úr 63 í 53 án þess að fækka vinnandi höndum við þingstörf.

■ Við bætist, að persónukjóri við hlið listakjörs til Alþingis er ætlað að draga úr getu flokkanna til að tryggja flokksmönnum „örugg“ sæti og bæta með því móti mannvalið á þingi. Þannig geta færri hendur unnið meira og betra starf á Alþingi. Fækkun þingmanna gæti lyft Alþingi og ásýnd þess með því að leiða af sér strangari kröfur kjósenda til fulltrúa sinna á Alþingi.

■ Fækkun þingmanna sparar fé. Lítið land þarf að finna rétt jafnvægi milli umfangsins á yfirbyggingu stjórnsýslunnar og eigin bolmagns.

■ Þá er þess að geta að endingu, að þjóðaratkvæðagreiðslum er ætlað aukid vægi samkvæmt tillögum Stjórnlagaráðs, og fækkar þá verkefnum Alþingis sem því nemur.

Þessi rök fyrir fækkun þingmanna vega þyngra í mínum huga en rökin fyrir óbreyttum fjölda, sem Alþingi ákvað á eigin forsendum. Höfleg fækkun þingmanna, úr 63 í til dæmis 53, samrýmist sterkari stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu í samræmi við kalli þjóðfundarins eftir skýrari valdmörkum og öflugra mótvægi ólíkra valþátta að því tilskildu, að persónukjör og ráðgerðar skipulagsumbætur efla Alþingi svo sem að er stefnt.

# Leikskólakennarar eru mikilvægir

**Menntamáli**  
**Anna Svanhildur Danielsdóttir**  
leikskólakennari



markmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið barnsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Á grundvelli markmiða laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið settir fram grunnþættir menntunar.



Mér er misboðið og lýsi því yfir að við getum ekki setið lengur og beðið. Við vitum um áhrif þess að fara í verkfall en einhverntíma er komið nóg og að mínu mati er sá tími núna.

Ég var 6 ára þegar ég ákvað að vera fóstara, eins og það var kallað þá. Það komst ekkert annað að hjá mér heldur en að hugsa um börn og vissi ég að þetta vildi ég vinna við þegar ég yrði stór. Eftir framhaldsskólann árið 1994 fór ég í Fósturskóla Íslands án þess að hafa nokkurn tíma unnið á leikskóla. Námið var skemmtilegt og krefjandi og útskrifaðist ég árið 1997 og var í síðasta hópnun fyrir B.Ed. en útskrifaðist samt sem leikskólakennari.

Strax að lokinni útskrift byrjaði ég að vinna í leikskóla í Hafnarfirði og hef unnið sem leikskólakennari í tveimur leikskólum í Hafnarfirði. Árið 2009 hafði ég hug á að fara í framhaldsnám í Kennaraháskólanum en þá kom það upp að þar sem ég útskrifaðist árið 1997 hafði ég ekki B.Ed gráðu og þurfti ég að bæta henni við mig áður en ég gat sótt um framhaldsnám. Ákvað ég því að fara í fjarnám með vinnu. Ég útskrifaðist með B.Ed gráðu vorið 2010 og sama haust hóf ég fjarnám aftur með vinnu en nú á meistarastigi, í náms- og kennslufræði með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna og útskrifaðist með viðbótardiplómu í því núna í júní. Þar með hef ég stundað nám í 5 ár og gerði ég þetta til að gera mig að betri leikskólakennara sem skilar sér í enn betri vinnu með börnunum. Ekki var þetta gert til þess að hækka laun mín þar sem að þetta skilar einungis hækkingu upp á tvo launaflokka, sem gerir um 7.700 króna hækkingu á mánaðarlaunum mínum.

búa framtíð landsins okkar, sem er auðvitað börnin okkar. Nú eru kjaraviðræður í fullum gangi hjá leikskólakennurum og er von mín sú að við fáum laun við hæfi, annars er hætta á að stéttin deyi út. Leikskólakennarar eru ekki vanir að láta mikið í sér heyr þegar kemur að kjaramálum eins og hægt er að skoða í sögu félagsins og má segja að umburðarlyndi okkar sé með ólíkindum þegar kemur að þeim málum. En hingað og ekki lengra, við getum ekki lengur látið sem ekkert sé. Í byrjun júní var kosning innan félagsins um verkfallsboðun félagsins og var hún samþykkt af miklum meirihluta félagsmanna.

Mér er misboðið og lýsi því yfir að við getum ekki setið lengur og beðið. Við vitum um áhrif þess að fara í verkfall en einhverntíma er komið nóg og að mínu mati er sá tími núna.

Dagur í lífi leikskólakennara er fjölbreyttur og skemmtilegur en einnig mjög krefjandi. Í 2.gr. Aðalnámskrá leikskóla (2011, bls. 21) kemur fram að megin-

# Spurningin er: af hverju?

**Hvalveiðar**  
**Robbie Marsland**  
yfirmaður IFAW í Bretlandi



Síðastliðin átta ár hefur Alþjóðadýraverndunarsjóðurinn (IFAW) á varfærinn hátt reynt að skapa umræðu um skynsemi hvalveiða við Ísland. Að undanförun hefur umræðan þó einkum beinst að stjórnendum Keflavíkurflugvallar og skynsemi í auglýsingabirtingum.

Í mars síðastliðnum höfðum við samband við ISAVIA og útskýrðum fyrir markaðsdeild þeirra hugmynd okkar að auglýsingum, í samstarfi við Hvalaskoðunarsamtök Íslands, sem snérist um það að hvetja erlenda ferðamenn til að borða ekki hvalkjöt.

Sala á hvalkjöti til erlendra ferðamanna virðist fara vaxandi. Þetta er undrunarefni því í skoðanakönnunum lýsir mikill meirihluti þeirra sig algjörlega andvígán hvalveiðum. Við teljum að ferðamennirnir standi í þeirri trú að það breyti engu að smakka hvalkjöt, á meðan á dvöl þeirra stendur.

Því settum við af stað þetta verkefni til að upplýsa ferðamenn um að hvalveiðar eru ekki hefðbundin atvinnugrein á Íslandi; 95% Íslendinga borða

ekki reglulega hvalkjöt (Gallup könnun, júní 2010) og að í hvert skipti sem einhver borðar hvalkjöt að þá er viðkomandi að stuðla að hvaladrápum.

ISAVIA sýndi auglýsingunum áhuga og fulltrúi þeirra lýsti ánægju sinni með titil átakins og inntak þess. Samningar voru undirritaðir, greiðslur inntar af hendi og auglýsingarnar settar upp í farangurssal flugstöðvarinnar 4. júní. Þann sama dag héldum við lítið hóf í tilefni átakins í Reykjavíkurhöfn mitt á milli hvalaskoðunarbáta og hvalveiðibáta Kristjáns Loftssonar. Ræðumenn í hófinu voru framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs, formaður hvalaskoðunarsamtaka Íslands og undirritaður.

Fyrir samtök eins og IFAW sem starfa á alþjóðavettvangi að ýmsum velferðarmálum dýra og umhverfisvernd hefur það hingað til ekki verið vandamál að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Sem dæmi má nefna að einmitt núna er IFAW með auglýsingaskilti á Schiphol-flugvelli í Amsterdam þar sem ferðamenn eru hvattir til að kaupa ekki minjagripni sem búnir eru til úr villtum dýrum og á flugvöllinum í Jersey erum við með fjölda augýsinga uppi um hvalavernd.

Það kom okkur því mjög á óvart að um það bil tveimur vikum eftir að auglýsingarnar voru settar upp í flugstöðinni í Keflavík hringdi framkvæmdastjóri ISAVIA og

tilkynnti okkur að honum líkaði ekki auglýsingarnar og að þeim yrði að breyta ellegar fjarlægja. Hrefnuveiðimaður hafði víst kvartað undan þeim.

Lögmenn okkar sendu bréf til ISAVIA og óskuðu skýringa á þessu áður en til hugsanlegra aðgerða kæmi af hálfu flugstöðvarinnar. Það bréf var hundað og auglýsingarnar teknar niður að okkur forspurðum 24. júní. Fimm dögum síðar barst okkur loks bréf frá lögmanni ISAVIA þar sem fram kom að félagið teldi sig ekki hafa samþykkt allan textann í auglýsingunum og að þær stríðu gegn ímynd flugstöðvarinnar. Um leið var því lýst yfir að fyrirtækið væri reiðubúið að endurgreiða okkur það sem við hefðum þegar greitt því.

Við erum þakklát fyrir það að ISAVIA skuli hafa séð sóma sinn í því að endurgreiða okkur vegna auglýsinganna sem fyrirtækið fjarlægði. Við erum einnig þakklát fyrir þann mikla velvilja sem við höfum fundið fyrir vegna þessa máls í íslensku samfélagi. Sú spurning stendur eftir hvers vegna okkur er meinað að vekja athygli á hvalaskoðun á Íslandi með auglýsingum og að hvetja erlenda ferðamenn, sem styðja í miklum meirihluta málstað okkar, til að borða annað en hvalkjöt?

Það er varla til mikils að ætlast að henni sé svarað.

## TIL LEIGU

# HÁRGREIÐSLUSTOFA

MEÐ BÚNAÐI, MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK.  
MJÖG HAGSTÆÐ KJÖR FYRIR RÉTTA AÐILA.  
GOTT TÆKIFÆRI FYRIR FAGFÓLK AÐ TAKA SAMAN  
HÖNDUM OG HEFJA EIGIN REKSTUR.

OPIÐ HÚS 18:00 - 20:00 Í DAG FIMMTUDAGINN 7. JÚLÍ



Vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið  
furugerdj3@gmail.com eða í síma 693-8310



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**

**FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS**



7 UP- EGILS MIX 2 LTR.  
**195 KR. 2 LTR**



**195 KR. 120g**  
MAARUD OSTAHRINGIR

**BÓNUS BRAUÐSALAT 195 KR.**



TÚNFISKSALAT - LAXA OG RÆKJUSALAT - HANGIKJÖTSSALAT 200G



**195 KR. 770g**  
MYLLU FJÖLKORNBRAUÐ 770g



**195 KR. 4 stk**  
BÓNUS NÝBAKAÐAR KRINGLUR



**205 KR. 300g**  
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA



**1049 KR. KG**  
GOUDAOSTUR 26%



**395 KR. PK**  
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g



**295 KR. 250g**  
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g



**YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.**



COKE LIGHT- ZERO  
**195 KR. 2 LTR**



FLORIDASAFI  
**195 KR. 1 LTR**



**29 KR. 85g**  
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g

**527 9000**

UPPLÝSINGA & ÞJÓNUSTUSÍMI

Þarftu að ná sambandi við Bónus?



**FERSKAR SAMLOKUR**  
TILBOÐ: FIMMTUDAG / FÖSTUDAG



**159 KR. STK**  
MEÐ TÚNFISKI EÐA RÆKJUM



**98 KR. 120g**



**98 KR. 150g**

**GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL**




**69 KR. STK**



**BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML**  
**159 KR. 3 FERNUR**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur



**FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNU**



**TÍU SS  
VÍNARPYLSUR  
579 KR.**

**SS VÍNARPYLSUR 10 STK. 560 GR. VERÐ: 579 KR. 30 ÞÚS. PAKKAR Í BÓÐI Á ÞESSU VERÐI**



**139 KR. 5 stk**  
BÓNUSS PYLSUÞBRAUÐ



**NAUTA Veisla**  
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR  
100% HREINT NAUTAKJÖT  
10x100 GRÖMM **1398 KR.**  
4x175 GRÖMM **998 KR.**

RISA HAMBORGARI



**139 KR. 4 stk**  
STÓR HAMBORGARBRAUÐ



**359 KR. 300ml**  
FABRIKKUSÓSAN



**598 KR. 4 stk**

NAUTAVEISLU: FJÓRIR 80 GRAMMA NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI



**995 KR.KG**  
BÓNUSS ÚRBEINADAR GRILL GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



**985 KR.KG**  
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



**1398 KR. KG**  
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR  
Grísalundin er u.þ.b. 500g / aðeins 700 kr. stk

**BLANDAÐ HAKK**



**595 KR.KG**  
KJÖRFUGL BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR



**998 KR.KG**  
FERSKT BLANDAÐ HAKK  
100% KJÖT - NAUTA & GRÍSAKJÖT



**HOLTA FULLELDAÐIR KJÚKLINGA VÆNGIR**  
**459 KR.**  
HEIL FATA 960g  
ÞARF AÐEINS AÐ HITA



**1995 KR.KG**  
KJÖRFUGL: FERSK KJÚKLINGABRINGA

**ALI GRÍSARIF FORELDAÐ!**



**ALI SPARERIBS 1159 KR.KG.**



**279 KR. 700g**  
ÞYKKVABÆJAR, FORELDAÐAR GRILLKARTÖLFUR 700g



**695 KR.KG**  
KJÖRFUGL, HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR

# SKÓAÐU PIG UPP FYRIR FERÐALAGIÐ



Íþróttaskór  
st. 36-46  
6.990,-

Waterland  
Gúmmískór  
st. 20-46  
verð frá  
2.299,-



Gönguskór  
st. 36-46  
6.999,-

Orisport

Ekta leður

Gönguskór  
st. 36-47  
14.999,-



Plastskór  
st. 36-41  
1.990,-



## HAGKAUP

Ein ferð betra verð

# Endurskipulagning heilbrigðisþjónustunnar

## Heilbrigðismál

Elsa B.  
Friðfinnsdóttir  
formaður  
Félags íslenskra  
hjúkrunarfræðinga



Undanfarnar vikur hefur mikið verið rætt og ritað um læknskort á Íslandi, afleiðingar hans og hvernig bregðast skuli við. Fram hefur komið að um 165 lækna vanti til starfa hér á landi að mati formanns Læknafélags Íslands. Læknunum á aldrinum 35-39 ára hefur fækkað úr 120 í 50 á síðustu þremur árum. Um þriðjungur íslenskra lækna starfar erlendis, en vert er að geta þess að kostnaður við menntun hvers læknana í Háskóla Íslands er yfir 10 milljónir króna. Erfiðlega hefur gengið að manna stöður lækna, sérstaklega í heilsugæslunni, á Sjúkrahúsinu á Akureyri og öðrum heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni.

## Hvað er til ráða?

Til að bregðast við læknskortinum hefur helst verið bent á að fjölga læknanemum, hækka laun lækna og bæta starfsaðstöðu þeirra. Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknir, hvetur þó til þess í nýlegu viðtali á [visir.is](http://visir.is) að menn hugsi sig „tvisvar um áður en við förum að mennta fleiri lækna til útflutnings.“ Sigurður telur að þess í stað þurfi hugsanlega að breyta uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar frá grunni. Hann segir orðrétt:

„Að tefla meira fram öðrum stéttum en læknunum í ýmiss konar verk sem núna eru fyrst og fremst á höndum lækna, til dæmis hjúkrunarfræðinga og fleiri, þetta er alþekkt í öðrum löndum, hjúkrunarfræðingar eru mun öflugri til dæmis í heilsu-

gæslu heldur en hér og ýmis störf inni á sjúkrahúsum eru í höndum hjúkrunarfræðinga sem er síður hér, þetta er eitthvað sem þarf að hugsa og beinir spjótunum ekkert síður að okkur sem sjáum um menntun heilbrigðisstétta.“

Þetta eru sannarlega orð í tíma töluð hjá yfirmanni menntunarmála heilbrigðisstétta hjá HÍ.

## Að nýta þekkingu hjúkrunarfræðinga

Grundvöllur þess að fagstéttir taki að sér ný og ábyrgðarmeiri verkefni innan heilbrigðisþjónustunnar er aukin menntun. Menntun hjúkrunarfræðinga hefur fleygt fram á síðustu áratugum. Síðustu 25 árin hefur hjúkrunarfræði eingöngu verið kennd í háskólum hér á landi, sem er einstakt í heiminum, en námið tekur fjögur ár. Yfir helmingur hjúkrunarfræðinga hefur auk þess formlega viðbótarmenntun, flestir tveggja ára meistaranám. Stór hluti hjúkrunarfræðinga hefur því lokið sex ára háskólanámi. Rúmlega 60 hjúkrunarfræðingar hafa sérfræðileify í sérgreinum hjúkrunar, skv. reglugerð um sérfræðileify í hjúkrun frá 2003. Þekking og færni hjúkrunarfræðinga er því mikil og mikilvægt að hún sé nýtt til hagsbóta fyrir skjólstæðingana.

Sigurður nefnir sérstaklega þá staðreynd að víðast annars staðar, þar sem grunnnámi hjúkrunarfræðinga er þó ekki jafnlangt og hér á landi, bera hjúkrunarfræðingar ábyrgð á mun viðameiri verkefnum í heilsugæslunni en hér tíðkast. Hjúkrunarfræðingar hafa víða sjálfstæða móttöku, sjá um slysamóttöku þegar um minni háttar slys er að ræða, sjá um eftirlit með einstaklingum með langvinna sjúkdóma og hafa sums staðar leyfi til endurnýjunar lyfseðla og jafnvel leyfi til að ávísa lyfjum svo sem getnaðarvörnum. Það er kominn tími til að stjórns-

völd brjóti upp þá úreltu hugmynd að heilsugæsla sé aðeins lækna-móttaka. Í heilsugæslunni starfar, auk lækna, fjöldi fagstétta sem öllum er hagar að að fá aukin verkefni og sjálfstæði til starfa.

Hjúkrunarfræðingar geta einnig tekið að sér aukin verkefni á sjúkrahúsum. Nú eru tæplega 30 klínískir sérfræðingar í hjúkrun starfandi á Landspítala. Þó ekki hafi verið gerð formleg rannsókn á árangri starfa þeirra má þó fullyrða að hann sé mikill, bæði faglega og fjárhagslega. Sem dæmi má nefna dagþjónustu fyrir sjúklinga með lungnasjúkdóma sem sérfræðingur í hjúkrun stýrir. Innlögnum vegna þessara sjúkdóma hefur fækkað um 70% frá því að dagþjónustan tók til starfa. Það efast líklega enginn í aukin lífsgæði einstaklinganna við þessar breytingar en þær eru einnig mjög fjárhagslega hagkvæmar því lokað sex ára háskólanámi. Það efast líklega enginn í aukin lífsgæði einstaklinganna við þessar breytingar en þær eru einnig mjög fjárhagslega hagkvæmar því lokað sex ára háskólanámi. Það efast líklega enginn í aukin lífsgæði einstaklinganna við þessar breytingar en þær eru einnig mjög fjárhagslega hagkvæmar því lokað sex ára háskólanámi. Það efast líklega enginn í aukin lífsgæði einstaklinganna við þessar breytingar en þær eru einnig mjög fjárhagslega hagkvæmar því lokað sex ára háskólanámi.

## Breytinga er þörf

Endurskoðun skipulags heilbrigðisþjónustunnar kemur alla jafna til vegna aukinnar tækni, betri menntunar heilbrigðisstarfsfólks eða breytinga í fjármögnun og rekstri. Hér á landi hefur hið síðasttalda verið ráðandi, þ.e. skipulagi hefur verið breytt til að minnka kostnað. Nú er hins vegar lag að breyta skipulagi með hliðsjón af aukinni menntun hjúkrunarfræðinga. Stjórnvöld og stjórnendur heilbrigðisstofnana þurfa að skoða hver gerir hvað í heilbrigðisþjónustunni, til að tryggja að sá heilbrigðisstarfsmaður sem hefur þá menntun sem þarf til að fást við ákveðið verkefni, sinni því verkefni. Það skilar bestum árangri og er fjárhagslega hagkvæmast.

# Heilsubúðir

## Heilbrigðismál

Herbert  
Mckenzie  
áhugamaður um  
heilbrigði



Þegar við förum í grunnskóla þá fáum við kennslu í fræðum sem við eigum að geta nýtt okkur yfir ævina. Okkur er kennt að margfalda og deila, skrifa og lesa og svo framvegis en okkur er ekki kennt hvernig og hvað við eigum að borða og af hverju það er mikilvægt. Heilsufarsvandamál tengd mataræði eru að færast í vöxt ár hvert í okkar samfélagi og mér finnst það skylda okkar að nýta skólakerfið þar sem við getum náð til allra barna til þess að fræða þau. Það þýðir ekki að segja við krakka að borða salat og svo þegar hann spyr „af hverju?“ að þá sé svarið „því það er hollt“. Þetta er ekki fræðsla. Við þurfum að útskýra af hverju og hvers vegna.

Við eigum að bera ábyrgð á ákveðnu upplýsingaflæði til krakkanna. Okkur ber skylda til að segja þeim og kenna þeim afleiðingar af óhollu mataræði og hreyfingarleysi. Mín hugmynd er eftirfarandi og mér þætti vænt um ef þetta yrði okkar „hugmynd“ og við myndum framkvæma hana í sameiningu.

Ein vika þar sem krakkar í ákveðnum árgangi fara út á land í einhverja náttúruveru og verja þar einni viku í að kynna HVADAN maturinn sem þau borða kemur og HVERS VEGNA við borðum hann. HVADA efni

inniheldur hann og HVERS KONAR hreyfing er mikilvæg/ nauðsynleg fyrir líkamlega og ekki síst andlega vellíðan.

Lærðir næringafræðingar gætu kennt krökkunum að elda og útskýrt hversu mikilvægt það er að borða ákveðin næringarefni svo að líkaminn nái að vera í toppformi. Hérna er hægt að kenna krökkum að gera uppáhalds-skyndibitann sinn heima og jafnvel að hafa hann hollan. Almenn fræðsla um matreiðslu.

Fólk frá félögum eins og Bootcamp, Crossfit og Mjölni gæti komið og haft þrúfúttu þar sem útskýrðar eru aðaláherlsurnar. Sumir einblína á snerpu og styrk, aðrir á uppbyggingu vöðvamassa og svo framvegis.

Uppskera hefur fylgt manningum frá örófi alda. Athöfnin að sá fræjum og sjá svo afraksturinn. Leyfa þeim aðeins að óhreinna sig. Krakkarnir á undan geta sáð fræjum og hópurinn sem kemur á eftir þeim sér svo afraksturinn.

Hugleiðsla, mikilvægur hlutur sem virðist öf gleytast. Við erum mjög andlegar verur og þurfum að rækta okkar andlegu hlið, sérstaklega í samfélagi sem verður hraðskreiðara með hverjum deginum.

Læknar geta verið með fyrirlestur og útskýrt allar þær hættur sem tengjast of feitum mat og hversu mikilvægt það er að hreyfa sig. Krakkar eru enn að byrja að reykja, læknirinn getur komið inn á það ásamt því að útskýra hættur áfengis og hversu mikilvægt það er að passa upp á heilann í sér á meðan hann er að þroskast.

Mjög mikilvægt er samt sem áður að hafa engan hræðslu-áróður. Krakkar í dag hafa enga þolinmæði fyrir slíku, þú segir barninu þínu að eitthvað sé óhollt, það fer á netið og finnur út að það er skaðlaust, þá byrjar það efast um allt sem þú segir. Það er engin þolinmæði fyrir kjaftæði hjá krökkum í dag. Sem er gott.

Sniðugast væri líklegast að hafa ungt fólk til að sjá um þetta því líklegur er að þau nái til þeirra en ásamt því þá býður þetta upp á fullt af flottum gestafyrirlesurum. Um að gera að nýta okkur allt þetta sprenglærða unga fólk sem við eigum. Hægt er að sýna þeim sniðugar myndir um mat, t.d. Food Inc, Supersize Me og fleira. Hafa þetta spennandi og skemmtilegt. Því að „fullorðið“ fólk vill oft útskýra fyrir börnum út frá sínu eigin sjónarmiði. Það hefur ekki reynst alltof vel. Á þessum stað er reynst að nálgast börnin út frá þeirra sjónarmiði og einfaldlega útskýra fyrir þeim af hverju það er mikilvægt að borða hollt og hreyfa sig. Ekki neyða þau til neins heldur einungis opna huga þeirra fyrir því að þau þurfa að hugsa sig um tvisvar áður en þau panta sér næstu hamburgaramáltíð eða allavega viti afleiðingarnar. Hversu yndislegt væri það ef barnið kæmi heim úr þessum heilsuþúðum og tæki snakkskálina úr fanginu á mömmu sinni og segði „veistu hvað þú ert að setja ofan í þig?“ Ábyrgðin er okkar í fræða krakkana um hætturarnar í samfélaginu. Við erum að bregðast. Gerum þetta í sameiningu fyrr en seinna.

# Um aðhaldssamar lyfjaávisanir

**Heilbrigðismál**

**Steindór J. Erlingsson**  
vísindasagnfræðingur



Reglulega berast fréttir af mikilli ávisun lækna á tiltekna lyfjaflokka hér á landi. Umræðan sem þessu fylgir ristir hins vegar oftast svo grunnt að hinn almenni borgari stendur lítt upplýstur eftir. Því er nauðsynlegt að opna lyfjaumræðuna enn frekar. Ekki síst þegar haft er í huga að í opnu bréfi 19 lækna og vísindamanna til breskra stjórnvalda, sem birtist 4. júní sl. í breska lækna blaðinu Lancet, kemur fram að nú geisi faraldur alvarlegra lyfjaaukaverkana. Til marks um það tífaldaðist tíðni þeirra í Bandaríkjunum á árabílinu 1985-2005. Það hlýtur því að sæta tíðindum þegar heimsþekkt lækna tímarit birtir grein þar sem lækna eru hvattir til aðhaldssemi í lyfjaávisunum.

Umrædd grein, „Principles of Conservative Prescribing“, birtist 13. júní sl. á heimasíðu Archives of Internal Medicine. Hún virðist vera viðbragð við þeirri miklu umræðu sem átt hefur sér stað á undanförunum árum um óæskileg áhrif lyfjaiðnaðarins á ávisanir lækna. Greinarhöfundar benda á að ólíkt annarri færni sem lækna þurfa að tileinka sér séu lyfjaávisanir oft drifnar af markaðsstarfi iðnaðarins. Hér er um grundvallaratriði að ræða enda hafa endurteknar rannsóknir sýnt fram á að markaðsstarf getur haft óæskileg áhrif á lækna. Það þarf því ekki að koma á óvart að í greininni eru lækna varaðir við upplýsingum sem fulltrúar lyfjaiðnaðarins láta þeim í té, enda eigi að gera ráð fyrir að þær leggi áherslu á ávinning lyfja en gerir lítið úr áhættunni sem þeim kann að fylgja. Eru lækna hvattir til þess að leita sér óháðra upplýsinga um lyf, s.s. hjá Medical Letter, Prescrire og Worst Pills, Best Pills.

Í greininni eru talin upp sex atriði sem liggja til grundvallar aðhaldssamri ávisun lyfja: 1) Hugsa um aðrar leiðir en lyf, 2) beita meiri herkænsku við lyfjaávisanir, 3) vera stöðugt á varðbergi gagnvart alvarlegum aukaverkunum, 4) vera gagnrýnin og á varðbergi gagnvart nýjum lyfjum, 5) vinna með sjúklingum að sameiginlegu markmiði og 6) vera vakandi fyrir langtímaáhrifum lyfja.

Ein og sér fela atriðin ekki í sér neitt nýtt en eins og greinarhöfundar benda á mynda þau saman grundvallaráherslubreytingu í lyfjaávisunum, frá „nýrri og fleiri [lyf] er betra“ að „færri og betur þekkt er best“. Til þess að undirstrika mikilvægi tillagna er bent á að „hið nýlega flóð uppljóstrana um huldar eða óvæntar alvarlegar aukaverkanir í mörgum lyfjaflokkum ætti að vera áminning til stéttarinnar um að tileinka sér hófsamari og varkárari lyfjaávisanir“.

Í marshefti American Journal of Public Health birtist grein þar sem prófessorarnir Howard

Brody og Donald Light varpa ljósi á rót vandans. Í greininni sýna þeir fram á að beint samband er á milli aukins markaðsstarfs fyrir ákveðið lyf og versnandi hlutfalls milli ávinnings og áhættu sem lyfinu fylgir. Þeir leggja áherslu á að vísindamenn lyfjafyrirtækjanna vinni auðvitað að því hörðum höndum að búa til lyf sem séu örugg og hafi góða virkni. Vandamálið liggja hins vegar hjá markaðsdeildum fyrirtækjanna sem geti breytt góðum lyfjum í slæm með því að stuðla að notkun þeirra langt umfram það sem er vísindalega staðfest. Þessu er

m.a. náð fram með því að lækka greiningarþröskulda sjúkdóma, ýkja öryggi og virkni lyfja og hvetja lækna til þess að ávísa lyfjum á einkenni og sjúkdóma sem ekki liggur opinbert samþykki fyrir (off-label marketing).

„Með því að leyfa gróðadrifnum iðnaði að hafa svo mikil áhrif á starf sitt, menntun og rannsóknir“ segja Brody og Light „læknastéttina hafa stofnað í hættu trúverðugleika læknávisinda og getu sjúklinga og almennings til þess að treysta ráðleggingum lækna“.

Kominn er tími til þess að grípa

í taumana, enda virðast hvorki siðareglur lækna né reglur sem einstakar stofnanir setja sér hafa dugað til þess að stemma stigu við óæskilegu áhrifum lyfjaiðnarins á lyfjaávisanir lækna. Til marks um þetta samþykkti Bandaríkjaþing í fyrra Lækna-greiðsluupplýsingalögin (The Physician Payment Sunshine Act) sem skylda lyfjaframleiðendur og framleiðendur lækningatækja til að birta opinberlega frá og með 2013 upplýsingar um allar gjafir og greiðslur sem kennslusjúkrahús og einstakir lækna fá. Nú þegar eru nokkur fyrirtæki farin

að birta upplýsingarnar og hefur Pro Publica safnað þeim saman í opinn og leitanlegan gagnagrunn (<http://projects.propublica.org/docdollars/>). Bandaríska geðlæknafélagið hefur einnig brugðist við þessari umræðu með því að banna smátt og smátt á næstu árum fyrirlestra og málsverði sem lyfjafyrirtækin kosta á árlegri ráðstefnu félagsins. Ég tel nauðsynlegt að fá samsvarandi lög sett hér á landi sem og reglur sem skylda Læknafélagið og einstök sérgreinafélög þess til að fara að fordæmi bandarískra geðlækna.



vr. 1244 CS04B LE  
vr. 1244 CS04B

Golfsett fyrir karla og konur.

Verð áður: 39.900 kr.

**34.900 kr.**



vr. 909 50831  
25 ltr.  
12/230V ca.  
48w.

Verð áður 24.900 kr.

**19.900 kr.**



N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

# BYRJAÐU FERÐINA Á GÓÐU VERÐI




vr. 909 82100  
Sjéglar.  
Framlengingarsett  
**12.900 kr.**



vr. 1244 201930  
Bushell golf  
fjarlægðarmælir,  
YP Tour V2.  
**58.950 kr.**



vr. 076 900653  
Ferðagrill  
Porta Chef Pro  
**29.900 kr.**



vr. 909 33560  
Geislahitari,  
4300w.  
**17.900 kr.**



vr. 909 78360  
Þjófavörn fyrir  
tengivagn.  
Læsing á kúlu.  
**4.980 kr.**



vr. 909 79841  
Nefhjól, gegnheilt  
gúmmí/200x50mm,  
ber 150kg  
**5.900 kr.**



vr. 1207 2  
Golfregnhlíf.  
Svört Mundo.  
**3.286 kr.**



vr. 1254 2 layer  
Golfboltar  
25 stk. í poka.  
**4.690 kr.**



vr. 838 67828100  
Framlenging í  
vindlakveikjara,  
0,6 - 3 mtr.  
**2.890 kr.**

**Þú kemst fljótt að!**  
...en þú getur líka pantað tíma

**Rakarastofan Klapparstíg**  
**S: 551 3010**

N1 VERSLANIR: REYKJAVÍK BÍLDHÖFÐA 9, KÓPAVOGI, HAFNARFIRÐI, AKUREYRI, AKRANESI, ÓLAFSVÍK, ÍSAFIRÐI, EGILSSTÖÐUM, VESTMANNAEYJUM, GRINDAVÍK, KEFLAVÍK, SELFOSSI, REYÐARFIRÐI OG HÖFN



Meira í leiðinni

# Aðgangur að börnum

## Barnavernd

**Hildur Jakobína Gísladóttir**

félagsmálastjóri  
Stranda- og  
Reykholahrepps



Fréttir af barnaníðingum eru að verða daglegt brauð í íslensku samfélagi. Það er á sama tíma gott og slæmt. Gott því að með upplýsingu getum við verið okkur betur með því að fræða börnin okkar, slæmt vegna þess að það gerir okkur döpur og reið og staðfestir vitneskjuna um að saklaus börn geti verið í hættu.

Við getum sem foreldrar eða forráðamenn aldrei fyrirbyggt að fullu að börnin okkar verði fyrir kynferðislegri misnotkun enda er yfirleitt um brot á trausti að ræða. Oftar en ekki er einstaklingur að verki sem við treystum. Hins vegar eigum við að grípa til ákveðinna ráðstafa til að torvelda aðgang að börnunum okkar. Aðhald, eftirlit og aðgengi. Þessi atriði eru á okkar ábyrgð og við ættum alltaf að hafa þau ofarlega í huga.

Barnaníðingar eru m.a. þekktir fyrir að skapa sér öruggan grundvöll áður en þeir láta til skarar skrifa gagnvart barni eða börnum sem þeir hafa valið sér sem fórnarlömb. Oft koma þeir sér fyrir á nýjum stöðum þar sem enginn þekkir þá og taka sér marga mánuði upp í nokkur ár að byggja upp traust í samfélaginu áður en þeir fara að misnota það traust. Þeir eru viðkunnaðir, oft og tíðum „alltof“ hjálpsamir og alltaf reiðubúnir að líta eftir börnum.

Við erum flest öll meðvitund um þær hættur sem stafa af barnaníðingum og reynum að fræða börnin um aðstæður sem þarf að forðast og hvetja þau til að segja frá ef einhver snertir einkastaðina þeirra eða ef fullorðin fólk vill eiga leyndarmál með þeim. En eru einhver börn í meiri hættu en önnur?

Nýlega héldu samtökin „Blátt áfram“ ráðstefnu þar sem dr. Carla van Dam réttarsálfræðingur flutti fyrirlestur um bók sína „Identifying child molesters“ (Að bera kennsl á barnaníðinga). Í bókinni kemur m.a. fram að börn einstæðra mæðra eru í áhættuhópi hvað misnotkun varðar. Það er vegna þess að barnaníðingar eru útsmognir í því að finna leiðir að börnum. Einstæðar mæður eru háðar því að einhver gæti barna þeirra meðan þær vinna, sinna félagsstörfum eða fara út á lífið.

Oft eru þær mjög þakklátar fyrir hjálpsemina og átta sig ekki á hvað er í vöndum. Með því að fara í sambúð með einstæðum mæðrum komast barnaníðingarnir að börnunum þeirra enda áhuginn á börnunum tilgangur sambúðarinnar

í upphafi. Bók van Dam er m.a. byggð á frásögnum barnaníðinga um þær aðferðir sem þeir beita til að komast að börnum. Þeir sækja í störf þar sem aðgangur að börnum er auðveldur eins og við kennslu og æskulýðsstörf, á frístundaheimilum og í íþróttafélögum, alls staðar þar sem börn eru og foreldrar njóta þess að þau eigi að vera óhult. Nýlega var bandarískur barnalæknir til að mynda dæmdu fyrir barnaníð en sá hafði misnotað yfir 100 börn á 12 árum.

Barnaníðingar velja sér fórnarlömb í því umhverfi sem þeir hafa komið sér fyrir, þeir finna út hvaða barn er eftirlitslaust, hvaða barn hefur lágt sjálfsmat, hvaða barn er einmana, hver eru vanrækt og sýna þess merki að vanta væntumþykju og hlýju. Þessi börn geta skorið sig úr og verið inn í sig á einhvern hátt sem þeir eru fljóttir að skynja. Þeir velja þessi börn því að það er auðvelt að vinna traust þeirra og vináttu og minni hættu á að þau segi frá ef þeir leyfa sér að snerta þau. Oft gera þeir varfærnislegar tilraunir til að byrja með og athuga hvort börn segi frá. Geri þau það eru þeir tilbúnir með afsakanir og láta sem um misskilning sé að ræða. Þau börn sem segja frá verða látin í friði, hin sem þegja verða fórnarlömb þeirra. Þess vegna er svo mikilvægt að við upplýsum börn okkar og hvetjum þau til að segja frá slíkum sneringum eða leyndarmálum.

Hvort sem við búum á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni þurfum við að fylgjast með því hvar börnin okkar eru. Frjálsræðið er meira úti á landi en í Reykjavík og næsta nágrenni. Frelsið sem fylgir því að ala upp barn á landsbyggðinni er að sjálf-sögðu yndislegt. Hins vegar eru fréttir af kynferðisbrotum orðnar of algengar til þess að við getum felld okkur við að þau séu eftirlitslaus allan daginn. Það á ekki lengur við.

Við berum ábyrgð á börnunum okkar og aðgengi annarra að þeim. Með því að hafa reglur og setja börnunum mörk torveldum við aðgang barnaníðinga að þeim.

Barnaníðingar fyrirfinnast því miður í flestóllum samfélögum. Við vitum að þeir leita uppi staði þar sem aðgangur að börnum er auðveldur. Þar sem nú er sumar og skólar og leikskólar í sumarfríum eru börnin úti nánast allan daginn og gleyma sér í leik. Það er því brýnt að foreldrar fylgist með börnum sínum og veiti þeim aðhald, viti hvar þau eru niður komin og treysti ekki um of á góðmennsku annarra. Í slíkri varúðarráðstöfun felst alls engin vænisýki. Hún er sjálf-sögð í nútímasamfélagi. Áður héldum við að börnin væru örugg. Nú vitum við einfaldlega betur.

# Opið bréf til bæjarstjórnar Garðabæjar

## Skipulagsmál

**Sóley Björg Færseth**  
íbúi í Faxatúni



**Hrefna Geirsdóttir**  
íbúi í Faxatúni



Hinn 11. mars sl. var íbúum í Túnahverfi boðið til kynningarfundar vegna deiliskipulags í Túnahverfi. Bæjarstjórn Garðabæjar sá sig nauðbeygða að fara í skipulagsmál vegna deilumála sem upp hafa komið bæði í Túnahverfi og á Arnarnesi. Á fundinum voru íbúum Túnahverfis kynntar hugmyndir að nýju deiliskipulagi. Helsta breytingin sem fram kom á þessum fundi var sú, að áður skipulagt svæði, Silfurtún – Hofstaðamýri, myndi falla undir skipulag Túnahverfis. Á fundinum komu fram hugmyndir um stækkun á skátaheimilinu sem þar er. Íbúar gerðu strax athugasemdir við þá hugmynd. Hinn 8. maí barst íbúum við Faxatún ásamt íbúum við Engimýri, grenndarkynning vegna stækkunar á leikskólanum Bæjarbóli, sem sett yrði á áður skipulagt svæði Silfurtún – Hofstaðamýri. Íbúar við Faxatún gerðu allir athugasemdir við þessa skipulagsbreytingu.

## Rök íbúanna eru þessi:

Svæðið er í deiliskipulagsvinnu fyrir Túnahverfið og ekki grundvöllur að taka einn lið úr skipulagsvinnunni. Starfsemi á svæðinu er þegar of mikil, leikskóli, skátaheimili, með virka skátastarfsemi og útleigu á sal. Hjálparveit skáta í Garðabæ, smíðavöllur, skólagarðar og ævintýranámskeið.

Gögn sem bærust vegna grenndarkynningar voru ófullnægjandi. Í grenndarkynningu kemur ekki fram hæðarlega hússins og hver aukning verður á starfsemi á leikskólalóðinni, en samkvæmt mati verður hér um 30% aukningu að ræða.

Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að hunsu allar athugasemdir, sem bærust vegna grenndarkynningar. Svo virðist sem stjórnendur

Garðabæjar hafi gleymt settum markmiðum eða er lýðræðisstefna Garðabæjar aðeins stafir á blaði og gott að draga upp við hátíðleg tækifæri? Eftir setu á bæjarstjórnarfundum höfum við fengið staðfest að lýðræðisstefna Garðabæjar er aðeins fyrir suma. Ónæði vegna byggingaframkvæmda inni í íbúðarhverfi var mikið áhyggjuefni fulltrúa Samfylkingar, en málefni íbúa við Túnin voru tekin upp til mála-mynda og þótti ekki vert að fá niðurstöðu um þeirra mál.

Á bæjarstjórnarfundinum 19. maí kom fram að bæjarstjóri væri á förum til Norðurlandanna til að kynna sér skipulagsmál varðandi samgöngur. Markmiðið: að bæta lífsgæði okkar á höfuðborgarsvæðinu. Sami bæjarstjóri stóð í pontu á bæjarstjórnarfundinum 16. júní sl. og upplýsti að fólk vildi hafa leikskóla nærri sínu heimili. Því spyrjum við af hverju eru ekki leikskólar í Flatahverfi og á Arnarnesi? Ágæti bæjarstjóri, hvað með lífsgæði okkar íbúa í Túnahverfi?

Á bæjarstjórnarfundinum 16. júní var rætt um bréf íbúa á Arnarnesi varðandi frágang lóðar og umferð reiðhjóla við Hegranes og Súlnes og áhyggjur íbúa um verðmæti eigna sinna vegna þessa. Bæjarfulltrúar Garðabæjar deildu þessum áhyggjum íbúans. Hvað með verðmæti eigna okkar sem búum í Túnahverfi?

Á sama fundi gerði formaður skipulagsnefndar, Stefán Konráðsson, grein fyrir ástæðum fyrir vali á stækkun við Bæjarból. Samkvæmt útreikningum er ódýrast að flytja húsið þangað. Stefán sagði að tekið hefði verið tillit til íbúa, aðgangur að húsinu yrði ekki af göngustíg heldur um lóð leikskólans. Þessi göngustígur sem um ræðir liggur með íbúðarhúsum við Engimýri, ekki komu athugasemdir frá íbúum þar. Hver er þá ástædan fyrir því að tekið er tillit til þeirra sem þar búa? Er það vegna fjölskyldutengsla bæjarstjóra við íbúa þar? Svo virðist sem þetta leikskólamáli sé hugarústur bæjarstjórans. Valdastrúktúr bæjarstjórnar Garðabæjar virðist eitthvað vera úr lagi genginn. Ef menn átta sig ekki á því þá er bæjarstjóri ráðinn til starfa, hann er ekki kosinn bæjarfulltrúi, hann tilheyrir stjórn-sýslunni. Bæjarfulltrúar verða að

axla sína ábyrgð. Þeir hafa rétt til að taka ákvarðanir, þeir voru kosnir til þess. Það eru réttindi okkar íbúa að hafa áhrif á ákvarðanir bæjarfulltrúa og það er skylda bæjarstjóra að vinna að og koma þeim ákvörðunum í verk.

Framkoma Áslaugar Huldu Jónsdóttur í ræðustól, viðhorf hennar til leikskólans Bæjarbóls og okkar íbúa við Faxatún kom mjög á óvart. Með vísan til orða bæjarstjóra um að leikskólar ættu að vera sem næst heimilinu, þá hefði Áslaug átt að fara fram á að leikskóli yrði reistur á Arnarnesi.

Á fundi bæjarstjórnar 16. júní var hjúkrunarheimilið Holtsbúð til umræðu. Það fór fyrir brjóstið á bæjarfulltrúum að málið hefði ratað í fjölmöla. Ágætu bæjarfulltrúar við íbúar höfum lagt okkur í líma við að halda okkar málum innan Garðabæjar. Það hefur ekki skilað okkur neinu.

Framganga bæjaryfirvalda í Garðabæ og einbeittur vilji þeirra að koma málum í gegn með stjórnsýsluklækjum og að fólk í launuðu starfi vinni markvisst gegn okkar hagsmunum er óviðeigandi.

Mótmæli íbúa vegna starfsemi á umræddu svæði byrjaði 2009, vegna gegndarlausra veisluhalds í skátaheimili. Það sem við upplifum núna er vilji bæjaryfirvalda til að auka verulega við starfsemi á svæðinu sem nú þegar er fullmettað af hávaðamengun auk sjónmengar. Almennt viðhald svæðisins er lélegt, húsum hent niður eftir geðþótta og ekkert hugað um útlit eða samræmi byggðar.

## Það sem við íbúar förum fram á:

- Að starfsemi á svæðinu verði ekki aukin.
- Að íbúar í Garðabæ eins og í öllum öðrum samfélögum njóti sömu réttinda og hafi sömu skyldur, þar sem þeim kostum og göllum, sem fylgja því að búa í bæjarfélagi sé skipt eðlilega á íbúa. Gæta verður meðalhófs þegar samfélagslegri starfsemi er dreift niður á hverfi sveitarfélaga.
- Að jafnræðis sé gætt í ákvarðanatökum í bænum.
- Að bæjarfulltrúar tali við okkur með virðingu.
- Að tekið verði tillit til athugasemda okkar og þeim svarað skriflega.

# Rafmagnsvespur á göngustígum

## Samgöngumál

**Alma R. R. Thorarensen**  
lögfræðinemi



Í gegnum tíðina hef ég deilt göngustígum höfuðborgarsvæðisins með flóru vegfarenda stórum og smáum í mesta bróðerni. Nú háttar svo til að annar hópur, ekki jafn velkominn fyrir mína parta, er að ryðja sér þar til rúms. Nefnilega ökupórar svokallaðra rafmagnsvespa. Til upplýsingar er um að ræða 60 kg farartæki sem kemst upp í 25 km/h og gengur fyrir rafmagn eins og nafnið gefur til kynna en er að öðru leyti áþekkt venjulegum vespum hvað varðar hæð, breidd og hjólhaf.

Hvorki löggjafinn né framkvæmdarvaldið hafa séð ástæðu til að bregðast við tilkomu rafmagnsvespa á markað hér á landi. Ekki þarf því próf til að aka rafmagnsvespu og eru þær flokkaðar sem reiðhjól í skilningi umferðarlaga nr. 50/1987. Til samanburðar er venjulegt reiðhjól á bilinu 10-15 kg en eigin þyngd rafmagnsvespu er 60 kg eins og áður segir. Af þessu leiðir að rafmagnsvespur eru ekki skráningarskyldar og þarf ekki að vátryggja þær sérstaklega, svo

sem gagnvart tjóni sem ökumaður kann að valda á munum eða líkama þriðja manns.

Þetta er athyglisverð staða, ekki síst í ljósi þess að 60 kg hlutur á 25 km/h vegur í raun 600 kg ef hann rekt á kyrrstæðan hlut. Er þá aðeins gert ráð fyrir eigin þyngd vespunnar en til viðbótar henni hlýtur oftast að koma líkamshyngd viðkomandi ökumanns. Ef við gefum okkur að ökumaður farartækisins sé á bilinu 40-60 kg. (enda oftast um að ræða börn og unglíng) er höggvið orðið á bilinu 1 til 1,2 tonn við árekstur. Er þá ótalinn hraði og þyngd þess sem á móti kemur.

Þá kemur enn fremur í ljós að réttarstaða einstaklings sem lendir í árekstri við rafmagnsvespu er mun lakari en þess sem lendir t.d. í árekstri við ótryggða bifreið. Það háttar nefnilega svo til að héraendis eru starfrækt samtök Alþjóðlegra bifreiðatrygginga. Er kveðið á um skylduáðild vátryggingafélaga, sem taka að sér ábyrgðartryggingar skráningarskyldra vélknúinna ökutækja í umferðarlögum. Hlutverk samtakanna er m.a. að ábyrgjast og annast uppgjör tjóna af völdum óvátryggðra ökutækja. Þetta þýðir að sá sem lendir í tjóni af völdum bifreiðar, sem einhverra hluta vegna er ekki vátryggð, á rétt á greiðslu bóta úr hendi samtakanna

skv. reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Sá einstaklingur sem í göngutúrnum sínum verður fyrir því óláni að vera keyrður niður af rafmagnsvespu þannig að af hlýst t.d. líkamstjón getur hins vegar ekki leitað til fyrrnefndra samtaka til greiðslu bóta enda ekki um skráningarskyld ökutæki að ræða. Undir þeim kringumstæðum er ekki annað í stöðunni fyrir tjónþola en að leita í persónulegar tryggingar ökumanns vespunnar, t.d. fjölskyldutryggingu ef svo heppilega vill til að henni sé til að dreifa. Að öðrum kosti þarf tjónþoli að halda rétti sínum til streitu gagnvart tjónvaldi upp á eigin spýtur og þá með rekstri skaðabótamáls fyrir dómstólum ef svo ber undir með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Svo er bara að krossa fingur og vona að tjónvaldur sé gjaldfær en ekki er svigrúm til að fjalla um þátt almennatrygginga í þessari grein.

Við blasir að rafmagnsvespur eru ekki gæfulegir gestir á göngustígum og full ástæða til að grípa inn í með regluverki áður en slys ber að höndum. Það er ekki einungis sjálfsagt heldur nauðsynlegt einkum með tilliti til öryggis annarra vegfarenda ef það er virkilega meiningin að láta þá deila göngustígum landsins með eklum rafmagnsvespa.

**Jura kaffivélur**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)





*Allir þekkja  
vinsælu  
kanilsnúðana  
frá Pagens*

# Vanillusnúðar

Við kynnum nýja  
snúða frá Pagens,  
frábær biti með kaffinu.

*-þú verður að smakka.*

# Pagen






Okkar ástkæri,  
**Ragnar Hansen**  
múrarameistari,

lést á Landspítalanum þann 1. júlí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

Jósefina Ragnarsdóttir Hansen  
Helga Ragnarsdóttir Hansen Guðmundur Thor Guðmundsson  
Friðrik Ragnarsson Hansen Katrín Ingadóttir  
Hulda Ragnarsdóttir Hansen  
Kristín Edda Ragnarsdóttir Hansen Hermann Guðmundsson  
Kristófer Ragnarsson Hansen Ruth Elfarsdóttir  
Sólveig Björg Ragnarsdóttir Hansen  
Ragnar Stefán Ragnarsson Hansen Anna Gunnarsdóttir  
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur faðir minn og afi,  
**Pétur Bárðarson**  
fyrrverandi vélstjóri,  
Fellaskjólí, Grundarfirði,

verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju í dag, fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00.

Ólafur Pétur Pétursson  
Kristín Eva Ólafsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem  
sýndu sambug og blyhub við andlát  
og útför eiginkonu minnar, móður,  
dóttur og systur,

**Brynhildar Ingadóttir**  
Fjallalind 88, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dagdeildar krabba-  
meinslækninga, Heimahlynnningar og líknardeildar  
Landspítalans.

Porkell L. Magnússon  
Margrét Stefánía Þorkelsdóttir  
Guðrún Þorkelsdóttir  
Friðrik Ó. Þorkelsson  
Ingi Kristinsson  
Þórir Ingason  
Kristinn Ingason  
og aðrir aðstandendur.



Hildur Þórisdóttir  
Þorbjörg Karlsdóttir  
Bergdís H. Jónsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma, systir og frænka,

**Antonía Marsibil  
Lýðsdóttir**

Skálateigi 7, Akureyri,

lést á Lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar fimmtu-  
daginn 30. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju  
föstudaginn 8. júlí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst  
hennar er bent á Sjúkrahús Akureyrar.

Sigurður Hermannsson  
Kristín Sigurðardóttir  
Erla G. Sigurðardóttir Jakob Yngvason  
Sigurður Yngvi Jakobsson Kristófer Anton Jakobsson  
Elín M. Lýðsdóttir Atli Sturluson  
Steinunn Atladóttir Arndís Atladóttir



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**82 MARGRÉT GUÐNADÓTTIR** prófessor er 82 ára í dag.  
„Í mínum augum er jörðin sameign allra lífvera, hún er  
ekki einu sinni séreign manna, hvað þá séreign örfárra  
ríkra manna.“

KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR: FLYTUR ÞJÓÐLÖG SEM EKKI Hafa HEYRST Á TÓNLEIKUM

## Þjóðlögin vöktu mikinn áhuga

„Á þessum tónleikum okkar Gunnsteins Ólafssonar mun ég syngja og sextán manna hljómsveit leika þrettán lög sem ég söng inn á „long-play“ plötu árið 1978,“ segir söngkonan Kristín Á. Ólafsdóttir um tónleika sem haldnir verða í Siglufjarðarkirkju á morgun klukkan átta á Þjóðlagahátíð á Siglu-  
firði. „Ég hef aldrei sungið öll þessi lög í heild á tónleikum áður.“

Kristín safnaði saman lögnum þrettán á plötunni, sem ber heitið Íslensk þjóðlög. „Ég hafði mikinn áhuga á þjóðlögum eftir söngnám hjá Engel Lund, eða Göggju Lund eins og hún var kölluð. Þessi danska kona kenndi mér að meta íslensk þjóðlög,“ upplýsir Kristín sem fann þjóðlögin í bók séra Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög, og segulbandasafni Ríkisútvarpsins.

Eftir að Kristín hafði safnað lögnum saman hafði hún samband við Svavar Gest, plötuútgefanda „Ég stakk upp á að við myndum biðja Atla Heimi Sveinsson um að útsetja lögin,“ segir Kristín og heldur áfram: „Þegar Atli var að útsetja hittumst við stundum og hann spilaði eiginlega alla hljómsveitina á píanóid heima hjá sér.“

Kristín segir að Gunnsteinn Ólafsson, listrænn stjórnandi, hafi haft samband við hana eftir áramótin og beðið hana að syngja lögin af plötunni á Þjóðlagahátíð, sem hefst í dag og stendur fram á sunnudag. „Félagar úr Caput hópnun og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins spila með mér. Flautusníllingurinn okkar Kolbeinn Bjarnason verður í þessum hópi,“ útskýrir Kristín og nefnir að gítarleikarinn Kristján Edelstein verði einnig með. „Mér finnst skemmtilegt að hann er sonur fyrsta tónlistarkennarans míns, Stefáns Edelstein.“

Ætlarðu sjálf á tónleika á Þjóðlagahátíð? „Já, ég ætla endilega að komast á tónleika og njóta þess sem er í boði. Mig langar meðal annars að lauma mér inn á fyrirlestra sem haldnir eru í Þjóðlagaakademíunni en þar er hægt að fræðast heilmikið um íslensku þjóðlögin.“ [martaf@frettabladid.is](mailto:martaf@frettabladid.is)



SYNGUR ÞJÓÐLÖG Kristín hefur ekki sungið plötuna Íslensk þjóðlög í heild á tónleikum áður.

FRÉTTABLAÐID/HAG



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, sonur,  
afi, langafi og bróðir,

**Arnór Pétursson**  
Eskivöllum 3, Hafnarfirði,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi, 28. júní sl. verður jarðsönginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

Magný Ósk Arnórsdóttir Þór Kristjánsson  
Sigrún Clausen Hreinn Sumarliðasson  
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og  
amma,

**Margrét Helgadóttir**  
frá Fossi á Síðu,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 28. júní, verður jarðsöngin frá Prestsbakkakirkju á Síðu laugar-  
daginn 9. júlí kl. 14.00.

Páll Helgason Ólafía Davíðsdóttir  
Fanney Helgadóttir Hreggviður Hermannsson  
Hjördís Helgadóttir Gunnar B. Þórisson  
Helga Helgadóttir  
Þórhallur Helgason og ömmubörn.



## 80 ára afmæli

### Sigríður Theodóra Sæmundsdóttir,

Skarði, áttæð.

Sigríður Theodóra Sæmundsdóttir húsfréya í Skarði, Landsveit verður áttæð sunnudaginn 10. júlí nk. Þann dag langar hana að samfagna með fjölskyldu, sveitungum og vinum heima að Skarði.

Það verður guðsþjónusta í Skarðskirkju kl. 14.00 og afmæliskaffi að henni lokinni. Skarðskirkja er afmælis-  
barninu afar nær og því biður hún gesti að hugsa til hennar og láta andvirði gjafa renna til kirkjunnar.



Elskuleg eiginkona, móðir,  
tengdamóðir og amma,

**Jytte Lund Helgason**

er látin. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 11.00.

Birgir V. Helgason Erik Ingemann Jensen  
Kristín Inga Birgisdóttir Gitte Dolberg  
Helgi Birgisson og barnabörn.



**Rafmögnuð stemning** var á tískusýningu Christian Dior í París á dögunum en fyrirsæturnar áttu það sameiginlegt að vera með túberað hár sem stóð beint út í loftið. Fötin voru innblásin af tísku fyrri hluta áttunda áratugarins.

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

## GLÆSILEGIR SUMARLITIR



*Misty* - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.  
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
www.misty.is

Vertu vinur

teg 104850 - létt fylltur í BC skálum  
á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-



Eirberg

## Rafskutlur

-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og  
hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 - 18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Vinkonurnar Anika og Krista deila bæði íbúð og fötum.

## Samnýta fataskápa

**V**inkonurnar Anika Laufey Baldursdóttir og Krista Sigríður Hall ganga óhikað í fataskápana hjá hvor annarri og segja það hið besta krepparáð. Þær hafa búið saman í miðbæ Reykjavíkur frá því í byrjun sumars og geta, með því að samnýta fataskápa, skartað „nýrri“ flík á nánast hverjum degi. Við vinnum báðar í Spútnik og segjum reglulega: „Þurfum við ekki að fá okkur svona,“ segir Krista. „Við erum líka með mjög svipaðan stíl,“ segir Anika, „erum báðar svolítið rokk- aðar.“

Vinkonurnar segja engin föt undanskilin. „Það er ekkert sem við viljum ekki lána og skiptumst meira að segja á sokkum,“ segir Krista. Hún kvíðir því ekki að þurfa að skipta fataskápuunum upp þegar leiðir skilja. „Við erum báðar svo fatasjúkar að við erum hvort eð er fljótar að endurnýja lagerinn. Hún segir þær oft velja samskonar föt á morgnana án þess að tala sig saman. Einn daginn erum við báðar í blómasamfestingum og annan í leðurbuxum með keðjur.“ Anika segir samfestinga halda vinsældum sínum og finnst flott að nota skart, belti og háa hæla við.

vera@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# ÚTSALA

*hjá Hrafnhildi*

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

# SUMARÚTSALA 1.-9. JÚLÍ

**20-70%**  
AFSLÁTTUR AF  
VÖLDUM VÖRUM

Takmarkað  
magn

SÆNGUR

BOAS SVEFNSÓFI

Tilboð 127.425,-

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur

DÝNUR

RÚMSTÆÐI

TEPPASETT



PÍFUR



GAFLAR

SÆNGURVERASETT

SÝNSHORN OG FLEIRA

Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Sólarpúður** er ómissandi á þessum tíma árs til að ýta undir sólarroða og brúnku sumarsins. Með glitrandi sólarpúður á kinnum er eins og þú sért ávallt nýkomin af sólarströnd.

Stórfengleg borg  
Beint flug frá Keflavík • Beint flug frá Akureyri  
21.-25. október

## Riga

Letlandi

Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eyrstrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnauki hvert sem lítið er og setur borgina á stall með fallettri borgum Evrópu.

Verð í tveggja manna herbergi  
kr. 93.900,-

FÁ SÆTI EFTIR

Innfalið: Flug, skattar, 4\* hótél með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli.

Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eyrstrasaltslands.

Trans - Atlantic  
Sími 588 8900

Upplýsingar í síma 588 8900  
www.transatlantic.is

# Bara holl samkeppni

Agla Stefánsdóttir og Sigrún Unnarsdóttir útskrifuðust með MA í fatahönnun frá Designskolen í Kolding í vor. Þær eru báðar austan af Fljótsdalshéraði en segjast ekki hafa verið neinar samlokur í skólanum.

„Nei, við erum ekki samlokutýpur, en við við höfum alltaf verið óhræddar við að leita ráða hvor hjá annarri,“ segja þær Agla Stefánsdóttir og Sigrún Unnarsdóttir, fatahönnuðir og tveir fjögurra Íslendinga sem luku Mastersnámi við Designskolen í Kolding nú í vor. Spurðar hvort samkeppni hafi kannski verið á milli þeirra tveggja í náminu svara þær létt að seint verði komist hjá samkeppni í tískubransanum. „Við virðum skoðanir hvor annarrar og milli okkar bekkjarsystranna allra er einungis holl samkeppni, það er betra fyrir heildina ef öllum gengur vel. Við erum allar með mismunandi stíl og áherslur en hjá okkur tveim er húmorinn aldrei langt undan og báðar erum við gjarnar á að segja sögur í gegnum flíkurnar. Ferlið er því alltaf jafn spennandi og útkoman.“



Agla Stefánsdóttir og Sigrún Unnarsdóttir útskrifuðust með MA í fatahönnun frá Kolding í Danmörku í vor.  
MYND/BJÖRT SIGFINNSDÓTTIR

Að útskriftarsýningu skólans í Kolding lokinni taka við spennandi verkefni hjá þeim báðum, meðal annars á Copenhagen Fashionweek. Sigrún Halla hefur auk þess verið valin til að taka þátt í Designers Nest, samkeppni fatahönnunarnema á Norðurlöndunum og í ágúst er von á þeim báðum heim á Fljótsdalshérað þar sem þær taka þátt í verkefninu Norðaustan10, vörubróunarverkefni á vegum sveitarfélagsins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.



Agla var í samstarfi við íslenska kvikmyndagerðarteymið Glamour, The Concept Boutique.

MYND/EVELIN SAUL

En verða þær þá alkomnar heim? „Sigrún flytur heim á klakann, tilbúin að takast á við að koma efnahagnum aftur á réttan kjöl en ég flyt til Kaupmannahafnar til að halda Dönunum við efnið,“ segir Agla.  
heida@frettabladid.is



„Ég er heilluð af fólki sem tilheyrir hvert öðru,“ segir Sigrún.

MYND/JACOB TIELLESEN



„Ég tók útgangspunkt í geometriskum formum og þeim möguleikum sem skapast við að skera þau upp og setja saman aftur,“ segir Agla.

MYND/EVELIN SAUL

Lína Sigrúnar Höllu „Belong Together“ samanstendur af jökkum og töskum en einnig af skóm hönnuðum í samvinnu við danska skómerkið Ecco. Sigrún notar austfrskt hreindýraleður í jakkana og töskurnar.

MYND/JACOB TIELLESEN

## Útsala • Útsala

20-80% afsláttur af öllum vörum

Ótrúlegt úrval af kjólum fyrir brúðkaupið eða sumarveisluna.

FLASH

Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Flair myndir á Facebook, vertu vinur

## ÍSLENSK HÖNNUN OG HANDVERK

MARIA LOVISA  
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B  
SÍMI 562 6999

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

www.marialovisa.com

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFÐ UMRÆÐAN

## ÞAÐ ERU FLEIRI PARTY OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

f b

VÍSIR

# Hákarlinn sló í gegn

Allt ætlaði um að koll að keyra þegar Sruli Recht frumsýndi nýja herralínu í París á dögunum. Meðal viðstaddra var hinn heimsþekkti Lenny Kravitz, sem keypti aðklæðnað fyrir væntanlegt tónleikaferðalag.

Ný herralína frá Sruli Recht hlaut frábærar viðtökur þegar hún var frumsýnd á tískusýningu í París á dögunum. Troðið var út að dyrum meðan á henni stóð og vöktu ljósmyndir Marinós Thorlacius af línunni sérstaka athygli sýningargesta.

Á meðal þeirra var enginn annar en tónlistarmaðurinn heimskunni Lenny Kravitz, sem heillaðist svo af hönnun Sruli að hann gerði sér lítið fyrir og keypti heilu bílfarmana af munum úr línunni, jakka, leður-skyrtur, skartgrip og fleira. Kravitz hyggst klæðast þeim á tónleikaferðalagi sínu um Evrópu í ár, í kjölfar útgáfu á níundu hljóðversplötu sinni Black and White America. Tónleikaferðalagið verður því án efa ein besta kynning sem starfandi hönnuður á Íslandi hefur fengið.

Nýstárlegar nálganir við notkun á efnivið hafa vakið athygli á hönnun Sruli og er nýja línán þar engin undantekning. Þannig er leður úr hákarlaskrápi eitt af þeim hráefnum sem notuð eru í tískulínuna en línán samanstendur af hvorki meira né minna en hundrað hlutum og er innblástur sóttur í íslenska náttúru.

Hún er því ein sú stærsta sem hefur verið gerð hérlandis og heilmikil vinna sem liggur að baki henni.

„Við vorum hálf ár að ganga frá línunni en ef öll forvinna, það er hugmyndavinnna og fleira er tekin með í reikninginn spannar ferlið fjórtán ár,“ útskýrir Sruli, en til gamans má geta að einn jakkinn kallast Fjórtán ár og á heiti hans að endurspeglar fjórtán ára reynsu hönnuðarins sjálfs af mynsturgerð.

Við tekur nú mikil vinna við að ganga frá pöntunum og segist Sruli reikna með að þurfa að fjölga starfsfólki til að anna eftirspurn.

„Satt best að segja sárvantar mig fleira saumafólk á vinnustofuna mína og er að leita að menntuðum reynsluboltum til að aðstoða mig.“ [roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)



Sruli Recht er óhræddur við að fara ótroðnar slóðir í hönnun sinni.

MYNDR/MARINO THORLACIUS



Fjórtán ár kallast þessi frumlegi jakki.



Íslensk náttúra veitti Sruli innblástur.



Leðurskór úr hákarlaskrápi.

## ALLIR SANDALAR Á 7.800 KR. Í GYLTA KETTINUM



OPIÐ ALLA DAGA!!!

SUMARTILBOÐ Í 3 DAGA

FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · [www.th.is](http://www.th.is)



AUSTURSTRÆTI 8-10 · SÍMI 534 0005

*Dinmjúkar  
brúðargjafir*



Sendum frítt  
www.lindesign.is

**Lin**  
DESIGN

Lin Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Þórunn Árnadóttir hannaði kjól með QR-kóðum fyrir Svölu í Steed Lord.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Perluverkið hefur verið notað í afrískri menningu til að túlka persónueinkenni,“ segir Þórunn um þá hugmynd sína að perla QR-kóða á kjól. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Sýnir í einu stærsta hönnunarsafni heims

Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður var fengin til að taka þátt í sýningu í einu stærsta hönnunar- og listasafni heims með útskriftarverkefni sitt. Þórunn hannaði meðal annars kjól með QR-kóðum.

Þórunni Árnadóttur vöruhönnuði hefur verið boðið að taka þátt í sýningunni Power of Making í Victoriu & Albert safninu í London, sem er eitt stærsta hönnunar- og listasafni heims. Þórunn er eini Íslendingurinn sem tekur þátt í sýningunni með útskriftarverkefni sitt frá Royal College of Arts í London, QR U? Þórunn útskrifaðist með MA-gráðu í vöruhönnun frá skólanum í vor.

Útskriftarverk hennar var meðal annars kjóll með QR-kóðum sem hægt er að skanna á snjallsíma. Mynstur QR-kóðanna var perlað á kjólinn. „Perluverkið hefur verið notað í afrískri menningu til að túlka persónueinkenni og senda ákveðin skilaboð um einstaklinginn,“ segir Þórunn og bætir við að hún hafi viljað athuga hvernig nota mætti perluverkið í nútímalegu samhengi.

Þórunn gerði kjólinn fyrir Svölu Björgvinsdóttur í Steed Lord og segir að séu kóðarnir á kjólnum skannaðir birtist tónlist hljómsveitarinnar eða tónlistarmyndbönd. „Mér datt Svala í hug þegar ég ákvað að gera þetta verkefni. Mig langaði að vinna með hversu auðvelt er að kynna sig á netinu og nota samfélagsmiðla, eins og Facebook og Twitter, til að

koma sér á framfæri. Steed Lord er dugleg að nota þessa miðla og Svölu leist vel á þetta,“ segir Þórunn, en Svala hefur þó enn ekki komið fram í kjólnum. „Hún er í rauninni að kynna sig í London með kjólnum.“

Nýlega lauk útskriftarsýningu Royal College of Arts þar sem kjóllinn var til sýnis en í september fer hann á V&A safnið þar sem hann verður til sýnis fram í janúar á næsta ári. Auk þess verður gríma með QR-kóðum til sýnis. „Á sýningunni verður samansafn af hönnun eftir fræga hönnuði og minna þekktu. Það er verið að safna saman handverki sem notað er á sérstakan hátt í nútímanum,“ útskýrir Þórunn og bætir við að sýningin sé sett upp í samstarfi V&A safnsins og breska handverksráðsins.

Þórunn var einnig fengin til að hanna kynningarefni fyrir sýninguna og er eini þátttakandi sýningarinnar sem gerði það. „Ég gerði grímu með QR-kóða sem verður á plakati og útprentuðu efni fyrir sýninguna. Þegar fólk skannar grímuna fær það upplýsingar um sýninguna.“

martaf@frettabladid.is



 friendtex

# ÚTSALA

**MIKIÐ ÚRVAL AF  
FLOTTUM FATNAÐI**  
SILKIKJÓLL Á MYND NÚ KR. 9.990  
KÍKTU ÞAÐ BORGAR SIG

Opnunartími:  
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex  
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

# ÚTSALA

**50% afsláttur  
af öllum fatnaði**

**30% afsláttur  
af töskum og skóm**

Opið  
mánudag- föstudag frá 11-18,  
laugardaga frá 11-16.

Suðulandsbraut 50  
Bláu húsin við Faxafen  
108 Reykjavík  
Tel: 5884499  
mostc@mostc.is

**Möst.C**

## ÚTSALA !

**Glæsilegur  
sparifatnaður.**



**B/A/S/L/E/R**

Skipholti 29b • S. 551 0770

## SUMARÚTSALA Í FULLUM GANGI

MIKIÐ ÚRVAL AF FLOTTUM FATNAÐI.



**20-50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
VÖRUM**

KÍKTU VIÐ  
ÞAÐ BORGAR SIG :)

**COCO'S**

Cocos tiskuvöruverslun • Hverafold 1-3, Grafarvogi  
Sími: 577 3800

# HOLLT & GOTT

FIMMTUDAGUR 7. JÚLÍ 2011

Kynningarblað hollráð, grænmetisbændur, veitingahús, hráfæði, skyndibiti, sushi



Veitingastaðnum Nings var breytt á dögnum í tilefni tuttugu ára afmælis staðarins.



Á sögn Hilmars var verið að bæta orange-kjúklingi á matseðil Nings.

MYND/HAG

## NÝIR RÉTTIR Á MATSEÐLI NINGS

„Fyrir stuttu byrjuðum við með tvo nýja rétti,“ segir Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings, og telur upp: „Það er orange-kjúklingur sem er vinsæll kjúklingaréttur, sérstaklega í Ameríku. Svo vorum við líka að bæta réttinum kung pao við matseðilinn hjá okkur.“

Hilmar segir að réttirnir hafi mælst vel fyrir meðal viðskiptavina Nings. „Það er líka af nægu að taka vegna þess að við erum með áttatíu rétti á matseðlinum okkar.“



Nú er hægt að fá rétti af matseðli í tveimur stærðum á Nings.

## NÝJUNG Á NINGS

„Núna er hægt að fá rétti af matseðli í tveimur stærðum,“ segir Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings. „Hingað til hefur ekki verið hægt að fá réttina af matseðli nema í einni stærð.“

Hilmar lýsir hugmyndinni að baki þessari nýjung á þá leið: „Viðskiptavinirnir geta nú valið sér nokkra rétti af matseðli og deilt þeim á milli sín og með því getur fólk smakkað fleiri rétti hjá okkur,“ útskýrir Hilmar og bætir við að þetta form sé þekkt erlendis. „Nú þarf fólk ekki lengur að panta sér einn rétt heldur getur það fengið að smakka fleiri rétti af matseðlinum.“

## 20 ára og aldrei ferskari

Veitingastaðurinn Nings fagnar tuttugu ára afmæli sínu um þessar mundir. Í tilefni afmælisins hefur veitingastaðurinn að Suðurlandsbraut 6 verið gerður upp og tekinn í gegn með skemmtilegri útkomu.

„Við vorum að breyta staðnum okkar á Suðurlandsbraut og gerðum eiginlega alveg nýjan stað,“ segir Hilmar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Nings, og bætir við að breytingarnar hafi verið gerðar í tilefni tuttugu ára afmælis Nings. „Við breyttum öllu, gólfefnum, salernum, loftum, lýsingu og húsgögnum. Breytingarnar hafa tekist mjög vel og fólk tekur þeim mjög vel.“

Hilmar tekur fram að veitingastaðir Nings séu þrír í Reykjavík, á Suðurlandsbraut, Stórhöfða

við Gullinbrú og í Hlíðarsmára. „Á veitingahúsum Nings er lögð áhersla á að allt hráefni, kjöt, fiskur, krydd og grænmeti sé ferskt og eldað við mikinn hita á stuttum tíma sem tryggir ferskleika og gæði,“ segir Hilmar og bætir við að við eldun séu eingöngu notaðar kólesteróllausar hágæða matarölur.

Að sögn Hilmars hefur heilsu- matseðillinn breytt stefnu fyrirtækisins mikið. „Í dag eyðum við mun meiri tíma í að þróa og bjóða heilsusamlegan mat sem er sniðinn fyrir fólk í aðhaldi, en þrátt fyrir það gleymum við aldrei þeim sem elska djúpsteiktar rækjur.“ Hilmar segir að stefnan í skyndibitamati í dag snúist mikið um heilsu og ferskleika. „Og það er einmitt grunnurinn í stefnunni hjá Nings, ferskur heilsusamlegur matur sniðinn að þörfum hvers og eins.“



Að sögn Hilmars er stefna Nings að bjóða upp á ferskan og heilsusamlegan mat sem sniðinn er að þörfum hvers og eins.

MYND/HAG

Hilmar segir að sumarstemning sé á Nings og meðal annars séu í boði sumartilboð. Hilmar upplýsir brosandir að Nings hafi alltaf lagt upp með að bjóða vöru sem endurspeglar markaðinn hverju sinni, auk þess að vera fyrstir með nýjungarnar. „Þessi markmið hafa gert Nings að því sem það er í dag.“

Hilmar tekur fram að verðlagning á réttum Nings sé mitt á milli skyndibitastaðar og betri veitingastaðar. „Þetta verðbil endurspeglast í betri þjónustu og vöruúrvali. Á Nings er keppt við að allir geti fengið eitthvað við sitt hæfi, til að mynda má nefna að ódýrasti rétturinn á matseðli Nings er þrisvar sinnum ódýrari en sá dýrasti, þessi verðmunur sýnir hvernig við lítum á okkar kunnahóp, eins breiðan og mögulegt er,“ segir Hilmar og býður alla hjartanlega velkomna.

fyrir tvo eða fleiri

fyrir tvo 3590 krónur 1795 kr. á mann

# Sumar tilboð

Ristaðar eggjanúðlur með karrý og edamame baunum  
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt með Panda orange sósu, hrísgrjón  
2 x 0,5l Appelsín

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

1991-2011 20 ára

# NINGS

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

Taktu þátt í facebook leik Nings og Appelsín og þú getur unnið garðveislu frá Nings

# Eldrauðir í gegn og eftir því hollir

Peir eru eldrauðir í gegn og stútfullir af andoxunarefnum heilsutómatarnir sem Guðjón Birgisson og Sigríður Helga Karlsdóttir hafa ræktað síðustu ár í garðyrkjustöðinni Melum á Flúðum.



Sigríður Birgisdóttir og Guðjón Birgisson hafa áratuga reynslu í ræktun tómatu.

„Við erum með tómatu á 5.000 fermetrum og gúrkur á 1.000,“ segir Guðjón, sem er með rúmlega þriggja áratuga reynslu í ræktun tómatu. „Svo sáum við til hálftrar milljónar kálplantna á ári og ræktum þær úti á 11 hekturum. Þar ber mest á blóm-káli, spergilkáli og kínakáli.“

Guðjón segir tómatræktunina hafa verið bundna við eina tegund í fyrstu. „Svo fórum við að fjölga afbrigðum og auk þess algengasta ræktum við nú konfektómata og heilsutómata sem innihalda þrefalt meira Licopen-litarefni en þeir venjulegu. Við tinum þá eldrauða og

þeir eru þannig að innan líka sem gerir þá mun hollari, því Licopen er andoxunarefni sem er bæði gott fyrir hjartað og vinnur gegn krabbameini,“ lýsir hann og segir heilsutómatana hafa verið á markaðinum í fimm ár. „Við byrjuðum smátt en eftirspurnin hefur aukist mikið og við reynum að anna henni.“

Melar er vistvæn garðyrkjustöð sem skilar um 16 ársverkum að

sögn Guðjóns. „Við erum ellefu sem vinnum hér yfir hávetrartímamann en förum allt upp í tuttugu yfir sumarið.“ Hann segir vorið í ár eitt það erfiðasta sem hann muni eftir í útræktun, bæði kalt og þurrt. „Hér á Flúðum er yfirleitt þurrviðrasamt og í þessari þrálátu norðanátt hefur ekkert rignt en við bregðumst við bara við því og vökum og fyrsta kínakálið er að koma í verslanir nú í vikunni.“



Vistvæn og hollir heilsutómatu í vexti.

## Á GRÆNUM GREINUM

Freistandi konfektómatar á grænum greinum er glæný söluafurð hjónanna í Friðheimum í Bláskógabyggð, þeirra Helenu Hermundardóttur garðyrkjufræðings og Knúts Rafns Ármanns hestafræðings.

„Við ræktum í mold og erum með vistvæna vottun enda reynum við eftir bestu getu að hafa tómatana ferska, holla og bragðgóða,“ segir Knútur Rafn sem flutti ásamt konu sinni að Friðheimum fyrir sextán árum.

„Okkur langaði að vinna bæði við garðyrkjuna og hrossin og garðyrkjan er okkar aðalþúgrein. Vorum fyrst að rækta tómatu, papriku og agúrkur en fyrir tíu árum ákváðum við að sérhæfa okkur í tómtum og rækta þá allt árið um kring. Í dag erum við með þrjár tegundir, þessa sem er algeng-



Helena og Knútur Rafn á Friðheimum búa bæði með tómatu og hesta.

ust á Íslandi og einnig plómutómata sem við erum ein með. Síðan ræktum við litla tómatu, svokallaða konfektómata sem við seljum í öskjum og í sumar byrjuðum við með þá skemmtilegu nýjung að selja þá á greininni. Þar fá þeir að fullroðna og eru rosalega sætir og góðir. Svo geymast þeir lengur á greininni þó fólk eigi reyndar aldrei að kaupa sér tómatu til að geyma þá!“

## NOKKUR HOLLRÁÐ

**Manneldisráð og Landlæknisembættið** gefa hollráð á vefsíðu sinni:

- Sósan gerir oft gæfumuninn. Í einni matskeið af hamborgarasósu eru jafnmargar hitaeningar og í fimm matskeiðum af súrsætri sósu, átta matskeiðum af brúnni sósu ef hún er ekki uppþökuð, eða tuttugu matskeiðum af salsasósu.
- Hægt er að borða tvær brauðsneiðar í staðinn fyrir eina með því að smyrja þunnt eða nota sinnep í staðinn fyrir þykkt lag af smjöri, smjörva eða majonessósu.
- Fimm hundruð grömm af grænmeti og ávöxtum á dag minnka líkurnar á hjartasjúkdómum og mörgum krabbameinum.



## HOLLT LOSTÆTI



**Japanski rétturinn** sushi á sér meira en þúsund ára sögu. Þykir hann hið mesta lostæti um heim allan og einstaklega hollur að auki. Fiskurinn sem er notaður í sushi inniheldur jöð og D-vítamín og ákveðnar fisktegundir, eins og síld og sardínur, eru auk þess auðugar af omega-3 fitusýrum. Sjávarþangið inniheldur prótein og A, B1, B2, B6 og C vítamín, vasabi er ríkt af C vítamíni og edikið talið örva meltingu og styrkja ónæmiskerfið.

# Hráefnið ekki hitað upp fyrir 47 gráður

Hráfæði er aðferð til að matreiða grænmeti og ávexti, hnetur og fræ, þara og spírur á fjölbreyttan hátt. Hráfæði er ekki hitað upp fyrir 47°C svo að ensím í matvælunum skemmist sem minnst. Því er haldið fram að fólk sem þjáist af ýmsum kvillum finni mikinn mun á heilsunni eftir að hafa skipt yfir í hráfæði. Þá nota sumir þetta fæði til að grenna sig enda inniheldur hráfæði ekki mjólkurvörur, ruslfæði, brasaðan mat og djúpsteiktan, gosdrykkir og sælgæti.

Þeir sem neyta hráfæðis borða þannig einungis úr þremur fæðuflokkum af sex úr fæðuhringnum. Það er ávexti, grænmeti og hnetur og fræ. Fæðið er því einhæfara en ráðlagt er sem eykur hættu á næringarskort. Til að forðast hann er nauðsynlegt að neyta vítamín- og steinbættra matvæla, til dæmis kalkbætta jurtaföru. Auk þess þarf að huga að prótíninntöku þar sem prótín úr fæðu nýstast til uppbyggingar og viðhalds fyrir líkamann og veita einnig orku. Þeir sem ekki neyta prótíns úr dýraríkinu



Hráfæði hefur orðið vinsælt hin síðari ár. Fólk sem haldið er ýmsum kvillum segist finna mikinn mun á heilsunni eftir að hafa skipt yfir í hráfæði. NORDIC PHOTOS/GETTY

þurfa því að borða jurtafórn. Matreiðsluáferðir í hráfæði eru sérstakar þar sem maturinn er ekki hitaður upp fyrir 47°C. Á heimasíðu Matvælastofnunar má finna ráðleggingar um matreiðsluáferðir ef ýmsar hættulegar bakteríur og veirur finnast í matvælum og hreinlæti og hitastig skiptir miklu máli við með-

höndlun og eldun svo sjúkdómsvaldandi örverur valdi ekki skaða. Því er talið mikilvægt að einstaklingar með skert ónæmiskerfi ráðfæri sig við fagfólk í heilbrigðiskerfinu ef þeir ihuga að borða hráfæði vegna aukinnar hættu á matarsýkingum.

Heimild: [Visindavefur.is](http://Visindavefur.is) og [heilsubankinn.is](http://heilsubankinn.is)



# Heill heimur af hollustu!

Í meira en 30 ár höfum við kappkostað að bjóða upp á hollustuvörur í hæsta gæðaflokki.

Í Heilsuhúsinu færð þú matvörur úr lífrænni ræktun, snyrtivörur án aukaefna, vítamín og bætiefni, umhverfisvænar hreinlætis- og heimilisvörur svo fátt eitt sé nefnt.

Líttu við og leyfðu starfsfólki Heilsuhússins að aðstoða þig.



## Slökun

Burt með Stressið.  
Mest selda  
magnesium duftið.

**20%  
afsláttur**



TRUE FOOD®

Vítamín frá Higher Nature - Hámarks virkni!

**20%  
afsláttur**



## Nutri-Lenk Active

Frábært smurefni  
fyrir liðina.

**20%  
afsláttur**

**20%  
afsláttur**



## Amé

Ferskur og svalandi í allt sumar.

Tilboðin gilda til 10. júlí

## Yogi íste

Fáðu spennandi uppskrift að  
Yogi ístei í Heilsuhúsinu.



YOGI TEA



náttúrulega

heilsuhúsið

LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRATORGI • LÁGMÚLA • SELFOSSI • AKUREYRI • REYKJANESBÆ



#### HOLLAR FRANSKAR

**Franskar kartöflur** tengjum við yfirleitt við fitu og djúpssteikingu. Þær geta hins vegar orðið mun hollari ef þær eru búnar til heima. Þannig má skera kartöflur (eða jafnvel rófur eða sætar kartöflur) í strimla. Setja síðan kartöflurnar í ofnskúffu eða eldfast mót og bökunarpappír neðst. Pensla kartöflurnar með olíu og krydda með maldonsalti og pipar. Baka þær við 200 gráður í 25 til 30 mínútur.



#### BÆTIEFNI Í FISKI

**Fiskur** er næringarrík fæða. Hann er meðal annars auðugur af joði sem er mikilvægt efni fyrir eðlilega starfsemi skjaldkirtils. Þá inniheldur hann töluvert af efniinu selen sem ásamt E-vítamíni hindrar þránun/öldrun, svo fátt eitt sé nefnt. Í feitum fiski er líka að finna töluvert af D-vítamíni sem meðal annars stuðlar að nýtingu kalks og dregur úr líkum á beinþynningu. Kalk er ekki í miklu magni í fiski nema þeim sem neytt er með beinum eins og til dæmis í sardínium.

Heimild: [www.wikipedia.org](http://www.wikipedia.org)



#### MANGÓ OG JARÐARBERJA-SMOOTHIE

##### Hráefni:

1 BOLLÍ FROSIN JARÐARBER  
1 BOLLÍ AF SAFA ÚR MANGÓ  
1/2 BOLLÍ HREIN JÓGÚRT  
4 ÍSMOLAR

Blandið jarðarberjum, mangó-safa, jógúrt og ísmolum saman í rafmagnskvörn þar til blandan er þykk og froðukennd. Tilvalið er að hella henni í tvö há glös og bera fram með röfum.

#### BEST AÐ BORÐA ÚR ÖLLUM FÆÐUFLOKKUM

**Fæðuhringur sýnir** sex fæðuflokka. Það eru kornvörur, grænmeti, ávextir og ber, fiskur, kjöt, egg og baunir, mjólk og mjólkurvörur og að lokum feitmeti.

Undirstaða holls mataræðis er að borða fjölbreyttan mat úr öllum fæðuflokkunum. Einnig er mikilvægt að borða margs konar mat úr hverjum flokki því hver fæðutegund hefur sína sérstöku samsetningu næringarefna. Á myndinni hér að ofan er sælgæti í fæðuhringnum. Það á þó alls ekki að vera því kökur, kex, ís, sykraðir gosdrykkir eða djús er ekki nauðsynlegt til vaxtar og viðhalds líkamans. Þessar afurðir eru flestar feitar eða sætar og sumar hvort tveggja. Í þeim er iðulega mikil orka en lítið eða ekkert af nauðsynlegum næringarefnum. Sætindi skemma auk þess tennur. Rannsóknir benda einnig til þess að neysla á sykrudum drykkjum, t.d. gosdrykkjum, geti aukið líkur á offitu.

Heimild: Lýðheilsustöð



## FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillsveisluna*

Pykkvabæjar  
forsóðnar grillkartöflur  
kartöflusalat  
hrásalat

**Einfalt og gott!**



**Pykkvabæjar**

**BÍLAR & FARATÆKI**



**100% Visa/Euro lán í boði**

VIKING 1706 saga. Árgærd 1996, svefntjöld, grjótgrind. Verð 499.000. Rnr.202441



PALOMINO Yeraling iy-4102. Árgærd 2007. Sólarsella, fortjald, svefntjöld, grjótgrind. Verð 1.850.000. Rnr.202337.



TOYOTA Prius hybrid. Árgærd 2006, ekinn 60 P.KM, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Verð 2.550.000. Rnr.163740.



**Ekinn aðeins 20 þkm**  
TOYOTA Prius hybrid. Árgærd 2006, ekinn 60 P.KM, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Verð 2.550.000. Rnr.163740.



**100% Visa/Euro lán í boði**

NISSAN Terrano ii 5-sr 7 manna 35". Árgærd 1998, ekinn 230 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 590.000. Rnr.164159.

**Bilabankinn**  
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**  
**Sími: 588 0700**  
**Opíð 12-16 laugardaga**  
**www.bilabankinn.is**

**bilfang.is**  
S. 567 2000



38" DIESEL! MMC L200 11/2007 ek 63 þkm full breyttur á 38" er á staðnum fullt af myndum og nánari lýsing á bilfang.is sjá raðnr 170162 á að seljast verð aðeins 3680 þús !!

**Bilasan Bilfang**  
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**  
**Sími: 567 2000**  
**www.bilfang.is**

**Bílastjarnan**



Sportsman 500 H.O.. árg 06, verð 800þ S: 844-1404

**Bílastjarnan**  
**Bæjarflöt 10, 112 Rvk.**  
**Sími: 567 8686**

**BÍLA KAUP**  
S:577.1111  
bilakaup.com



Það staðfestist hér með að úrvalið er í Bilakaup á Korputorgi, sumarið er komið.



FORD E350 tioga motorhome. Árgærd 1999, sjálfskiptur, Rafstöð, Gastankur 36l, 160l vatnstantur, markisa. Verð 4.990.000. Rnr.101949.



POLAR 560 kojur fortjald. Árgærd 2009, gólfhiti. Verð 4.490.000. Rnr.260144.




HOBBY 720 uml. Árgærd 2008, kojuhús, Alde. Verð 4.290.000. Rnr.204307.

**Bilakaup**  
**Korputorgi, 112 Reykjavík**  
**Sími: 577 1111**  
**http://www.bilakaup.com**


**Bíla & FerðavagnaMarkaður**



Ford Focus 2005 - 1,6 - 550 þús út - Yfirtaka 640 þús. Afb. 23 þús. ek. 90 þús. Dökkar rúður og dráttarkrókur. Skoðaður til Júní 2012. Ný smurður. Toppeintak. Visa/Euro. Stórt útipláss. Á staðnum. Uppl í síma 445-3367/695-7608 Axel



Til Sölu Palomino Mustang 14 Fet, 2006 með hörðum hliðum. Sólarsella og Markisa með 3 hliðum. Góður kassi á beisli. Verð 2.190 þús. Tilboð 1.890 þús. Á staðnum. Óskum einnig eftir öllum ferðavögnum á skrá.



Til Sölu Knaus Eifelland Deseo 400 QL 2007. Fortjald, Hjónarúm, Ísskápur og Salerni. Svefnpláss fyrir 3. Sjonvarpsloftnet. Áhvilandi yfirtakanlegt lán frá Íslandsbanka 1.180 þús. Verð 1.990 þús, Tilboð 1.650 þús. Á staðnum



**Ferðavagnamarkaður**  
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**  
**Sími: 445 3367**  
**www.ferdavagnamarkadur.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



VW Caddy 1.9 DIESEL Árgærd 3/2008, ekinn 44þkm, bsk. Mjög gott eintak sem er á staðnum! Verð 1.950.000kr. Raðnúmer 151885. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**  
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**  
**Sími: 5861414**  
**Myndefirlit á plani**  
**http://www.stora.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**



Til Sölu Hymer Eriba 525 ,2007. Sólarsella, Gas og rafhitun á vatni. Gólfhiti. Eldavél, bökunaröfn og salerni .Fortjald. Sjonvarpsloftnet. Kojuhýsi. Verð 3.790 þús , Tilboð 3.200 þús. Á staðnum. Mikið úrval af ferðavögnum til sölu og góð eftirsurn.



Til Sölu TRIGANO RUBIS 380 TDL hjólhýsi, 2007. Markisa, Sólarsella og Ísskápur. Upphækkanlegur Toppur. Vel með farið hýsi.. Verð 1.890 þús. Hentar vel fyrir fólksbíla.

**Ferðavagnamarkaður**  
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**  
**Sími: 445 3367**  
**www.ferdavagnamarkadur.is**



**Utdið eiskum að selja bíla**



AUDI A4 sedan 130 hö. Árgærd 2001, ekinn 150 P.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.132480. Er á staðnum.



PEUGEOT 290 húsbiill. Árgærd 1993, ekinn 94 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.390.000. Rnr.103226. Mjög vel með farinn

**Diesel.is**  
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**  
**Sími: 578 5252**  
**http://www.diesel.is**



JEEP Grand cherokee SRT8. Árgærd 2007, ekinn 42 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000.TILBOÐ 3.990.000.- Rnr.333409.

**Toppbilar**  
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**  
**Sími: 587 2000**  
**www.toppbilar.is**



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**  
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**  
**Sími: 568 5100**  
**http://www.suzuki.is**



TOYOTA LAND CRUISER 90 GX 33" COMMON RAIL 11/2000, ekinn 152 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.180.000. #321157 - Bíllinn fallegi er á staðnum!



TOYOTA TACOMA 4X4 Árgærd 2002, ekinn 160 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. #282495, skoðar ýmis skipti. Bíllinn er á planinu!



BMW 330XI S/D E90 12/2007, ekinn 57 P.KM, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, leður ofl. ofl. Verð 5.180.000. #283090 - Bíllinn var að koma í sölu, kíktu á hann!

**Bílalind**  
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**  
**Sími: 5808900**  
**Hlökkum til að sjá þig :)**  
**www.bilalind.is**



**HÖFÐABÍLAR**  
... þar sem bílar seljast

MAZDA 3 turbo. GLÆSILEGT EINTAK, ekinn 58 P.KM, bensín, 5 girar. Tilboðsverð 2.490. þús Rnr.129314.



CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. ekinn 72 P.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. 8 MANNA Tilboðsverð 2.320. þús Rnr.127697.

**Höfðabílar**  
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**  
**Sími: 577 4747**  
**www.hofdabilar.is**



OPEL CORSA 3-2000 EK 166P 5GÍRA 1,2 NÝ SKOÐAÐUR V-390P. TILBOÐ 290P. RADNUMER.193098



Trumatic C 4002/Miðstöð og vatnshitari ónotuð, kostar ný rúmlega 400þ., verð 250 þ. Góð gasmiðstöð og vatnshitari (12 lítra) sem hentar vel í ferðavagna, bíla, báta og sumarhús.

**Bifreiðasalan**  
**Stórhöfði 15, 112 Reykjavík**  
**Sími: 577 4400**  
**www.bifreidasalan.is**



HEST GROUP A hestakerra. Árgærd 2007, Flott og lítið notuð 3 hesta kerra, Ásett verð 990þús.kr Rnr.115808, er á staðnum,



X-TREME Lite xf23rb sl. Árgærd 2007, Fifth wheeler, Stór, flottur og með öllum lúxus. Vel með farið hús, Verð 3.990.000. Rnr.116267. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**  
**Pverholt 6, 270 Mosfellsbær**  
**Sími: 517 9999**  
**Opíð virka daga 10-18.00,**  
**Lokað á laugardögum.**  
**www.100bilar.is**



Til sölu Suzuki Intruder 1800, árg. 2008, ek. 3.300 km. Perluhvít. Verð 2.190 þús. Uppl. í s. 893 9110.

**Bílar til sölu**




Til sölu Polar 590 kojuhýsi. Hjólhýsi fyrir íslenskar aðstæður í hæsta gæðaflokki. Hlaðið aukahlutum, stórt og lítið fortjald, sjónvarp, DVD, 2 x rafgeymar, sólarsella ofl. Upplýsingar í S. 420 6600



Til sölu Bens árg. '79. Fornbíll. Þarfnast umönnunar. Uppl. í s. 822 9754.



50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangi! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Þjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.



Til sölu Ford Explorer Sport Trac Ltd. árg. 2007, V8, ekin 68 þús., leður, dráttarkúla, plastiok, einn með öllu. Verð 3.190 þús. áhv. lán 1.500 þús. og greiðslubyrði 43 þús. Myndir á flugid.is/ explorer. Uppl. í síma 499 1757 eða á gusigur@vortex.is



Skoda Octavia 2003, 1900 vél Diesel sjálfskiptur, ný túrbína. Ekin 220 þús. ásett verð: 790 þús. Gylfi S: 860 1330.



Til sölu vw transporter dísel árg 1997, ek 206 þús km skoðun 12, aðeins útiitgallaður og malar eins og köttur á steinolíu verð aðeins 190 þús frekari upplýsingar í síma: 847 3087



Chevrolet Silverado 2500 '05. 79þ. km. Bensín. v. 2,9m. TILBOÐ 1.950þ. s.698 6021.



Til sölu Ford Transit 300M VA árg. 2006, keyrður 107.000. Vel með farinn bíll. Verð 1490.000.- str. m/vsk. Uppl. Sigurður s. 617 8830.

**Til sölu**

**Til sölu Polar 590 kojuhýsi.**



Hjólhýsi fyrir íslenskar aðstæður í hæsta gæðaflokki. Hlaðið aukahlutum, stórt og lítið fortjald, sjónvarp, DVD, 2 x rafgeymar, sólarsella ofl. Upplýsingar í S. 420 6600

## Bílar til sölu



Opel Astra 1600G árg. 2000. Grænsans. að lit. Skoðaður 2012, Ný tímareym, nýir ventlar, nýlegur vatnskassi. Ekinn 178.000 km. Bílnum hefur verið haldið vel við. Staðgr. 370.000.- Nánari uppl. í síma 869 2454 / 848 7552



Skoda Oktav 2.1. Árg' 8/05. Sjsk. Cruise, abs, aksturstölv, hiti í sætum, raf í rúðum og speglum. Nýtt: treim, v.dæla, platinukerti, b. borðar og diskar, demparar, sia og olía, á ssk og vél. Vetar og sumardeck á felgum, dráttarbeisli. V. 1650 þús. S. 899 9096



Til sölu Honda crf árg. 2006. Vel með farið og lítið notað, aðeins einn eigandi frá byrjun. Verð 550.000.- Gsm: 698 7976

**BMW 730, diesel.**

BMW '06 til sölu, ek. 80 þús. Fallegur og góður bíll. Ásett v. 7.8 millj. Ath. skipti á ódyrari, jeppa 4-5 millj. Skoðaðu allt. Uppl. í s. 690 1074, Jón.



LÁGT VERÐ. Ford Escape '06, ekinn 73 þús. með krók, skíðaboga og dekkjum. Vel með farinn, þarf að seljast, fast útsöluverð 1,450 þ.kr. S. 864 7179.

Hyndai Trajet 02" Ek. 173þ. v. 450þ. stgr. áhvl. 100þ. sk.12" s. 662 3881

## 250-499 þús.

Til sölu Reno kango 00' árg. Sk 2012. Ný tímareim og fl. Uppl. í síma 898 4004

## 500-999 þús.



Hyundai Getz. Ek. 133 þús. Árg '03. Skipt um tímareim í 90þ.km. Verð 680þ. Uppl. í s 898 5343.

## 1-2 milljónir

Suzuki Grand Vitara ljósgrár árg. '06 ekinn 106þús skoðaður 2012 á 1.850þús Tilboð og upplýsingar í síma 869 7379.

## Bílar óskast

**Bill óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**ÓSKA EFTIR SUBARU STATION**

Legacy,forester,imprezu! ekki eldri en 96 má þarfnast smá lagfæringa, fyrir 0-250 þús stgr! s.691 9374

**ÓSKA EFTIR JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED**

árg. 99-03, borga allt að 700 þús stgr! fyrir rétta eintakið! uppl. 691 9374

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**  
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoðaðu allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringa. Sími 857 9326.

## Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar



Til sölu Ford húsbíll árg. '81. Ek. 138.000 km. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í síma 822 9754.



## Smáratorgi 1

Eigum úrval af borðbúnaði og fleiru fyrir húsbíla og báta. Bara ódyrari Domti Smáratorgi Kópavogi.

## Mótorhjól



Kawasaki 450 kfx, árg. 09' mjög gott hjól, lítið ca 37 tíma. Uppl. í síma 898 4004

## Reiðhjól

**Kriá Hjól**

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól - Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kriá Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Hjólhýsi

LMC Dominant 560 RBD árg 08 til sölu Aukahlutapakki að verðmæti 1.100 þúsund fylgir Ásett verð 4.150 þúsund Uppl. í síma 893 0808

LMC Munsterland 720 árg. 2005 til sölu. Mjög gott fyrirkomulag í húsinu. aldi, gólfhiti, teppi, ískápur, bakaraofn, sturta, tv, cd, markisa, kojur. Svefnaðstaða f.8. verð 3,7 millj. uppl. lindaj@simnet.is / 864 4092

## Fellihýsi



Vel með farið 9 feta Palomino Colt, kr.770þ. Skoð. '13. Fortj., svefntj., nýr geymir, ofl. S.863 3314



Palomino 4103 árg 2006 10 fet+gkassi. Dekurvagn, allar græjur. Er á Suðurlandi. S:860 8182

Coleman Santa Fee 10 feta fellihýsi, árg. 2000 til sölu. Einn eigandi. Upplýsingar í síma 899 6009.

Fleetwood Cheyenne árg 06, 10" mjög vel með farið og ávallt geymt inni. Hlaðið aukabúnaði t.d. fortjald, heitt vatn, geymsluvasar, cd/útvarp, ískápur, geymslukassi o.fl. Verð 1800þús uppl: 8248570

Til sölu er fellihýsi; Palomino Colt 9 feta, Árg. 2006. Húsið er með sólarcellu, og nýjum rafgeymi. Húsið er lítið notað og fæst fyrir 1,4 mkr. Upplýsingar í síma 863 9949 eftir kl. 17:00

## Pallhýsi

Til sölu pallhýsi af Ford 150. Mjög vel með farið. Travel Lite 800. Árg. 2006. Tilboð 1590 þús. uppl. í síma 6592961 Stjani.

## Tjaldvagnar



Alpine Cruiser Duet árg. 90". Gaseldav. (3hellur). Stórt fortjald, öryggislás, dúkur í fortjald og vagni. Nýsk. v. 270þ. s. 692 0393 & 697 9646

## Vinnuvélar



Hitachi ZX17U, Þyngd 1700 kg. Árg 2008 90 vinnustundir. Hraðtengi + 4 skóflur + fleyglagnir. Verð án vsk: 2.600.000 Upplýsingar í s. 694 3700 og 694 3800



**leiguvelar.is**  
Sími: 414-8600



## Bátar



Til sölu Yamarin 59C, 6manna sportbátur 5,81 meter. Yamaha 100 hestafla mótur, aðeins 50 tímar. Hentar vel á sjó sem vatn. Kerra fylgir. Verð 3,9 m. stgr. Upplýsingar í síma 860-7900.



Suzuki 25HP 4 gengis mótur árg 2006, kerra fylgir með. Vel með farinn Zodiac 380 bátur með geymslutösku í stefni. Upplýsingar í Síma 527 2600

## Hjólbarðar

**Þarfðu að láta hjólástilla bílinn?**

Við notum fullkomna hjólástillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir



Notaðir TOYOTA varahlutir  
**Sími: 587 7659**

Kaupum Toyota bíla. Ópið virka daga 9-18. Við erum þjónustaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bilapartar, Grænarnýri 3, Mosfellsbær.



**Bílapartasala**  
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

## Erum að rífa!

Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugeot 306. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Varahlutavaktin

Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'03, WV Passat '98-'00, Pajero '97 bensín og dísel. Kia carnival '01, Accent '98. Ópið 09-18 og lau. 10-14. Uppl. í s. 555 6666

## Varahlutavaktin

er þjónusta með notaða varahluti í bíla. Vorum að opna á Eldshöfða 6 (Gamla Vaka). Allir velkomin. Ópið 09-18 og lau. 10-14. Uppl. í s. 555 6666

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bilabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj.

**Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfþónun, teppahreinsun, gluggavottur. Alhliða garðþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**Láttu fagmenn vinna verkið.**

Hellulagnir  
Jarðvegsskipti  
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.  
Vönduð vinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.  
**Bjössí 696 6676**  
www.hellulagnir.is



→ Garðsláttur  
→ Garðaúðanir  
→ Beðahreinsun  
→ Trjáklippingar  
→ Trjáfellingar  
→ Þökulagnir  
→ Hellulagnir  
→ Sólpassmiði  
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsnáðameistarar. Vanir menn, snór handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Gröfþjónusta Auberts.**  
Allar stærðir af gröfum með flegg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtgrajót og allt fyllingarefni, jöfnun löðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.  
**Sími 892 1663.**



**Garðþjónusta Reykjavíkur**  
20% afsláttur fyrir eldri borgara.

Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsunir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir, sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjamt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.



Vönduð vinnubrögð!  
**Róbert S. 866 9767**



Trjáklippingar  
Trjáfellingar  
Garðsláttur  
Beðahreinsun o.fl.  
www.hreinirgardar.is  
**S. 571-2000**



Allt fyrir garðinn á einum stað  
• Trjáklippingar  
• Garðsláttur  
• Beðahreinsun  
• Stubbataeting  
• Garðaúðun  
• Þökulagnir  
• Ög margt fleira  
Traust þjónusta í 20 ár  
554-1989  
Garolist.is

**Gerðu Garðinn frægan**

Tek að mér alla almenna garðþjónustu ss. Jarðvegsskipti, Trjáfellingar, stubbataetingu, Hellulagningar og margt fleira. Erum með trjáklara sem tekur allt að 30cm svera trjáboli, tréin unnin á staðnum. Véla og tækjalaega. Jákvætt ehf S. 696 9932 jakvaett@simnet.is

**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufæðingur. Sími : 848 1723.

**Viltu fækka túnfíflum**  
Sérhæfum okkur í að uppræta túnfífla og annað illgresi af fletinum þínum, GRÆNN FLÖTUR ER OKKAR FAG. Garðþjónusta RVK S. 772 0864.

**Sólpassmiði Reykjavíkur**  
Vönduð vinnubrögð og hagstætt verð. S. 772 0864.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar


Málarar geta bætt við sig verkefnum. Fagleg vinnubrögð og sanngjamt verð. Uppl. s. 774 5775

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengi. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Húsaviðhald



Litli klettur  
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu  
Litliklettur.is - s: 699-0355



Sími 896 4947 Netfang: hamrabort@simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrvíðgerðir og flíslagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Rafvirkjun




**RAFMAGNSTÖFLUR !**  
S. 663 0746

Rafmagnstöflur ásamt búnaði á frábæru verði. Uppsetning innifalinn í verði. Straumblik ehf, lögg. rafverktaki.



Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldri húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.  
Fljót og góð þjónusta  
Sími 893 1733  
Jón Jónsson  
Löggiltur rafverktaki  
www.raflagnir.is

**12 og 24 volta lensidælur.**  
**Gúmmí-dæluhjól.**



**dælur**  
 Dælur ehf  
 Smiðjuvegi 11 gul gata  
 Sími 517-0060 dælur@daelur.com

**Varahlutir**  
 í Mercury, Johnson, Evinrude,  
 Yamaha utanborðsmótora  
 Mercruiser og Volvo Penta bensín innanborðsvélar



Súðarvogi 42, 104 Reykjavík,  
 sími 571-1020  
 Opið virka daga 14-19,  
 laugardaga 10-14

**Smart motion running**  
 Hlaupastíls námskeið  
 Léttari hlaupataekni

Hlaupanámskeið  
 5km, 10km, 21km

www.smartmotion.is | info@smartmotion.is

**GSM MAGNARAR**  
 Er GSM sambandið lélegt?  
 GSM magnarar virka þannig að loftnet er sett utan á húsið, annað loftnet inni í húsið og allir fá þá notið mögnunarinnar.



Verð frá kr. 38.537  
 Dalvegur 16b s: 554-2727

**Hugna.is**


**[ AIS Fyrir Bata og Skip ]**



AIS Class – A      AIS Class – B      AIS Class – B með skjá

Betri búnaður - Betra verð  
 Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

**Útsala** á meðan birgðir endast.  
**20% af lauftrám og runnum og 30% af sígrænum trjám og runnum.**  
 Mikið úrval af stórum trjám.



Garðplöntustöðin Gróandi  
 Grásteinum  
 271 Mosfellsdalur  
 Sími 566 7339

**Tilboð**  
 á fjarstýrdum bensín-sportbílum



Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

www.4h.is



**Fjór hjólalagerinn**  
 Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3355

**XPRENT**  
 -merkir allt!

Sólarfilmur og sandblástursfilmur



www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

**STOR**

Hitamyndavélar  
 Röramyndavélar



sjá nánar á  
 www.stor.is

**ALPAR TRÉSMÍÐI**  
 ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.

20 ÁRA REYNSLA.  
 TILBOÐ/TÍMAVINNA

UPPL. HJÁ GUÐMUNDI Í S. 895 6820  
 ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**freud**  
 Hjólsagarblöð  
**Skerping ehf.**



Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA  
 ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI  
 WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Sími 864 - 4188



Sérnaumur einangrunarlök og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.

Netfang: www.fjardarbolstrun.is  
 Sími: 864-4188

**DAKIN FLATHERS**

Bandsagarblöð



Trúin flytur fjöll  
 við flytjum allt annað

**553 5050**

Allir bílar með þessa



**SENDIBÍLASTÖÐIN H.F.**

Klettagaróar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000  
 www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

Bjóðum úrval tækja til leigu



**KRAFTVÉLALEIGAN**

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verttakavinna



Brotafli ehf  
 Símar 894 8040  
 894 8044  
 Fax 565 0050  
 Netfang: brotafli@simnet.is

Hjólbarðaviðgerðir  
 Smurþjónusta  
 Bremsur  
 Demparar  
 Rafgeymar  
 o.fl.



Gylfaflöt 3  
 Grafarvogi  
 Sími 567 4468  
 dekk@gummisteypa.is

**GENERAL HJÓLBARÐAR**

**BRA**  
 BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510  
**TOYOTA-þjónusta** www.bilasprautun.is

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR  
 BREMSUKLOSSAR  
 SPINDILKÚLUR  
 ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA  
 RAFGEYMAÞJÓNUSTA  
 OLÍS SMURSTÖÐ  
 BÓN OG ÞVOTTUR



**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**  
 SÆTUNI 4 • SÍMI 562 6066

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
 viðgerðir - sala  
 hröð og góð þjónusta  
 Dugguvogi 23 - s: 5814991  
 rafstilling@rafstilling.is



**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**  
 Viðgerðir og viðhald fasteigna!

info@husavidgerdir.is - www.husavidgerdir.is  
 info@hagaedi.is - www.hagaedi.is

**Sími: 565-7070**

**VERKTAKAR ATHUGIÐ!**

Vannst þú tilboðverk sem voru vísitölutryggð frá maí 2009?  
 Eða verk sem fóru í gang eftir febrúar 2010?

EF SVO ER – varstu þá búin að fara fram á leiðréttingu hjá verkkaupa?  
 Tökum að okkur útreikning, undirbúning kröfugerða og innheimtu slíkra mála

Hafðu samband og sjáðu hvort við getum hjálpuð þér

**Metis bókhald & ráðgjöf ehf.**  
 Sími 895-0566 eða metis@metis.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjaf., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

Spásímenn 908 5666. Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímápanantir í síma. 891 8727. Stella.

## Spásími 908 6060

Spámiðun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbæni, draumar og trúnaður. Ópið frá 12-23. S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

## Önnur þjónusta

Fatabreytingar  
Vegna sumarleyfa  
verður opið milli  
kl. 13-17 í Júlí.

Allar fatabreytingar og viðgerðir.  
Skraddarinn á Horninu,  
Skúlagata 26

Sími 552 5540. & 861 4380.  
Ópið frá 10-17 alla virka daga.

## Til sölu



Jóna armböndin! Orka/Jafnvægi Verð aðeins kr. 1,490- Frí heimsending hjá www.hebol.is

## Útboð

## ÚTBOÐ

Húseigendur að Grundargerði 12, 108 Reykjavík óska eftir tilboðum í breytingar og viðbætur á húsinu samkvæmt útboðsgögnum.

Útboðsgögn fást afhent hjá Gunnari Bjarnasyni að Síðumúla 3 – 5, 2. hæð Miracle.

Tilboðum skal skila inn á sama stað fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 21. júlí n.k.

## Atvinna

## Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 452 2800, fax: 452 2782, íþróttahús: 452 2750, Veffang: http://hofdaskoli.skagastrond.is Netfang: hofdaskoli@skagastrond.is



## Höfðaskóli auglýsir:

## Lausar stöður grunnskólakennara

Leitað er eftir kennara í 85% stöðu á miðstigi og 45% stöðu smíðakennara.

Höfðaskóli á Skagaströnd er lítill skóli með rúmlega 100 nemendum. Skólinn er vel búinn til kennslu og er vinnuástaða kennara mjög góð.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Ingólfssdóttir skólustjóri, gsm 849 0370. Hægt er að senda umsóknir á netfangið hofdaskoli@skagastrond.is

Umsóknarfrestur er til 21. Júlí.



## Til sölu

Antik skápur verð 50.000 Uppl í síma 772 6658



## Til sölu

Stórt barnarímlarúm verð 30.000 Uppl í síma 772 6658



## Rafmagnsgolkerra

Er með góða og lítið notaða rafmagnsgolkerra til sölu. Verð 40 þús skoða skipti á tengdamömmuboxi. Uppl í s. 8474645

Málverkaskafn úr dánarbúi til sölu. Málverk eftir Valtýr Pétursson, Guðmundur Einarsson, Eggert Guðmundsson, Karólína Lárúsdóttir, Atli Már og Kári Selst á sangjörnu verði S: 615 1771

Iphone 4 til sölu 32 gb. Nýr enþá í kassanum með plastinu á og ólaustur. Verð 135 þús. Uppl. í síma 8679357

**Eru flugurnar að angra þig?**  
Effitan flugnafæluúði

áhrifamikill og ón alra eitruhá. Allt að 8 líma vikni.

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hjá N1 Innflutningsaðili. Gongur vel ehf.

**Hágæða sláttutraktórar**

Estate Pro 22 sláttutraktör

**STIGA**

Vetrarsól ehf.  
Askalind 4 · Kópavogi · Sími 5641864

**ÖRYGGISSKÁPAR**

SecureLine

Öryggisskápur fyrir heimili og fyrirtæki

**OPTIMA**  
Vindlandsleio 6-8 · S: 588 9000  
www.optima.is

Öryggis- og peningaskápar, ný sending.

Útsala! Útsala!  
30%-70% afsláttur.

Af öllum fötum og töskum. Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**Kaup gull!**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.  
Uppl. á demantur.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

## Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Skotvopn

Sumar útsala á skotveiðivörum. Allt að 40% afsláttur. Tactical.is Netverslun

## Verslun



ÚTSALA, ÚTSALA!! 15-70% afsláttur. Verslunin Emília Bláa húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

7 rósir 990 kr.

**Dalía**  
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ  
S. 568 9120

## Ýmislegt

Til sölu vegna breytinga líkamsræktartæki af líkamsræktarstöð. Fjöldinn allur af tækjum á góðu verði. Einnig rope yoga bekkir. Sími. 8615718

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vik. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuáðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet. is Rannveig s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



## TANTRA MASSAGE

Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## NUDD - DEKUR - ÍPRÓTTANUDD

Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir finger), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

Faglærður nuddari. Bíð upp á gott slökunar og djúp nudd. Kem einnig í heimahús. S. 894 4817

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn

Patti hornsófi, lítið notaður. Stór sjónvarpsákur, nýlegur. Nýtt hornborð fylgir með. V. 50 þús. Uppl. í s. 861 1021.

## Sumarbústaðir



## Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!

Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 85þús sun-föst 5 nætur 115þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhús.edicypages.com

## Atvinnuhúsnæði

Fiskbúð til sölu á besta stað í bænum. Uppl. í síma 896 3851.

Til leigu verluarhúsnæði (2 bil 120 og 280) þar sem rekin hefur verið verslun, sjoppa eða veitingastaður. Einnig 8-20fm bil. Upplýsingar í síma 8615718

## Geymsluhúsnæði

## geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Geyma búslóðir eða vörulager o.fl. uppl í s: 8933475

## www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Ópið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

## BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR

UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

Gisting í miðbænum, verð 15þ. dagurinn, 70þ. vikan. Uppl. S. 8981492.

## Atvinna í boði

## Meirapróf.

Okkur vantar meiraprófsbilstjóra í afleysingar á flutningabil hjá heilidsöluvirkteki í Rvk. Um er að ræða alls fjórar vikur. Vikur: 29-30-31-33  
Vinsamlega sendið umsóknir / fyrirspurnir á netfangið: vinnukraftar@gmail.com

Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla vinnu, helst með reynslu. Upplýsingar á staðnum, Austurstræti 20

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir þjónum í bæði fulla vinnu og hlutastarf. Upplýsingar á staðnum, Laugavegi 2

Atvinna í Vestmannaeyjum Okkur vantar hressit fólk í vinnu við afgreiðslustörf og þjónustu í sal í elsta og helsta Bakarni Vestmannaeyja. Upplýsingar veitir Bergur 8982466. Vilberg Kökukhús

Proline ehf. óskar eftir að ráða tæknimenn til starfa við fóðringar á skólplögnum. Einungis kemur til greina að ráða fólk með sveinspróf í pípuhlögnum eða fólk með mikla reynslu af lagnavinnu. Einnig óskum við eftir aðstoðarmönnum með einhverju reynslu af lagnavinnu. Framtíðarstjórn í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir sendast á sigurdur@proline.is. Umsóknarfrestur til 15. júlí 2011.

## Fín Sumarvinna

Vantar fólk í símasölu 2-5 kvöld virka daga frá kl.17.30- 21.30. Góðir tekjumöguleikar. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í síma 868-4551 eftir hádegi virka daga. 20

Aðstoðarmaður óskast í eldhúsi, íslensku og ensku kunnáttu nauðsinleg uppl: 8232862 e.kl.12

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://Ireland.is/einar

## Atvinna óskast

Meistararnemi í lögræði óskar eftir atvinnu, til greina kæmi að starfa meðfram námi í haust. S: 849 99 88

## Tilkynningar

Ökumaður rauðs Ford pallbils sem bakkaði á ljósan Rav jeppling í brekkunni á Spítalastíg miðvikudag 8. júní um kl. 13:30 er beðinn að hafa samband í s. 849 2491.

## Einkamál

Spjalldómur 908 5500 Ópið allan sólarhringinn.



Flottasta ljósakróna í heimi? Ciccantrices De Luxe 8 hönnuð af Philippe Starck. Kostar ný allavega 900.000. Óska eftir tilboðum og skoða öll skipti. Uppl. í s. 695 4777.

## Dýrahald



Gullfallegir svartir dvergschnauzer hvolpar til sölu. Afhendast eftir miðjan júlí með ættbók frá HRFI. Nánari upplýsingar í síma 8996555 og á kolskeggs@kolskeggs.is Sjá einnig myndir af hvolpunum á www.kolskeggs.is

Basset Fauve De Bretagne hvolpar leita að framtíðarheimili. Með ættbók frá HRFI, bólusetting og örmerktir. Nánari uppl. í síma 8447174 og á westie@mis.is

Poodle hvolpar til sölu. Hvítur hundur með ferskjulit eyru f. 14feb. Algjör bangsi og svartur 11 mán hundur. s. 896 2114

Yndislegir papillonhvolpar óska eftir framtíðarheimili, fjórir 9 vikna rakkar tilbúnir til afhendingar. Með ættbók frá HRFI, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Upplýsingar í s- 4866034, á www.123.is/hlidar og hlidgnup@hotmail.com

## Húsnæði í boði

## www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Vinnuherbergi til leigu 110 RVK

3. vinnuherbergi í sameiginlegu skifstofuhúsnæði á góðum stað á hálsinum 110 RVK, um er að ræða 3 vinnuherb. með sameiginlegri kaffiaðstöðu og setustofu. Uppl. gefur HALLDÖR S. 899 7230.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

## Ódýr gisting

Fallegar hótél íbúðir í Hafnarí. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

## Húsnæði óskast

50 ára KK óskar eftir einstaklingsíbúð á leigu í Rvk frá og með 18.júlí. Hámarksleiga 60þús. Öruggar greiðslur. Reykl. Uppl 865 1354.

## ATH SKIPTI !!!

Sumarbústaður á Suðurlandi óskast í skiptum fyrir gott sumarhús á Spáni. Uppl í síma 861 1751

Óskum eftir 4-5 herb.íb í Hfj. Skilvisum greiðslum og góðri umgengi heitið. Góð meðmæli ef óskar er eftir. Uppl.S:8685349

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jappa upp. í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

**NOKIA**  
Connecting People

# Ég er í skýjunum með Nokia N8

Meirihluti flugmanna og yfirmanna Landhelgisgæslunnar treystir á N8. Þetta er stórkostlegt tæki sem nýtist mér frábærlega, bæði í starfi mínu sem þyrluflugmaður og ekki síður í kringum áhugamálin; fjallahjól og skíðamennsku. Ég tek fjölda ljósmynda og myndskaiða í björgunarleiðöngurum, sérverkefnum og fjallaferðum í pottþéttum gæðum og á ógrynni flottra ljósmynda og myndbanda. Ég nota hann líka til að taka GPS-punkta enda er leiðsögukerfið í honum frábært.

Ég legg N8 símann aldrei frá mér.

Jens Þór Sigurðsson  
þyrluflugmaður hjá  
Landhelgisgæslunni

## Taktu þátt í ljósmyndakeppni Nokia N8

Þú getur unnið 100.000 kr. fyrir það  
eitt að smella af. Allt um keppnina á:

[www.n8.is](http://www.n8.is)

## myndavélin N8

Nokia N8 er með 12 MP myndavél,  
stærstu myndavélaflögu í farsíma,  
Carl Zeiss-linsu, Xenon-flassi og  
myndbandsupptöku í háskerpu  
og stereo.



**krossgáta**

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. mælieining á spennu rafstraums, 6. kringum, 8. fley, 9. ögn, 11. ekki heldur, 12. hlutdeild, 14. uppskafningsháttur, 16. berist til, 17. titill, 18. pípa, 20. mergð, 21. nýlega.

**LÓDRÉTT**

1. im, 3. ógrynni, 4. jarðbrú, 5. bjálki, 7. kynding, 10. taug, 13. hrós, 15. klædd, 16. hrökk við, 19. guð.

**LAUSN**

búin, 16. brá, 19. ra.  
 5. tré, 7. miðstöð, 10. sin, 13. lof, 15. LÖBÉTT: 1. gúfa, 3. of, 4. landbrú, frú, 18. rór, 20. úi, 21. áðan.  
 11. né, 12. aðild, 14. snob, 16. b, 17. LÁRÉTT: 2. volt, 6. um, 8. far, 9. fs,

# Við kaupum ekkert hér!

**BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur**

„Góða kvöldið, langar þig í 30 prósent ódýrara internet?“ spurði ungæðisleg karlmannsródd eftir að hafa hringt dyrasímanum mínum um kvöld. „Nei, takk,“ sagði ég úrill og gerði mig líklega til að leggja á. Þá bætti hann hraðmæltur við „en síma, en 30 prósent ódýrari síma!“ Ég neitaði því einnig. Lamdi dyrasímann aftur á sinn stað, strunsaði inn í barnaherbergið og reyndi að koma böndum á þá upplausn sem hringing dyrabjöllunnar hafði skapað í miðri vögguvísu. Klukkan var að ganga tíu, grislingarnir þurftu í sæng og ég hafði engan tíma til að hlusta á söluræður. Ég heyrði dyrabjölluna klingja uppi hjá nágranna mínum.



**SJÁLFSAGT**

hef ég orðið af kostakjörum þarna um kvöldið en það stóð bara ekki vel á. Kvöldverkin eru mörg á barnaheimilum og ég mat friðhelgi heimilisins hreinlega hærra en 30 prósentum ódýrara internet þetta kvöldið. Ég get reyndar ekki ímyndað mér að nokkurn tímann stundi vel á hjá nokkrum að fá sölumenn inn á teppi hjá sér að kvöldi langs vinnudags.

**FYRIRTÆKI** beita ýmsum brögðum til að næla sér í viðskiptavinum. Búa til sjónvarpsauglýsingar á við stuttmyndir að lengd og stundum líka að gæðum. Sum splæsa í skjáauglýsingar, sum í lesnar auglýsingar í útvarpi, sum í blaðaauglýsingar og stundum smáauglýsingar. Þá eru alltaf einhver fyrirtæki sem hringja beint í mann til að bjóða þjónustu sína, oft að kvöldi dags, og ávarpa mann kumpánlega með nafni. Nú, eða hreinlega banka upp á.

**EINHERN** tímarnir heyrði ég að auglýsing á ákveðinni vöru virkaði ekki á neinn, nema þann sem hefði hvort sem er þegar ákveðið að kaupa sér vöruna og væri að leita að tilboðum. Auglýsingar geta líka snúist upp í andhverfu sína sé ekki rétt á málum haldið. Ég held að flestir séu sammála um að hringingar sölumanna heim til manns eru þrælleidinlegar. Ég held að ég hafi aldrei keypt mér neitt sem mér hefur verið boðið gegnum síma. Það er meira að segja til staðlað form í símaskránni um merkingar við símanúmer svo sölumenn hringi ekki í mann.

**EINS** er hægt að merkja póstlöguna sína sérstaklega svo þangað berist ekki auglýsingabæklingar, fjölpóstur heitir það víst. Nú er ég að velta fyrir mér að merkja dyrabjölluna líka sérstaklega: Við kaupum ekkert hér!

## Ólst upp í fjölmiðlaumhverfi

Edda Sif Pálsdóttir, fjölmiðlakona, vakti athygli í þáttunum um Skólahreysti í vetur.



### myndasögur

**Pondus**

Eftir Frode Øverli



**Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



**Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**FÖSTUDAGUR**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN



# SUMMAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SUMMAR TILBOÐ**  
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR  
VAXTALAUST  
12 MÁNUÐ

**NÝ TILBOÐ**  
Í VIKULANGU STÚTFULLAR  
AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM  
Á TÖLVUTEK

**3830TG** FARTÖLVA Á TILBOÐI  
149.900

**TK83**  
109.900

**TS11** SÖGANDI HETT | LEXIOMA  
149.900

**CQ56**  
69.900

**DOT.90**  
49.900

**ICONIA**  
79.900

**2TB** FULL HD SPILARI & ÖFFTAKA  
49.900

**1.5TB** FULL HD MEDIA PLAYER  
29.900

**HD6750** FULL HD SKJÁR  
24.900

**24" LED** BENQ  
39.900

**1.5TB** HARDDISKUR  
9.990

**2TB** FULL HD SPILARI  
14.900

**2TB** FULL HD SPILARI  
14.900

**500GB** GIGABYTE  
12.900

**SATA3**  
11.900

**14MP** BYRDAVEL  
19.900

**22" LED** FULL HD SKJÁR  
24.900

**MS610** 3D SKJÁRARI  
89.900

**HD202** HEYRNARTEL  
4.990

**EC0600** HADLAUS MUS  
6.990

**120GB** SATA3 S50  
39.900

**8GB** MP3 SPILARI  
2.990

**RS120** HADLAUS  
8.990

**GIGABYTE** ÖFFTAKA 2  
24.900

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**ENN BETRA VERÐ**

**4GB MINNISLYKILL**  
Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

**1.490**  
8GB 3.990 • 16GB 7.990

**3 DAGA TILBOÐ**

**22" LED SKJÁR**  
BENQ V2220 22" LED skjáinn er einn sá nettasti á markaðnum á ótrúlegu tilboðsverði

**24.900**  
ÖRPUNNUR AÐEINS 15mm

**3 DAGA TILBOÐ**

**1.5TB HARDDISKUR**  
Ótrúlegt verð á nýrri kynslóð SATA3 harðdíska frá Seagate með enn meiri hraða og 64MB buffer

**9.990**  
TILBOÐ AÐEINS Í 3 DAGA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga  
10:00 - 18:30

Laugardaga  
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með lýrfrvara um breytingar, innstættarvillur og myndabreytingar



20.30 Rannveig Káradóttir sópran og Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari verða með tónleika í Reykholtskirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.500, ókeypis fyrir börn.

## Andvari kominn út

Nýtt tölublað Andvara er komið út. Ritið er að þessu sinni helgað Jóni Sigurðssyni í tilefni af tvö hundruð ára afmæli hans.

Í ritinu eru níu greinar sem fjalla um Jón með einum eða öðrum hætti. Meðal höfunda eru Guðjón Friðriksson, Gunnar Karlsson, Sverrir Jakobsson, Þorvaldur Gylfason, Margrét Gunnarsdóttir og Jón Karl Helgason.

Í formála Gunnars Stefánssonar ritstjóra segir að vel fari á því á þessum tímamótum að efla skilning á því sem Jón hafði fram að færa. „Hátíðarhöld í minningu foringja og merkismanna eru góðra gjald verð. [...] En virðingin ein dugar ekki til að gæða þá lífi í vitund þjóðarinnar. Þekking og skilningur á ævistarfa slíkra manna er enn betri.“

# ENDURHEIMTI ÁSTRÍÐUNA

**Þrátt fyrir ungan aldur hefur rússneski fiðluleikarinn Maxim Vengerov verið einn virtasti og eftirsóttasti fiðluleikari heims um langt skeið. Hann fékk sig fullsaddan af fiðluleik á tímabili og skipti boganum út fyrir tónspröta en segist hafa nú endurheimt ástríðuna fyrir fiðlunni.**

Tónleikar rússneska fiðlusnillingsins Maxíms Vengerov í Eldborgarsal Hörpu annað kvöld eru hvalreki fyrir unnendur klassískrar tónlistar. Þar leiða þau Maria Joao Pires píanóleikari saman hesta sína í fyrsta sinn. Það segir sína sögu um vinsældir Vengerovs að hann er bókaður fimm ár fram í tímann.

„Þetta er líklega í fjórða sinn sem ég kem hingað, tvisvar til að spila og tvisvar til að ferðast,“ segir Vengerov, sem hefur verið hér á landi síðan 1. júlí. „Mér finnst yndislegt að koma til Íslands og þegar mér gafst þetta tækifæri stökk ég á það.“

Vengerov hefur verið í fremstu röð fiðluleikara frá unglingsaldri. Hann hefur hins vegar lítið leikið á fiðluna á tónleikum undanfarin þrjú ár eða svo en snúið sér að tónlistarstjórnun í auknum mæli.

„Satt að segja fannst mér ég vera farinn að standa í stað,“ segir hann. „Ég fann ekki fyrir sömu ástríðunni og áður og fannst nauðsynlegt að breyta til. Þetta er eins og með mat; ef þú borðar það sama í hvert mál verða jafnvel dýrindis krásir hversdagslegar.“

Vengerov segir að breytingin hafi gert sér gott og gert honum kleift að enduruppgötva sjálfan sig sem tónlistarmann og áhuga sinn á fiðlunni.

„Nú er ég farinn að finna aftur fyrir ástríðunni og spennunni þegar ég kem fram með fiðluna og það er dásamleg tilfinning. Það er nauðsynlegt að fá það á tilfinninguna að maður sé að þróast sem listamaður.“

Vengerov fæddist í Novosibirsk í Síberíu í Rússlandi, sem honum fannst vera á hjara heimsins á uppvaxtarárunum. Það hafi hins vegar verið honum mikil gæfa að margir hæfileikaríkir tónlistarmenn hafi sest þar að í lok seinni heimsstyrjaldar og í lengst þar.

„Ég held að það sé hæfileikafólk alls staðar, þetta er allt spurning um tækifæri til að fá að rækta þá. Ég var svo heppinn að í Novosibirsk var frjósamur jarðvegur fyrir tónlistariðkun og ég naut góðs af því að það voru góðir kennarar til staðar.“

Sjálfur hlaut Vengerov prófessorstöðu við Royal Academy of London 2005 og kennir þar stöku



MAXIM VENGEROV Einn færasti fiðluleikari heims tók hlé frá fiðluleik á tímabili en hefur tekið fiðluna fram aftur, endurnærður og tvífeldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### VENGEROV Í HNOTSKURN

Maxim Vengerov fæddist 1974 í Síberíu í Rússlandi. Foreldrar hans voru mjög tónlistarhneigðir og byrjaði hann í fiðlunámi fimm ára gamall. Vengerov reyndist búa yfir undraverðum hæfileikum. Tíu ára gamall fylgdi hann ásamt móður sinni kennara sínum, Zakhar Bron, til Royal Academy of Music (RAM) í London og aftur til Lübeck síðar.

Sigurganga Vengerovs hófst snemma á tíunda áratugnum eftir að hann sigraði í alþjóðlegri tónlistarkeppni í London aðeins 16 ára gamall. Hann hefur til þessa dags leikið á nærri hundrað hljómplötum og sópað að sér verðlaunum, til dæmis bæði hlotið Gramophone- og Grammy-verðlaun.

Árið 1997 var hann sendiherra tónlistar fyrir Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Hann bindur ekki trúss sitt eingöngu við klassískan fiðluleik heldur leikur einnig á raffíðlu, djassfiðlu, auk þess sem hann stjórnar hljómsveitum og dansar tangó.

sinnum sem gestakennari. „Mér finnst mjög mikilvægt að miðla þekkingu minni og reynslu, þannig verður framþróun í tónlist. Og ég hef ekki síður lært mikið af nemendum mínum þannig að í vissum skilningi er ég líka nemandi þeirra.“

Vengerov kveðst mjög spenntur fyrir tónleikumum annað kvöld í

Hörpu, enda sé Eldborg tónleikasalur á heimsmælikvarða.

„Ég lék í Háskólabíói á sínum tíma og þetta er algjör bylting. Tónlistarhúsið er framúrskarandi gott og á eftir að laða til sín mikið af hæfileikafólki. Ég skil vel að sumir hafi verið tvístígandi í ljósi árferðisins en Harpa á eftir að reynast heillaskref til lengri tíma.“

## METSÖLULISTI EYMUÐSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUÐSSON UM LAND ALLT

29.06.11 - 05.07.11



**1** Sokkaprjón  
Guðrún S. Magnúsdóttir



**2** Það sem aldrei gerist - kilja  
Anne Holt



**3** Ég man þig - kilja  
Yrsa Sigurðardóttir




**4** Ævintýri góða dátans Svejs  
Jaroslav Hasek




**5** Íslenskar lækningajurtir  
Arnbjörg L. Jóhannesdóttir



**6** Fimbulkaldur  
Lee Child



**7** Nemesis - kilja  
Jo Nesbø



**8** Rauðbrystingur - kilja  
Jo Nesbø



**9** Risa - Svarti skuggi  
Walt Disney



**10** Bollakökur Rikku  
Fríðrika Hjördís Geirsdóttir

## Klósettmenning á Hverfisgötu

Gallerí Klósett nefnist nýtt sýningarrými á Hverfisgötu 61, sem hefur þá sérstöðu að vera staðsett inni á klósetti.

Að sýningarýminu standa nokkrir listamenn sem eru með vinnustofur á Hverfisgötu 61 en salernisadstaðan hýsti áður Lúllabúð og fótaaðgerðastofu þar á undan.

„Okkur þótti þessi aðstaða hreinlega af góð til að nýta aðeins undir grunnþarfir mannsins,“ segir Rakel McMahon, einn af listamönnum sem standa að sýningarrýminu.

Opunarsýning Klósettsins nefnist Garður, og eru verkin eftir myndlistarmanninn Pál Hauk Björnsson. Sýningin verður opnuð annað kvöld en þar er rýnt í hugmyndir fólks um náttúru og land.

Rakel segir fleiri sýningar með



Á NÁÐHÚSI LISTARINNAR Garður eftir Pál Hauk Björnsson nefnist opunarsýning Gallerí Klósetts sem verður opnuð á salernisadstöðunni Hverfisgötu 61 á morgun.

framsæknum listamönnum hafa verið skipulagðar í Gallerí Klósetti fram á haust. En hvað með sýningartíma? „Við ákváðum að

hafa þá í anda rýmisins: afslappaða,“ segir Rakel. „En formlega er það aðeins opið þegar ný sýning er opnuð.“

# HVAÐA FUGL ER ÞETTA?



Ómissandi greiningarhandbók fyrir alla áhugamenn um fugla, stútfull af fróðleik og glæsilegum nýjum myndum



**NÝ  
OG AUKIN  
ÚTGÁFA**



*Einnig fáanleg  
á ensku og þýsku!*

ÚTLIT | LÍFSHÆTTIR | BÚSVÆÐI




SJÓFUGLAR



VAÐFUGLAR




MÁFFUGLAR



VATNAFUGLAR



LANDFUGLAR



SPÖRFUGLAR



Eftir JÓHANN ÓLA HILMARSSON,  
einn helsta fuglasérfræðing landsins



MÁL OG MENNING  
www.forlagid.is



SKAFTAFELL Vatnajökul ber við himin en Selið í Skaftafelli er hér í forgrunni.



BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ Fuglalíf er fjölskrúðugt í Borgarfirði eystrí, hér er lundí á ferð.

# FEGURÐ HINS STÓRA OG SMÁA

Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, býður lesendum í ferð um landið í nýrri bók sinni Tíu fallegir staðir. Vilhelm hefur ferðast mikið um Ísland en myndirnar eru frá tíu stöðum sem eru honum einkar hjartfólgðar. „Ég vildi frekar hafa nokkrar myndir frá hverjum stað og sýna fjölbreytileika svæðisins en sýna myndir frá öllu landinu,“ segir Vilhelm, sem nýtir hverja lausa stund til ferðalaga um landið. Í bókinni eru myndir frá Gullna hringnum, Landmannalaugum, Þórsmörk, Skaftafelli, Jökulsárlóni, Borgarfirði eystrí, Öskju, Jökulsárgljúfri, Mývatni og Snæfellsjökli og hér á síðunni gefur að líta nokkrar myndir úr bókinni sem Salka gefur út.



MÝVATN Margt fallegt ber fyrir augu á Mývatni, til að mynda Skútustaðagíg.

ÚTÚRDÚR

**NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR: HÖFUNDAKVÖLD #8**

**Fimmtudaginn 7. júlí kl. 20.00**

Úturdúr kynnir **Ásmund Ásmundsson, Harald Jónsson og Pál Ivan frá Eiðum.**

Nýjasta útgáfa Úturdúrs "Musical thought instigator volume 1" eftir Pál Ivan frá Eiðum kynnt til sögunnar.

[www.uturdur.blogspot.com](http://www.uturdur.blogspot.com)

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

[www.norraenahusid.is](http://www.norraenahusid.is)





FIÐLUHÓPUR Ungmennin í Stellae Boreales ásamt stjórnendum sínum.

## Stellae Boreales í Hafnarfjarðarkirkju

Kanadísku fiðluleikararnir Stellae Boreales halda tónleika í Hafnarfjarðarkirkju klukkan átta í kvöld. Hljómsveitina skipa tuttugu og tvö ungmenni á aldrinum ellefu til átján ára og flytur hún ólík tónverk, allt frá Fiðlukonserti í d-moll eftir Vivaldi til rómantísku verkanna Intermezzo og Ungverska dansins eftir Brahms.

Hópurinn er frá höfuðborg Kanada, Ottawa, og hefur komið fram á helstu sviðum borgarinn-

ar, oft með virtum hljóðfæraleikurum á borð við Pinchas Zukerman. Sá síðarnefndi segir þau mjög hæfileikaríkan og metnaðarfullan hóp.

Fiðluleikararnir komu til landsins 30. júní og hafa haldið tónleika í Reykholtskirkju, Hallgrímskirkju og Bústaðakirkju. Einnig hafa þau nýtt ferðina í að hitta ýmsa fiðluleikara ásamt því að fræðast um íslenska menningu og tónlist. Aðgangur á tónleikana er ókeypis og allir eru velkomnir.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 7. júlí 2011

#### → Tónleikar

- 12.00** Helga Þórdís Guðmundsdóttir organisti Ástjarnarkirkju leikur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.500.
- 20.00** Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari heldur tónleika í Hömrum, Hofi. Miðaverð er kr. 2.000. Fritt inn fyrir 16 ára og yngri.
- 21.00** Svavar Knútur og Kristjana Stefánsdóttir með tónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 1.500.
- 21.00** Hljómsveitin Gang Related spilar á kreppukvöldi Bar 11. Aðgangur er ókeypis.
- 21.00** Of Monsters and Men og Vígri koma fram á tónleikum á Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Miðaverð er kr. 1.500.
- 21.30** Brother Grass með tónleika í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Aðgangseyrir er kr. 1.000, aðeins reiðufé.
- 22.00** Eiríkur Hauksson verður gestur á Bítlakvöldi á Ob-La-Di-Ob-La-Da. Aðgangur er ókeypis.
- 20.00** Hópur fiðluleikara frá Kanada á aldrinum 11-18 ára með tónleika í Hafnarfjarðarkirkju. Lokatónleikar í ferð þeirra um landið. Aðgangur er ókeypis.

#### → Leiklist

**18.00** Sirkus Íslands sýnir Ö-Faktor í Tjarnarbíói. Aðgangseyrir er kr. 1.900.

#### → Tónlistarhátíð

**15.00** Þungarokkshátíðin Eistnaflug hefst í Neskaupstað. 36 hljómsveitir koma fram. Miðaverð er kr. 9.000.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

**Cocoa  
Puffs**

*Tjū tjū  
Cocoa Puffs!*





JÓHANN JÓHANSSON BEIRUT



## > Í SPILARANUM

Jóhann Jóhannsson - The Miners' Hymns

Vigri - Pink Boats

Helgi Björns og reiðmenn vindanna - Ég vil fara upp í sveit

Jón Jónsson - Wait For Fate

Beirut - The Rip Tide

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Plata frá Noel Gallagher

Noel Gallagher, rólegi Gallagher-bróðirinn, sendir frá sér sólóplötuna Noel Gallagher's High Flying Birds í október.

Platan inniheldur fyrstu lögin frá Gallagher frá því að hann hætti í Oasis í fússi í ágúst árið 2009, en hljómsveitin hætti í kjölfarið. Platan var tekin upp í London og eftirvinnslan fór fram í Los Angeles í fyrra. Platan inniheldur tíu lög, en upptökum stýrði hann sjálfur ásamt Dave Sardy.

Liam Gallagher, æsti Gallagher-bróðirinn, fer sem kunnugt er fyrir hljómsveitinni Beady Eye, sem sendi frá sér plötu fyrr á árinu. Liam hefur ekkert tjáð sig um væntanlega plötu bróður síns, en búast má við að hann láti gamminn geisa innan tíðar.



EINN Á FERÐ Sólóplata er væntanleg frá Noel Gallagher, sem er rólegi Gallagher-bróðirinn.



## > PLATA VIKUNNAR

Hnotubrjótarnir - Leiðin til Kópaskers

★★★

„Gamli Reflex-söngvarinn snýr aftur á skemmtilegri plötu.“



## TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

### Fréttir af íslenskri raftónlist

Justin Simmons var að senda frá sér plötuna I Need My Disco Fix. Það er bandaríska útgáfan Eighth Dimension Music sem gefur út, en hún hefur m.a. á sínum snærum listamenn eins og Q-Burns Abstract Message og Pimp Daddy Nash. Áhangendur íslenskrar raftónlistar sperra eyrun væntanlega við þessar fréttir, að minnsta kosti ef þeir vita að Justin Simmons er eitt af listamannsöfnum Þórhalls Skúlasonar, sem eitt sinn rak Thule útgáfuna og sem hefur lengi kallað sig DJ Thor.



NÝ FRÉTTAVEITA Á raftonar.is er sagt frá útkomu þessarar nýju plötu sem Þórhallur Skúlason stendur á bak við.

Ég frétti af útgáfu I Need My Disco Fix á nýrri íslenskri tónlistarfréttaveitu, www.raftonar.is, en hún er búin að vera starfrækt í nokkrar vikur. Það eru þrjú félagar á íslensku raftónlistarsenunni sem standa á bak við ratonar.is, Jónas Þór Guðmundsson (Ruxpin), Anton Kaldal Ágústsson (Tonik) og Fannar Ásgrímsson sem er annar helmingur dúósins Plastik Joy.

Það hefur verið mikil gróska í íslenskri raftónlist undanfarin ár, en margar af þeim útgáfum sem Íslendingarnir senda frá sér koma út hjá erlendum fyrirtækjum og eru, að minnsta kosti í upphafi, eingöngu fáanlegar sem niðurhal. Þess vegna fer ekki endilega mikið fyrir þeim hér heima. Raftonar.is er sett á laggirnar til þess að auðvelda áhugamönnum um íslensku senuna að fylgjast með. Að sögn aðstandendanna er ætlunin að einbeita sér að því að segja frá útgáfum, en einnig verður fjallað um tónleika. Þeir hvetja tónlistarmenn og áhugafólk til þess að senda sér upplýsingar og jafnvel efni til birtingar.

Á meðal þess sem lesa má um á raftonar.is eru nýjar útgáfur frá Einóma, Synthedelia, Subminimal og Worm is Green, en plata þeirra síðastnefndu, Glow, er nú komin út á geisladisk í Japan. Þá er einnig sagt frá samstarfi íslenska dúósins Stereo Hypnosis og ítalska tónlistarmannsins Pulse.

## Öðruvísi efni frá Incubus

Von er á sjöundu breiðskífu Incubus í næstu viku en liðsmenn hljómsveitarinnar segja plötuna allt öðruvísi en það sem áður hefur komið frá bandinu.

Bandaríska hljómsveitin Incubus sendir frá sér plötuna If Not Now, When? hinn 12. júlí, en sex ár eru síðan hljómsveitin gaf út síðustu plötu sína, Light Grenades. Gítarleikari Incubus, Mike Einzinger, sagði í nýlegu viðtali að platan yrði töluvert frábrugðin fyrri breiðskífum Incubus og að hljómsveitin sé ekki lengur jafn rokk- og hún var. Einzinger bætti því einnig við að þeir væru að biðja aðdaendur sína um mikið; þeir væru að biðja þá um að hlusta á eitthvað sem þeir hafa ekki áður heyrt frá hljómsveitinni.

Incubus var stofnuð árið 1991 af söngvaranum Brandon Boyd, gítarleikaranum Mike Einzinger og trommuleikaranum Jose Pasillas, en þeir voru þá menntaskólafélagar í Kaliforníu, en fengu seinna til liðs við sig bassaleikarann Ben Kenny og hljómborðsleikarann Chris Kilmore. Fyrsta breiðskífa Incubus kom út árið 1995 og hét Fungus Amongus, en hljómsveitin gaf síðar út stuttskífu þar sem mátti finna nokkur lög Fungus Amongus í nýrri og breyttri útgáfu. Eftir að önnur breiðskífa Incubus, S.C.I.E.N.C.E., kom út árið 1997, fór hljómsveitin að hita upp fyrir Korn á tónleikaferðalagi um Evrópu og síðar fyrir þungarokksveitina System of a Down. Þegar ferðalaginu lauk, tók bandið sér tveggja ára hlé en gaf síðan út þriðju breiðskífuna, Make Yourself, árið 1999 og kom platan sveitinni í hóp stærstu rokksveita heims, en hún seldist í rúmlega milljón eintökum. Lög eins og „Drive“ og „Pardon Me“ fengu mikla spilun og hljómsveitin fór fljótlega að vinna að fjórðu breiðskífunni, Morning View, sem kom út árið 2001. Á árunum 2003-



STEFNUBREYTING HJÁ INCUBUS Sjöunda breiðskífa Incubus kemur út í næstu viku og segja liðsmenn hljómsveitarinnar að platan sé allt öðruvísi en það sem áður hefur heyrt frá bandinu.

2008 komu út tvær breiðskífur með Incubus, A Crow Left of the Murder... og Light Grenades, en á þeim plötum rötuðu þrjú lög í efsta sæti Billboard-listans, lögin „Megalomaniac“, „Anna Molly“ og „Love Hurts“.

Sjöunda breiðskífa Incubus kemur út í næstu viku og verður forvitnilegt að sjá hvort aðdá-

endur hljómsveitarinnar kunni að meta þá stefnubreytingu sem liðsmenn Incubus segja að skíni í gegn á plötunni. „Við höfum lengi reynt að gera eitthvað nýtt og öðruvísi. Við ákváðum að If Not Now, When?, okkar sjöunda breiðskífa, yrði akkurat svoleiðis,“ sagði söngvarinn Brandon Boyd.

kristjana@frettabladid.is

**ASBYRGI ehf** Sími 568 2444

ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is  
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

OPÍÐ HÚS Í DAG MILLI  
KL. 17.00 OG 18.00

RAUÐAGERÐI 65,  
RVK, TVEGGJA ÍBÚÐA HÚS

Til sölu mjög gott 215,1 fm. einbýlishús sem er kjallari, hæð og ris. Í kjallara er í dag ósamþykkt 2ja herb. íbúð, auk geymslu og þvottaherbergis. Á hæðinni er m.a. forstofa, snyrting, herbergi, eldhús og stórar stofur. Í risinu eru þrjú góð svefnherbergi og baðherbergi. Mjög stór timburverönd í garði og falleg lóð. Frábær staðsetning. Húsið selst í einu lagi. Húsið nýttist sem einbýli eð tvíbýli. Sölumenn Asbyrgis verða á staðnum.



OPÍÐ HÚS



### LAGALISTINN

Víkuna 30. júní - 6. júlí 2011

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Coldplay.....	Every Teardrop Is a Waterfall
▲ 2	Lady Gaga.....	The Edge of Glory
▼ 3	GusGus.....	Over
▲ 4	Steven Tyler.....	It Feels so Good
▲ 5	Rihanna.....	California King Bed
▼ 6	Bubbi Morthens.....	Blik augna þinna
* 7	FM Belfast.....	I Don't Want to Sleep Either
▲ 8	Bruno Mars.....	Lazy Song
▼ 9	BlazRoca, Friðrik Dór og fleiri.....	Reykjavíkurnætur
▼ 10	Aloe Blacc.....	I Need a Dollar

### Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku

▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku

▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku

\* Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

vísir

Þátttakendur í Lagalistaum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum: Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkö, tonlist.is

# Fríið hefst í Eymundsson!



Vandaðar  
ferðatöskur  
í mörgum  
verðflokkum  
og stærðum

Hvort sem það eru nýjustu tímaritin til að blaða í, bækur að sökkva sér í, ferðahandbækur, spil fyrir fjölskylduna, vandaðar ferðatöskur eða afþreying fyrir börnin þá verður fríið aðeins betra með viðkomu í Eymundsson.

Flottir  
bakpokar  
í styttri  
ferðalögin.



Verð kr.  
12.799

Ferðahand-  
bækur í  
miklu úrvali.  
Kortabækur,  
gönguleiðir,  
gullmolar  
í íslenski  
náttúru o.s.frv.



Þú færð  
tímarit sem  
snúa að þínum  
áhugamálum  
í verslunum  
Eymundsson  
um land allt.



Um 600  
titlar í boði!

Kr. 999,-  
Aður 1.599,-

Skemmtilegt  
orðaspil fyrir alla  
fjölskylduna, fer  
lítið fyrir og er  
tilvalið í útileguna.  
Bjóðum upp á mikið  
úrval af spilum.



Verð kr.  
1.199

Augnhlíf og púði.  
Láttu fara vel um  
þig í fríinu.



Verð kr.  
1.150

Verð kr.  
589



Ferðaprautir  
fyrir alla  
aldurshópa.

## &gt; ÁHÆTTULEIKARI SLASAST

Tökum á Batman-myndinni The Dark Knight Rises var frestað eftir að áhættuleikari slasaðist alvarlega við tökum á fallhlífaratriði yfir Skotlandi. Leikarinn hrapaði til jarðar í sumarbústaðabyggð en hann ku ekki vera í lífshættu. Christian Bale leikur sem fyrr Bruce Wayne eða Leðurblökumanninn.



## bío

bio@frettabladid.is

## Leikkonur loðnar um lófana

Leikkonurnar Angelina Jolie og Sarah Jessica Parker eru launahæstu leikkonurnar í Hollywood samkvæmt útreikningum Forbes-tímaritsins. Jolie hefur átt ágætu gengi að fagna á hvíta tjaldinu en kvikmyndirnar Salt og The Tourist nutu báðar mikillar hylli í miðasölu. Forbes heldur því fram að Jolie hafi þénað 30 milljónir dollara eða tæplega þrjá og hálfan milljarð íslenskra króna frá því í maí á síðasta ári til maí á þessu ári.

Sara Jessica Parker var með svipað í laun en hún græðir mest á því að þættirnir um Carrie og vinkonur hennar í Beðmálum í borginni eru sýndir aftur og aftur og aftur í sjónvarpi út um allan heim. Þá komu ófáar krónur í kassann fyrir mynd númer tvö í Sex and the City-flokknum og leikkonan fékk dágóða summu

fyrir samstarf sitt við tískuhúsið Halston.

Í þriðja til fjórða sæti eru síðan Jennifer Aniston og Reese Witherspoon. Þær tvær voru með 28 milljónir dollara í laun á umræddu tímabili eða rúma þrjá milljarða. Í fimmta sætinu er loks Julia Roberts með 20 milljónir dollara í laun eða rúma tvo milljarða en hún var lengi vel með hæsta launategginn í Hollywood.



MEÐ FULLA VASA FIJAR Angelina Jolie og Sarah Jessica Parker fengu báðar þrjá og hálfan milljarð í laun á einu ári samkvæmt útreikningum Forbes-tímaritsins. Þær eru því með bestu launin í Hollywood um þessar mundir. Reese Witherspoon hefur einnig gert það gott á árinu, hún var með rúma þrjá milljarða í árslaun.



Í SJÓRÆNINGJAGALLANN Johnny Depp gæti leikið Jack Sparrow í fimmtu myndinni.

## Johnny Depp gerir númer fimm

Johnny Depp hefur augljóslega ekki fengið nóg af því að vera þvoglumæltur á hvíta tjaldinu. Samkvæmt bandarískum kvikmyndavefjum er leikarinn á góðri leið með að ná samkomulagi um að leika í fimmtu myndinni um Jack Sparrow og sjóræningja Karíbahafsins.

Hinar myndirnar fjórar hafa allar malað gull og On Stranger Tides fékk þrýðilegar viðtökur hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Jerry Bruckheimer, stórmyndarframleiðandinn, tjáði LA Times að hann langaði virkilega til að gera fimmtu myndina. „En það

veltur auðvitað allt á handritinu. Það er verið að vinna í því núna og svo sjáum við til hvað Depp segir. Ég geri ekki aðra sjóræningjamynd án hans og hann mun ekki gera myndina ef hann er ekki ánægður með handritið. Hann vill alls ekki valda aðdændum sínum vonbrigðum,“ sagði Bruckheimer skömmu eftir frumsýninguna á On Stranger Tides í fyrra.

Bruckheimer bætti því við að velgengi fjórðu myndarinnar hefði mikið um málið að segja en hún náði því um helgina að hafa þénað einn milljarð Bandaríkjadala í miðasölu á heimsvisu. - fgg

## FEITU FYNDNU KARLARNIR

Það er alltaf pláss fyrir þéttvaxna ameríska brandarakarla á hvíta tjaldinu, kannski af því að Bandaríkjamenn eru meðal feitustu þjóða heims. Og húmorinn er fremur einfaldur; hann gengur út á át, búkhljóð og líkamsbygginguna.

Kevin James er nýjasta viðbótin í hóp feittra stuðkarla. Kvikmynd hans, Zookeeper, verður frumsýnd um helgina en hún segir frá dýragerðsverðinum Griffin Keyes sem segir starfi sínu lausu til að ganga í augun á drama-stúlkunni. Dýrin í dýragerðinum eru ákaflega óánægð með þessa ákvörðun Keyes, enda þykir hann nokkuð fær í sínu starfi, og ákveða í samningu að uppljóstra leyndarmáli sínu; þau geta talað.

Feiti, fyndni karlarnir veruð til í kvikmyndasöggunni frá dögum þöglu myndanna. Laurel og Hardy voru skarpar andstæður; Stan Laurel grannur og veikulegur en Oliver Hardy þéttvaxinn, sterkur og yfirleitt girugur til annað hvort matar eða peninga. Hiklaust er hægt að setja John Belushi í þennan flokk, hann notaði holdafar sitt til gamanleiks á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Belushi stundaði það meðan á tókum á SNL-þáttunum stóð að mæta óboðinn heim til fólks í nágrenni við tókustaðinn og éta úr ísskáp þess. Hann fannst síðan íðulega sofandi í ókunnugum húsum. Belushi nýtti sér þessa hegðun sína í „skets“ fyrir SNL en hann lést aðeins 33 ára aldri eftir að hafa tekið of stóran skammt af „speedball“, lífshættulegri blöndu af kókaini og heróíni.

John Candy barðist alla tíð við aukakílóin, var 150 kíló og gerði sjálfum sér engan greiða með því að reykja heilan pakka af sigarettum á dag. Hann lést úr hjartaáfalli aðeins 54 ára að aldri. Candy náði engu að síður miklum frama í kvikmyndaleik; lék í mörgum af fyndnustu kvikmyndum níunda



## FEITIR OG FYNDNIR

Oliver Hardy, John Candy, John Belushi, Kevin James og Jonah Hill hafa allir náð langt þrátt fyrir að vera ekki gæddir hinum dæmigerða kvikmyndastjörnuvexti.

## OFFITA Í SJÓNVARPI

Feitu fyndnu gæjarnir eru ekki bara til á hvíta tjaldinu; Homer Simpson er auðvitað hinn eini sanni Bandaríkjamadur með stóra, mjúka vömb, sídrekkandi og ropandi, og svo auðvitað Peter Griffin í Family Guy sem

stundum er svolítið kompleksaður yfir þyngd sinni. Ekki má heldur gleyma Cartman úr South Park en þessir þættir eiga það sameiginlegt að vera sterk ádeila á amerískt þjóðfélag og neyslavenjur.

áratugarins, þar á meðal hinum ógleymanlegu Planes, Trains & Automobiles, Uncle Buck, Who's Harry Crumb og Spaceballs.

Chris Farley kom í kjölfarið á Candy og flestir virtust samála um að hann ætti framtíðina fyrir sér í gamanleik. Kvikmyndir á borð við Black Sheep, Beverly Hills Ninja og Almost Heroes skutu leikaranum upp á stjörnuhimininn og þótt gagnrýndur væru ekki hrifnir elskaði Ameríkaninn Farley. Hann þjád-ist hins vegar af mikilli minni-máttarkennd vegna þyngdarinnar og tjáði vinum sínum að hann

vildi ekki vera feiti náunginn sem alltaf væri að detta. Farley lést af of stórum skammti af eiturlyfjum, aðeins 33 ára að aldri. Jonah Hill er á hraðri uppleið eftir kvikmyndirnar Superbad og Forgetting Sarah Marshall en þar hefur mikið verið leikið sér með þyngdina á leikaranum. Kevin James tókst hins vegar að taka sitt líf í gegn; hann fór í strangt aðhald eftir að hann varð yfir 150 kíló og lét hafa eftir sér í spjallþætti David Letterman: „Ofþyngd er handan við hornið á næsta veitingastað.“

freyrgigja@frettabladid.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

## Boyle hefur augastað á Firth

Danny Boyle er að safna liði fyrir kvikmynd sína Trance en leikstjórinn hefur átt góðu gengi að fagna undanfarin ár með kvikmyndum sínum Slumdog Millionaire og 127 Hours.

Boyle var sagður hafa náð samkomulagi við írska leikarann Michael Fassbender um að leika aðalhlutverkið í Trance en leikarinn er nú búinn að draga sig út úr verkefningu. Boyle er því áhugasamur um að fá Óskarsverðlaunaleikarann Colin Firth til að hlaupa í skarði.

Trance segir frá aðstoðarmanni hjá uppboðshúsi sem skipuleggur flókið rán á verðmætu málverki. Hann fær aðstoð hjá færum þjófum en verður fyrir höfuðhöggi og missir minnið. Hann er hins vegar sá eini sem veit hvar málverk-

ið er niðurkomið og þá fara þjófararnir að gruna hann um græsku. Þeir ákveða því að fá unga konu til að vinna sér leið inn í heilabú aðstoðarmannsins með dáleislu.

Firth er ekki eini leikarinn sem Boyle hefur áhuga á því Scarlett Johansson var orðuð við myndina á Twitter-síðum í gær. Ekkert hefur þó verið staðfest í þeim efnum en Boyle hyggst byrja á myndinni eftir að hann hefur leikstýrt opunaratriðinu fyrir Ólympíuleikana í London á næsta ári. - fgg

GÓÐUR HÓPUR Danny Boyle vill fá Colin Firth til að leika þjóf í sinni nýjustu mynd, Trance. Scarlett Johansson kemur sterklega til greina í aðalhlutverkið.







# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## FLÚRLAMPAR OG KASTARAR

Við Fellsmúla - Reykjavík

### FLÚRLAMPAR

10W  
15W  
18W  
30W  
36W



Verð frá **2.595**

### FLÚRLAMPAR

14W  
21W  
28W



Verð frá **2.995**

### IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM



**2.995**  
1 x 36W

**4.995**  
2 x 36W

### SPEGLALAMPAR


Verð frá **4.995**



Verð frá **5.595**  
Með tengli

Verð frá **4.995**  
Með tenglum

### INNFL. FLÚRLAMPAR Í LOFT




**6.995**  
4 x 14W

**5.995**  
4 x 18W

## RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR

MEÐ ELECTRONIC BALLAST



T8

1 x 18W **3.595**

2 x 18W **4.595**

1 x 36W **5.995**

2 x 36W **6.995**

1 x 58W **6.595**

2 x 58W **7.595**

T5

1 x 14W **4.595**

2 x 14W **4.995**

1 x 28W **5.495**

2 x 28W **5.995**

### INNRETTINGALAMPAR



**3.995**  
8W

**4.595**  
13W

### FLÚRLAMPAR Á LOFT



**5.995**  
4 x 18W

**5.995**  
2 x 36W

### ÚTIKASTARI M/ KLEMMU



150W  
**2.595**

150W  
**1.990**  
ÚTIKASTARI

### FLÚRLAMPI Á LOFT



2 x 36W

**4.959**

### ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA



400W

150W

**4.595**

**3.995**

### ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA



400W

150W

**4.595**

**3.995**

### GÖTULJÓS MÁLMHALOGEN



70W

**8.990**

### FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN



150W

**14.995**

**9.995**

### ÚTIKASTARAR Litir: svart, hvítt, grátt



150W **1.995**

500W **2.495**

1000W **3.729**

### ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU



9W

24W

**3.995**

**4.595**

### ÚTIKASTARAR Á STANDI



150W

500W

**3.495**

**3.995**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ

Mán. til fös. kl. 9 - 18

Laugard. kl. 10 - 16



**13 SINNUM** hefur söngvarinn og dóphausinn Pete Doherty þurft að fara fyrir rétt í Bretlandi vegna eiturfjaneyslu eða óviðeigandi hegðunar. Pete var látinn laus úr fangelsi í vikunni, en hann hafði setið inni í mánuð fyrir að vera tekinn með kókaín.



**ELSKAÐUR** Eiginkona Robbie Williams heldur vart vatni yfir honum. Hann sé svo fyndinn og frumlegur.

## Frúin ánægð með Robbie

Ayda Field, eiginkona Robbie Williams, er ákaflega ánægð með eiginmanninn sinn og lýsir honum sem einhverri myndu, mest heillandi og frumlegustu manneskju sem hún hafi hitt. Williams hefur aðallega verið þekktur fyrir hroka og yfirgang en Field hefur aðra sögu að segja af mannum sínum, hann sé besti vinur hennar, kærleiksríkur og yndislegur. „Hún segir að ég sé alltaf að segja sögur og að ég sé alltaf að setja á svið litlar sýningar heima fyrir,“ skrifar Robbie á blogg sítt en aðdáandi spurði hvort Robbie væri sami maður á sviði og heima fyrir. Williams hefur átt í erfiðleikum með eiturflyf og áfengi en virðist hafa náð tökum á lífi sínu. Nýverið lýsti hann því yfir að hann hefði fundið Guð og að það hefði bætt samband sitt við eiginkonuna. „Ég er búinn að biðja um leiðbeiningar og hef fengið þær. Ég hef lært að elska ykkur, Ayda og sjálfan mig meira.“

# Fagurt handbragð Í PARÍS

Sýningar á Haute Couture, eða hátískunni eins og það nefnist á íslensku, fara fram þessa dagana í París. Sýningarnar, sem gefa sköpunargáfu hönnuða frjálsan tauminn, einkennast af faguðu handbragði og íburðarmiklum flíkum fyrir veturinn 2011.

Sýningar tískuhússins Christian Dior var beðið með eftirvæntingu enda Bill Gaytten nú við stjórnvölinn eftir brottrekstur Johns Galliano. Skiptar skoðanir eru hins vegar um litaglaða frumraun Gaytten á tískupallinum.

Maison Martin Margiela var minimalískt að vanda og svartar grímur yfir andlitum fyrirsætanna.

Á fremsta bekk sátu svo leikkonurnar Katie Holmes og Cate Blanchett og sáu eflaust eitthvað fagurt til að klæðast á rauða dreglinum.

alfun@frettabladid.is



**PÍFUR** Ljósgrænt velúrefni við hvítt þröngt toppstykki hjá Didit Hediprasetyo.


NORDICPHOTO/GETTY

**SVART OG HVÍTT** Aðsniðin dragt með asísku yfirbragði hjá Giorgio Armani.

**SVARTKLÆDD** Leikkonan Katie Holmes var faguð í klæðaburði þegar hún mætti á sýningu Giorgio Armani.



**FALLEGIR LITIR** Litasamsetningin hjá Maison Martin Margiela var fögur.



**MARGT AÐ GERAST** Litadýrðin hjá Christian Dior féll í misjafnan jarðveg hjá tískuspekiúöntum.

## Krakkarnir elska Skálmöld

Hljómsveitin Skálmöld kom tvisvar fram á Sódómu á þriðjudag ásamt færeysku hljómsveitinni Hamferð. Fyrri tónleikarnir voru fyrir alla aldurshópa og þeir seinni fyrir þá eldri. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á svæðinu á fyrri tónleikunum og myndaði einlæga gleði viðstaddra.



**ROKK OG RÓL** Eldur, Jófó og Stormur virtust skemmta sér konunglega.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**FLASAN FLAUG** Viðstaddir þeyttu flösu þegar Skálmöld spilaði kremjandi þungarokkið.



**RÓLEG** Alma, Haukur og Eiki héldu ró sinni þrátt fyrir æsandi tónlistina.



**PESSI PASSAR** Meðlimir Skálmaldar sáu til þess að aðdáendurnir fengu boli við hæfi.



**STOFNAR HLJÓMSVEIT** Mick Jagger hefur stofnað nýja hljómsveit með syni Bobs Marley, Joss Stone og indversku tónskáldi.

## Ný ofurgrúppa Jagger

Mick Jagger er hvergi af baki dottinn þótt elli kerling sé farin að narta rækilega í hælana á söngvaranum. Hann hefur stofnað nýja ofurgrúppu ásamt sálar-söngkonunni Joss Stone, Damian Marley, syni Bob Marley, Dave Stewart úr Eurythmics og tónskáldinu A.R. Rahman, en sá á heiðurinn af tónlistinni í Slumdog Millionaire. Von er á nýrri smáskífu á næstunni sem hægt verður að hlaða niður af netinu og síðan er ráðgert að breiðskífa komi út í september.

Samstarfið hefur vakið töluverða athygli enda ekki á hverjum degi sem Mick Jagger, aðalspíra Rolling Stones, stofnar hljómsveit. „Við vissum ekkert hvernig tónlistin

yrði og við vissum ekkert hvort hún yrði góð. Við vildum bara skemmta okkur,“ er haft eftir Jagger. „Við sömdu helling af lögum og hentum slatta. Ég sagði að sumt af þessu væri rusl og aðrir hlutir væru klisja og var þá náðarsamlegast beðinn um að leggja eitthvað til sjálfur.“

Jagger segir erfitt að skilgreina tónlistina en hún verði aðgengileg og hljómsveitin kunnari að fara í tónleikaferðalag ef aðdáendum líki það sem hún hefði fram að færa. „Þetta er ný tegund af tónlist og það verður ekki hægt að flokka hana. Ef þú elskar Rolling Stones þá mun hún höfða til þín og ef þú elskar ekki Rolling Stones áttu eftir að gefa henni tækifæri.“



VILL FÁ HÚS OG HLJÓÐVER Cheryl Cole setur Ashley afarkosti.

## Cheryl er kröfuhörð

Cheryl Cole er búin að krefjast þess að fá nýtt hús og fullkomið hljóðver frá fyrrverandi eiginmanninum, Ashley Cole, ef hann ætlar að vinna hana á sitt band á nýjan leik.

Það var Ashley sem klúðraði máluum þegar hann átti vingott við fleiri stúlkur en eigin konu sína og skildi hún við hann í kjölfarið. Cheryl hefur nú fyrirgefið Ashley og er tilbúin að taka við honum að nýju, fallist hann á fyrrgreindar kröfur. „Ef Cheryl á að taka þeirri skömm sem fylgir því að taka aftur saman við Ashley verður hún að vita að hann sé tilbúinn að gera allt fyrir hana,“ sagði heimildarmaður.



ENNDÁ ÁSTFANGIN Justin Timberlake og Jessica Biel hófu að hittast árið 2007 en hættu saman í mars á þessu ári.

## Justin finnur ástina á ný

Justin Timberlake og Jessica Biel hættu saman í mars en nú segja slúðurmiðlar vestanhafs að þau séu að taka saman aftur. „Þau eru að hittast á laun,“ sagði heimildarmaður og annar bætti við: „Þau hafa verið í sambandi alveg síðan þau hættu saman og ákváðu að gefa þessu annað tækifæri.“ Heimildarmaðurinn sagði einnig að það hefði verið Jessica sem vildi aftur samband við Justin, en að hann hefði einnig komist að því að piparsveinalífið væri ekki svo ljúft eftir allt saman.

# Skemmtigarður fyrir börnin

„Við sáum svona innanhússafþreyingargarða fyrir börn þegar við bjuggum í Noregi og gripum strax hugmyndina,“ segir Hrefna Björk Sverrisdóttir, en hún hefur opnað leiksvæðið Ævintýragarðinn ásamt kærasta sínum Bjarna Sigurðssyni.

Ævintýragarðurinn er skemmtigarður fyrir börnin í bland við kaffihús fyrir foreldrana. „Okkur fannst vanta eitthvað í líkingu við þetta hingað heim til Íslands. Athvarf þar sem bæði foreldranir og börnin geta skemmt sér saman óháð veðri, enda er varla hægt að reiða sig á það hér á Íslandi,“ segir Hrefna Björk en þetta er í fyrsta sinn sem hún og Bjarni fara í rekstur á borð við þennan. Hrefna hefur verið að sjá um framleiðslu á gamanþáttum Steinda JR og Bjarni er gítarleikari rokk sveitarinnar Mínus.

„Við sérpöntuðum flott leiktæki frá Kína og erum með leiksvæði fyrir alla aldurshópa.“

Staðurinn skiptist í leiksvæði fyrir krakkana með hoppukastala, rennibrautum, boltalandi og fleiri leiktækjum. Einnig er kaffihús þar sem foreldranir geta slappað af og vafráð á netinu og 70 fm leiksvæði þar sem yngstu börnin geta leikið sér undir eftirliti foreldranna. Í Ævintýragarðinum eru herbergi sem hægt er að panta fyrir afmælisveislur.

„Við höfum trú á að þetta sé gaman fyrir alla. Undanfarna daga hafa vinir og vandamenn fengið að koma og skoða og allir ganga skælbrosandi héðan út.“

Ævintýragarðurinn er staðsettur í Skútuvoði 4 og hægt er að fá fleiri upplýsingar á vefsíðunni [www.aevintyragarðurinn.is](http://www.aevintyragarðurinn.is).



GAMAN FYRIR ALLA Hrefna Björk Sverrisdóttir og Bjarni Sigurðsson opna skemmtigarð fyrir börnin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 20% afsláttur af öllum sundfötum

Gildir til miðvikudags



Útsalan í fullum gangi

Allt að

70% AFSLÁTTUR

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

### TILBOÐ

Á HÁRSNYRTIVÖRUM

25% AFSLÁTTUR

.....til 15. júlí



MARIA NILA - I CARE

Frábærar hársnyrtivörur á mjög góðu verði.

Fást í lyfjaverslunum um allt land

**SMÁRABÍÓ** FULLKOMIN GÆÐI! **HÁSKÓLABÍÓ**

**KEVIN JAMES**  
**ZOOKEEPER**  
EKKI TALA VIÐ DÝRIN... NEMA ÞAU TALI VIÐ ÞIG FYRST!  
L LÚXUS **midi.is**

**TRANSFORMERS**  
TV... KVIKMYNDIR ÍSÉÐ & HEYRT  
FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS

**BAD TEACHER**  
HÚN FER EKKI EFTIR NEINNI KENNSLUBÓKI  
FRÁBÆRI!  
B.D. - MBL.  
14 **midi.is**

**STÓRMYND SUMARSINS!**  
**MR. POPPER'S PENGUINS**  
MÍKIL AGÆTIS  
SKEMMTUN FYRIR  
FJÓLSKYLDUNA  
B.D. - MBL.  
L **midi.is**

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%
ZOOKEEPER	KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
ZOOKEEPER Í LÚXUS	KL. 3.30 - 5.45	L
TRANSFORMERS 3 3D	KL. 5 - 8 - 11	12
TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS	KL. 8 - 11	12
BAD TEACHER	KL. 5.50 - 8 - 10.10	14
MR. POPPER'S PENGUINS	KL. 3.40 - 5.50	L
BRIDESMAIDS	KL. 8 - 10.40	12
KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D	KL. 3.40	L

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASMA Á **midi.is** facebook /smarabio • facebook /haskolabio

**midi.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**LAUGARÁSBÍÓ** [www.laugarasbio.is](http://www.laugarasbio.is)  
-bara lúxus sími 553 2075

**ZOOKEEPER**  
LAUGARÁSBÍÓ  
4, 6 og 8

**TRANSFORMERS: DARK OF THE MOON**  
SYNINGARTÍMAR  
4, 7 og 10

**BRIDESMAIDS**  
4, 6, 30, 9 og 10.10

**SAMBÍÓIN**

**HEIMSFURSYND Á ÍSLANDI**  
"Jaw-droppingly Amazing 3D!!"  
Harry Knowles, Ain'tItCool.com  
"The best 3D since 'Avatar'"  
Scott Mantz, Access Hollywood

**TRANSFORMERS**  
FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS

**STARVÁTT**  
FROM WRITER/DIRECTOR **J.J. ABRAMS** **AND PRODUCER STEVEN SPIELBERG**  
**SUPER 8**

**PANDA**  
**HANGOVER PART II**  
**MR. POPPER'S PENGUINS**

**ALFABAKKA**

TRANSFORMERS 3 3D	kl. 5 - 8 - 10	12
TRANSFORMERS 3	kl. 5 - 8	VIP
BEASTLY	kl. 8	10
SUPER 8	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
THE HANGOVER 2	kl. 8 - 10:20	12
KUNG FU PANDA 2 M/ÍSL Tali	Sýnd í 3D kl. 6	L
KUNG FU PANDA 2 M/ÍSL Tali	Sýnd í 2D kl. 6	L
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4	í 2D kl. 5 - 8 - 10:40	10

**AKUREYRI**

TRANSFORMERS 3	kl. 6 - 9	12
SUPER 8	kl. 6 - 8 - 10:20	10

**EGILSHÖLL**

TRANSFORMERS 3 3D	kl. 4.45 - 6.45 - 8 - 10	12
SUPER 8	kl. 8 - 10:30	12
MR. POPPER'S PENGUINS	kl. 5:30 - 8	L
HANGOVER PART II	kl. 10:20	12
KUNG FU PANDA 2 3D ísl tali	kl. 4.45	L
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4D	kl. 5	10

**KRINGLUNNI**

TRANSFORMERS 3 í 3D	kl. 6 - 8 - 9 (Power kl. 11:10)	12
BEASTLY	kl. 6 - 10:20	10
SUPER 8	kl. 8	12
KUNG FU PANDA 2 M/ÍSL Tali	Sýnd í 3D kl. 6	L

**SELFOSS**

TRANSFORMERS 3	kl. 8 - 10:30 (Power kl. 11:10)	12
BRIDESMAIDS	kl. 8	12

**tryggðu þér miða á SAMBIO.IS**



BITUR Útgáfufyrirtæki hafa ekki stokkið til og samið við Morrissey, þrátt fyrir að hann hafi verið án samnings í tvö ár.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Enginn vill gefa út Morrissey

Þrátt fyrir að hafa verið að og notið vinsælda í tæp 30 ár á tónlistarmaðurinn Morrissey í vandræðum með að finna útgáfufyrirtæki sem vill gefa út nýju plötuna hans. Hann segir útgáfunar spenntari fyrir nýjum hljómsveitum.

„Ég er ekki með útgáfusamning og gerði ráð fyrir því að ef plötuútgáfunar vildu mig myndu þær sækja mig. Ég get ekki gert mikið í þessu,“ segir söngvarinn Morrissey í viðtali við vefmiðilinn Pitchfork.

Síðasta plata Morrissey, Years of Refusal, markaði endalok samstarfs hans við útgáfunar Decca og Attack. Hann er tilbúinn með efni á nýja plötu, en ætlar ekki að taka hana upp fyrir en hann skrifar undir hjá nýju útgáfufyrir-

tæki. Hann virðist óttast að áhugi útgáfufyrirtækjanna sé ekki til staðar, þar sem honum hefur ekki verið boðinn samningur.

„Ég held að útgáfufyrirtæki vilji frekar lokka til sín nýjar hljómsveitir svo þau geti eignað sér uppgang þeirra,“ segir Morrissey, spurður hvað valdi vandræðum hans. „Flestir muna eftir plötunum sem komu listamönnunum á kortið. Þess vegna skrifa fjölmiðlar bara um mig í sambandi við sögu The Smiths. Það er hvergi minnst á þá staðreynd að ég hef komið þremur sólóplötum á toppinn og verið einn að í 25 ár. Furðulegt.“

Morrissey og hljómsveit hans fluttu nýlega þrjú ný lög í útvarpsþætti á BBC. Lítið fór fyrir þættinum og spurður hvort honum hafi fundist spennandi að kynna ný lög án risavaxinnar kynningarherferðar segir hann að það hafi verið frábært. „Engin læti, bara ganga inn og spila tónlistina,“ segir hann. „Ég þrái samt það sem þú kallar

„risavaxna kynningarherferð“. Það gerist aldrei.“

Morrissey er augljóslega bitur, eins og hann hefur reyndar verið síðustu þrjátíu ár. Hann er þó ánægður með nýju lögin og segir að þau séu öll mjög sterk. „Ég vil ekki flytja fleiri ný lög opinberlega því áður en maður veit af verður platan aðgengileg í ýmsum myndunum fyrir utan tilbúna upptöku úr hljóðveri.“

Morrissey kom fram á Glastonbury-tónlistarhátíðinni í júní. Hann hitaði upp fyrir U2, en mikil rigning var á meðan á tónleikunum stóð. „Í þannig aðstæðum getur maður ekki búist við miklu frá áhorfendum, ég held að þeir hafi líka komið til að sjá U2 — sem er skiljanlegt,“ segir Morrissey. „U2 er með risavaxna Star Wars-sviðsmynd og trommukjuda sem lýsa upp Norður-Afríku. Ég get ekki keppt við það. Það eina sem ég get boðið heiminum er lögin mín.“

atlifannar@frettabladid.is

## Átti ekki að fara í fangelsi

Lindsay Lohan lætur vaða á súðum í viðtali við Vanity Fair og segir að réttarkerfið í Bandaríkjunum hafi komið illa fram við sig. Hún hefði til að mynda aldrei átt að fara í fangelsi.

Lohan komst margoft í kast við lögin, keyrói full og stal hálsmenni en þykir samt eins og hún hafi ekki notið sannmælis. Hún var nýlega dæmd í stofufangelsi fyrir að hafa rofið skilorð en hún var síðast á bakvið lás og slá 2010. Leikkonan segist ekki sjá tilganginn í því að fangelsa manneskjur sem beiti ekki ofbeldi. „Ég er ekki morðingi og ég hef ekki skaðað neinn annan en sjálfa mig.“

**EKKI OFBELDISMANN-ESKJA** Lindsay Lohan segist ekki hafa átt heima í fangelsi, hún hafi ekki beitt neinn ofbeldi.



Tónlist ★★★★★

**GAS**

Lögreglukórinn

### Plata sem byggir brú

Það hefði sennilega fáum dottið það í hug þegar búsáaldabyltingin stóð sem hæst að Lögreglukórinn ætti eftir að syngja lög eftir Hörð Torfason inn á plötu. En það er nú samt staðreynd. Á plötunni GAS (Góðir alþjóðsöngvar) eru ellefu lög eftir nokkra af þeim íslensku trúbadorum sem hafa verið hvað duglegastir að gagnrýna valdhafana og berjast gegn óréttlæti. Höfundarnir eru, auk Harðar: Bergþóra Árnadóttir, Bubbi, KK, Megas og Magnús Þór

Sigmundsson og svo eru líka textar eftir Stein Steinar, Sigurð Nordal og Laufeyju Jakobsdóttur. Nafn plötunnar (og umslag) sýnir líka að löggur geta vel haft tilvísunir fyrir sjálfum sér. GAS er auðvitað bein tilvísun í ákveðið atvik í nýlegri mótmælaöldu.

En það er ekki bara nafnið og lagavalið sem er ferskt á plötunni. Útsetningarnar eru líka óvenjulegar fyrir kórplötu. Þetta er popplata. Lögin eru flutt af einvala liði hljóðfæraleikara (Ómari Guðjóns, Samma, Steingrími Teague, Helga Svavari og Kjartani Hákonar...) og gesta-söngvarar syngja forsöng í flestum lögnum, þar á meðal Sigríður Thorlacius, Jónas Sigurðsson, Sigtryggur Baldursson og Sigurður Guðmundsson. Kórinn raddar svo og sér alfarið um sönginn í lögnum Ást, Heiður bæjarins, Kveðja og Tvær stjórnur.

Þetta er mjög vel heppuð plata. Lagavalið er frábært. Hver perlan rekur aðra. Auk fyrrnefndra laga eru m.a. á plötunni Verkamaðurinn, Hver hefur rétt, Englar himins, Um síðgæði, Þingmannagæla og Lífsbókin sem Steingrímur Teague syngur einstaklega vel.

Á heildina lítið er GAS skemmtileg og óvænt plata sem byggir brú á milli lögreglunnar og lýðsins. Það ætti kannski ekki að þurfa þar sem löggur eru jú hluti alþýðunnar, en GAS er góð leið til að minna á það!

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Lögreglukórinn og góðir gestir úr röðum poppara syngja lög eftir Hörð Torfa, KK, Bergþóru Arna, Bubba og Megas.

**BÍÓ ★ PARADÍS**

Sjá sýningartíma á [midi.is](http://midi.is) og [bioparadis.is](http://bioparadis.is)

VINSÆLUSTU ÞÆTTIRNIR



Rizzoli & Isles



Damages

How I Met Your Mother

So You Think You Can Dance


Vinsælasti þátturinn vestanhafs

FRÁBÆRT BÍÓ!



Seven Pounds  
Body of Lies  
When in Rome  
The Last Song  
Jumper

FRÁBÆRIR ÞÆTTIR SNÚA AFTURI



The Closer

True Blood



Cougar Town

Off the Map  
frá þeim sem færðu okkur Grey's Anatomy

AFMÆLISSUMARIÐ Í FULLUM GANGI Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ!

GRILLSKÓLI JÓA FEL  
ALLT UM GRILLIÐ Í SUMAR



Skemmtilegri / 25 ár

FANTAGÓÐIR NÝIR ÞÆTTIR!

ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2, STÖÐ 2 BÍÓ OG STÖÐ 2 EXTRA

FRÁ AÐEINS 229 KR Á DAG

Hot in Cleveland



The Good Guys

Sons of Anarchy

...OG HVAR SEM ER!

FÆRÐU ÁSKRIFTINA UPP Í BÚSTAÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

HORFÐU HVENÆR SEM ER...

NÝTTU ÞÉR STÖÐ 2 FRELSI



ÞAÐ ER ÖDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** var í gær áminntur af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fyrir ummæli sem hann lét falla eftir leik Bl/Bolungarvíkur og Þróttar í 1. deildinni. Guðjón velti því upp hvort litarháttur eins leikmanns hans gerði það að verkum að hann fengi mörg gul spjöld. Bl/Bolungarvík var þess utan sektað um 25 þúsund krónur vegna ummælanna.

**Stjarnan 4-1 Fylkir**

Stjörnub., áhorf.: 793 Guðm. Á Guðmundsson (5)

- 0-1 Andrés Már Jóhannesson (16.)
- 1-1 Tryggvi Sveinn Bjarnason (65.)
- 2-1 Halldór Orri Björnsson (77.)
- 3-1 Tryggvi Sveinn Bjarnason (81.)
- 4-1 Ellert Hreinsson (85.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	12-4 (8-4)
Varin skot	Ingvar 2 - Fjalar 3
Horn	5-2
Aukaspjrnur fengnar	10-13
Rangstöður	1-8

STJARN. 4-3-3	FYLKIR 4-3-3
Ingvar Jónsson 5	Fjalar Þorgeirsson 4
Baldvin Sturluson 5	Andri Þór Jónsson 3
(86., Bjarki Eysteins. -)	Valur F. Gíslason 3
Daniel Laxdal 6	(87., Daniel Guðm. -)
Nikolaj Pedersen 6	Þórir Hannesson 4
Hörður Árnason 7	Kjartan Breiðdal 4
Þorvaldur Árnason 6	Ásgeir B. Ásgeirsson 5
Jesper Jensen 6	Gylfi Einarsson 5
(90., Víðir Þorvaldur -)	Baldur Bett 4
Ellert Hreinsson 8	(70., Davíð Ásbjörn. 5)
Jóhann Laxdal 7	Andrés Jóhannesson 6
Halldór O. Björnsson 7	Ingimundur Óskars. 3
Garðar Jóhannsson 4	(87., Hjörtur Herm. -)
<b>(64., Tryggvi Bja. 8)</b>	Albert B. Ingason 4

*\*Maður leiksins*



**MARKI FAGNAÐ** Halldór Orri var á skotskónum fyrir Stjörnuna í gær.

## Snilldarskipting Stjörnunnar: Tryggvi gerði gæfumuninn

**FÓTBOLTI** Stjarnan vann verðskuldaðan sigur á Fylki 4-1 á heimavelli sínum í Garðabæ í gær og náði þar með Fylki að stigum í fimmta sæti deildarinnar.

Fylkir komst yfir á 16. mínútu þvert gegn gangi leiksins og Stjörnunnar tókst ekki að jafna fyrr en á 65. mínútu með marki varamannsins og varnarmannsins Tryggva Sveins Bjarnasonar sem var skipt inn í framliðuna aðeins mínútu áður. Tryggvi skoraði tvö mörk í leiknum og lagði upp það þriðja en Stjarnan lék við hvern sinn fingur í leiknum og hefði sigurinn hæglega getað verið enn stærri.

„Tryggvi kom rosalega sprækur inn og það sem réði þessari ákvörðun minni var sú að ég var mjög ánægður með spilamennskuna úti á velli og vildi lítið hrófla við því og þar sem við erum ekki með neinn haug af framherjum var næsta skref að setja Ellert fram en mér fannst hann svo ógnandi á kantinum að ég ákvað að setja Tryggva inn á. Svona getur gerst og Tryggvi átti frábæra innkomu,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, í leiklok.

„Við spiluðum þennan leik frábærlega frá upphafi til enda og eigum tvö fin færir áður en þeir skora en við afgreiddum þetta í seinni hálfleik,“ sagði Bjarni að lokum.

# FH með flugeldasýningu

**FH-ingar léku við hvurn sinn fingur er Grindavík kom í heimsókn í Kaplakrika. Grindvíkingar voru afar kurteisir gestir og gáfu FH-ingum tvö mörk.**

**FÓTBOLTI** Strax í upphafi leiksins í Kaplakrika var ljóst í hvað stefndi. Ray Anthony Jónsson, hægri bakvörður Grindvíkinga, tók þá einhverja undarlegustu ákvörðun sem undirritaður hefur orðið vitni að í knattspyrnuleik. Undir pressu ákvað hann að senda boltann inn á eigin vítateig í stað þess að koma boltanum af hættusvæðinu. Atli Viðar Björnsson hefur líklega ekki fengið betri stoðsendingu í sumar og renndi boltanum í markið.

„Þetta var alveg fáránlegt mark. Það er ógeðslega gaman að skora svona mörk. Eiginlega skemmtilegra að skora svona mörk en flottu mörkin því maður býst ekki við þessu,“ sagði Matthías Vilhjálmsson, fyrirlíði FH, eftir leikinn.

„Við gjörsamlega keyrðum yfir þá fyrstu 30 mínúturnar og 5-1 í hálfleik, þá var bara að sigla þessu heim,“ bætti fyrirlíðinn við.

Markið gaf FH-ingum byr undir báða vængi en byrjunin var einmitt það sem vængbrotið Grindavíkurlíði þurfti ekki á að halda. FH-ingar réðu lögum og lofum. Þeir skoruðu fimm mörk áður en hálfleikurinn var úti. Mark Grindvíkinga kom úr þeirra einu marktíraun í hálfleiknum. Gullfallett mark og gjörsamlega úr takt við frammistöðu Grindvíkinga. Gulir Grindvíkingar minntu frekar á keilur en knattspyrnumenn.

Síðari hálfleikur var galopinn. FH-ingar réðu ferðinni og virtust hafa lítið fyrir hlutunum. FH skoraði tvö til viðbótar og stærsti sigurinn í Pepsi-deild karla í sumar var staðreynd.

FH-liðið minnti á spilamennsku liðsins undanfarnin ár. Líðið



**PRENNA** Það var veisla hjá FH-ingum í gær og Atli Viðar Björnsson fagnar hér einu af þremur mörkum sínum í leiknum.

pressaði Grindvíkinga vel og unnu boltann á hættulegum svæðum. Matthías, Ólafur Páll og Atli Viðar voru stórhættulegir í hröðum sóknarleik sem var skemmtilegur á að horfa. Þrátt fyrir að í líðið hafi vantað þrjá fastamenn,

þá Björn Daniel Sverrisson, Hannes Þ. Sigurðsson og Viktor Örn Guðmundsson, kom það ekki að sök.

Grindvíkingar þurfa að fara í alvarlega naflaskoðun. Spilamennska liðsins í sumar hefur ekki verið góð en þó hefur baráttan verið til staðar.

„Það er ekki gaman að vera niðurlægður svona fyrir framan helling af fólki,“ sagði Orri Freyr Hjaltalín, fyrirlíði Grindvíkinga, að leik loknum.

Orri sagði stemninguna í hópnun hafa verið góða fyrir leikinn en þeir hefðu skilið hana eftir inni í klefa. Hann er þó viss um að Grindavík sé með nógu gott lið til þess að halda sér í deildinni. „Já, við erum með fullt af fínum fótboldamönnum en menn verða að fara að hlaupta inni í vellinum, sagði Orri Freyr.

Grindvíkingar voru langt niðri að leik loknum og gaf Orri Freyr kost á viðtali eftir að þeir aðrir leikmenn liðsins höfðu beðist undan því.

kolbeintd@frettabladid.is

**FH 7-2 GRINDAVÍK**

1-0 Atli Viðar Björnsson (2.)  
2-0 Atli Viðar Björnsson (27.)  
3-0 Matthías Vilhjálmsson (35.)  
3-1 Scott Ramsay (39.)  
4-1 Ólafur Páll Snorrason (44.)  
5-1 Ólafur Páll Snorrason (45.)  
6-1 Atli Viðar Björnsson (60.)  
7-1 Hólmur Örn Rúnarsson (67.)  
7-2 Magnús Björgvinsson (72.)

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1.493  
Dómari: Kristinn Jakobsson (8)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	18-10 (11-4)
Varin skot	Gunnleifur 2 - Óskar 4
Horn	4-1
Aukaspjrnur fengnar	7-12
Rangstöður	4-0

**FH 4-3-3** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 6 (81., Jón Ragnar Jónsson -), Pétur Viðarsson 6, Tommy Nielsen 5, Freyr Bjarnason 6 - Hákon Atli Hallfredsson 7, Bjarki Gunnlaugsson 7 (67., Atli Guðnason 5), Hólmur Örn Rúnarsson 7 (75., Emil Pálsson -) - **\*Matthías Vilhjálmsson 8**, Ólafur Páll Snorrason 8, Atli Viðar Björnsson 8.

**Grindavík 4-5-1** Óskar Pétursson 5 - Ray Anthony Jónsson 2 (46., Óli Baldur Bjarnason 4), Ólafur Örn Bjarnason 4, Orri Freyr Hjaltalín 3, Bogi Rafn Einarsson 5 - Scott Ramsay 6, Guðmundur Andri Bjarnason 4, Jamie McCunnie 5, Matthías Friðriks-son 3 (46., Páll Guðmundsson 5), Yacine Si Salem 3 (70., Michal Pospisil 5) - Magnús Björgvinsson 5.

**Keflavík 1-0 Fram**

Nettvöllur., áhorf.: 642 Þorvaldur Árnason (8)

1-0 Arnór Ingvi Traustason (53.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	8-6 (4-4)
Varin skot	Ómar 4 - Ögmundur 2
Horn	2-5
Aukaspjrnur fengnar	17-11
Rangstöður	1-0

KEFLAV. 4-5-1	FRAM 4-5-1
<b>*Ómar Jóhannsson 8</b>	Ögmundur Kristins. 6
Guðjón Antoníusson 6	Daði Guðmunds. 5
Adam Larsson 6	(74., Guðm. Magnú. -)
Haraldur Guðmunds. 6	Hlynur A. Magnús. 4
Víktor Hafsteinnsson 7	Alan Lowing 5
Arnór Traustason 7	Sam Tíllén 5
(58., Jóhann Guðm. 5)	Halldór H. Jónsson 6
Einar Orri Einarsson 4	Jón G. Eysteinnsson 5
Andri St. Birgisson 6	Kristinn I. Halldórs. 6
Hilmar G. Eðsson 6	Arnar Gunnlaugsson 5
(75., Magnús Þorste. -)	(30., Tómas Leifs. 4)
Bojan Ljubicic 5	Almarr Ormarsson 4
Guðmundur Steinars. 6	Andri Júlíusson 3
	(65., Hjálmar Þórarí. 5)

*\*Maður leiksins*

**Pór 0-3 Valur**

Þórsvöllur., áhorf.: Ekk gefið upp Þorgeir Valgeirsson (7)

- 0-1 Jón Vilhelm Ákason (24.)
- 0-2 Haukur Páll Sigurðsson (59.)
- 0-3 Rúnar Már Sigurjónsson (77.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	9-11 (5-7)
Varin skot	Srdjan 4 - Haraldur 4
Horn	11-3
Aukaspjrnur fengnar	13-15
Rangstöður	2-0

PÓR 4-3-3	VALUR 4-3-3
Srdjan Rajkovic 5	Haraldur Björnsson 7
Gísli Páll Helgason 6	Jónas Tór Naes 6
Þorsteinn Ingason 5	Atli Sv. Þórarinnsson 7
Janez Vrenko 5	Halldór K. Halldórs. 7
Ingi Freyr Hilmarsson 4	Pól Justinussen 6
Aleksandar Linta 5	Guðjón Lýðsson 7
(56., Sigurður Kristj. 5)	Haukur Sigurðsson 7
Atli Sigurjónsson 6	(82., Andri Stefáns. -)
Gunnar Guðmunds. 6	Jón Vilhelm Ákason 7
Sveinn Elías Jónsson 4	(85., Ingólfur Sig. -)
(83., Ottó Reynis. -)	<b>*Rúnar Sigurjóns. 8</b>
Jóhann Hannesson 5	Arnar Sv. Geirsson 6
David Disztl 4	Christian Mouritzen 6
(56., Ármann Evar. 5)	(72., Hörður Sveins. 5)

*\*Maður leiksins*

**STAÐAN Í PEPSI-DEILDINN:**

Valur	9	7	0	5	14-4	21
KR	8	6	2	0	17-6	20
ÍBV	8	5	1	2	11-6	16
FH	9	4	3	2	20-11	15
Stjarnan	9	4	2	3	16-14	14
Fylkir	9	4	2	3	14-15	14
Breiðablik	9	3	3	3	14-16	12
Keflavík	9	3	2	4	11-12	11
Þór	9	2	2	5	8-17	8
Víkingur	9	1	4	4	7-12	7
Grindavík	9	2	1	6	11-21	7
Fram	9	0	2	7	5-14	2

Valsarar eru komnir í toppsætið í Pepsi-deildinni eftir góðan sigur á Þór fyrir norðan:

# Valsmenn nýttu færin sín vel á Akureyri

**FÓTBOLTI** Valsmenn nýttu færin sín gegn Þór í gær og fyrir vikið vann liðið öruggan sigur. Með þremur stigum er liðið komið á topp Pepsi-deildarinnar, í bili að minnsta kosti, en KR á leik til góða. Valur vann Þór 0-3.

Það gekk mikið á í gær. Jón Vilhelm Ákason skoraði eina mark fyrri hálfleiks en fram að því hafði Þór verið betri aðilinn. Gunnar Már skallaði meðal annars í slá. Valur fékk síðan tvö fin færir en leiddi aðeins 1-0 í hálfleik.

Bæði lið fengu dauðafæri í byrjun seinni hálfleiks en Haukur Páll stangaði hornspyrnu inn og breytti stöðunni í 2-0. Hið sígilda þriðja mark kom síðar en það var í meira lagi umdeilt.

Boltinn barst inn fyrir vörn Þórs og flagg aðstoðardómarans fór upp. Þórsarar nánast hættu

en leikurinn var ekki stöðvaður. Valsmenn skoruðu þriðja markið, maður leiksins Rúnar Már var þar að verki, en Þórsarar hreinlega ærðust.

Eftir leik bárust þær skýringar að Þórsari hefði sparkað boltann inn fyrir og því hefði rangstaða verið rangur dómur. Markið stóð og Valsmenn fögnuðu öruggum sigri.

„Þetta voru sanngjörn úrslit, þeir voru bara betri,“ sagði Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, sem vildi ekkert segja um þriðja markið en sagði dómurana hafa staðið sig vel. Sömu sögu er ekki að segja af Þorsteini Ingasyni, fyrirlíða Þórs.

„Við sáum og heyrðum að það var dæmd rangstaða og báðir miðverðirnir heyrðu þetta. Við vorum því ekki að dekka manninn okkar

100% og þetta hefur því augljóslega áhrif á leikinn. Hvernig á leikurinn að geta haldið áfram þegar línuvörðurinn er líka á röngum stað eftir að hafa flaggað? Þetta var skrautlegt og ég er ekki viss um að hann hefði flauta á þetta ef þetta hefði gerst hinumegin miðað við dómgæsluna í leiknum,“ sagði Þorsteinn ósáttur.

Valsmenn voru öllu kátari. „Við vorum nokkuð skynsamir en vorum lengi í gang. Líðin fá líklega jafnmörg færi en við erum bara ánægðir með sigurinn,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals, sem hrósaði dómurinum fyrir samvinnuna í þriðja marki.

„Þetta var mjög vel gert hjá þeim og samvinnan skipti þarna sköpum,“ sagði Kristján.



**STERKUR** Haukur Páll skoraði eitt mark Vals í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Landsins mesta úrval af sláttuvélum!

Gleðilegt sumar

**Kaupauki!**

Sláttuorf fylgir öllum sláttuvélum

**33.900**

Vnr. 53323150

### Sláttuvél

WARRIOR sláttuvél með fjörgengismótur. Vélín er 3,75 hestöfl, stillanleg sláttuhæð, sláttubreidd 46 cm.



**Einhell**

Vnr. 74830010

### Rafmagns-sláttuorf fylgir öllum sláttuvélum

Verðmæti kr.

**4.990**

\*Gildir til sunnudags. Eða kr. 4.990 upp í annað sláttuorf.

Sumarið er tímínn!



**Einhell**

Vnr. 74830022

### Sláttuvél **14.900**

EINHELL rafmagnssláttuvél BG-EM 1030, 1000W, sláttubreidd er 30 cm, hæðarstilling 25-60 mm, safnkassi er 28 l. Lítil og ódýr sláttuvél sem hentar fyrir minni grasbletti.



**BOSCH**

Vnr. 74891130

### Sláttuvél **23.990**

BOSCH rafmagnssláttuvél Rotak 32, 1200W, sláttubreidd er 32 cm, hæðarstilling 20-60 mm, safnkassi er 31 l. Hentar vel fyrir litla garða.



**Einhell**

Vnr. 74830024

### Sláttuvél **24.990**

EINHELL rafmagnssláttuvél 1200W, sláttubreidd 32 cm, stillanleg sláttuhæð 25-60 mm, stærð safnkassa 28 l.



**Flymo**

Vnr. 53323037

### Sláttuvél **39.900**

FLYMO rafmagnssláttuvél, 1500W, sláttubreidd 40 cm, sláttuhæð 15-41 mm, þyngd 7,5 kg.



**Einhell**

Vnr. 74830060

### Sláttuvél **36.900**

EINHELL sláttuvél BG-PM 46 P. Með 3,75 hestafla fjörgengismótur, sláttubreidd er 46 cm, hægt að velja um 3 hæðarstillingar, safnpokinn er 60 l.



**Einhell**

Vnr. 74830068

### Sláttuvél **59.990**

EINHELL sláttuvél BG-PM 46 S HW. Með sjálfdrifi, 139 ccm fjörgengismótur, sláttubreidd er 46 cm, hægt að velja um 6 hæðarstillingar, safnpokinn er 65 l.



**Einhell**

Vnr. 74830067

### Sláttuvél **59.990**

EINHELL sláttuvél RPM 51 S. Fjörgengismótur sem er 6,0 hestöfl, sláttubreidd er 51 cm, safnpokinn er 65 l.



**Partner**

Vnr. 53323536

### Sláttuvél **99.900**

PARTNER sláttuvél PP53-675DWA 2,4kW, sláttubreidd 53 cm, stærð safnkassa 71 l, mismunandi hæðastillingar.



**Einhell**

Vnr. 74830012

### Sláttuorf

Rafmagnssláttuorf RG-ET 4530, 450W, sláttubreidd 30 cm.

**6.990**



**Einhell**

Vnr. 74830014

### Sláttuorf

EINHELL Rrafmagns-sláttuorf, 1000W, sláttubreidd 35 cm.

**14.990**



**Einhell**

Vnr. 74830072

### Sláttuorf

EINHELL sláttuorf 30cc, sláttubreidd 41 cm með tvöföldum þræði.

**23.990**



Vnr. 53323172

### Sláttuorf

Warrior sláttuorf 43cc, sláttubreidd 41 cm með tvöföldum þræði.

**29.990**



# VILTU VINNA SJÓNVARP + ÁSKRIFT



COPA AMERICA NÝTUR SÍN  
BEST Í SJÓNVARPI FRÁ ELKO

AÐALVINNINGUR ER

LG 42" PLASMATÆKI

OG ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2

EDA STÖÐ 2 Í 3 MÁNUÐI

SENDU SMS ESL BOLTI  
Á NÚMERIÐ 1900.

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR MEÐ

ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ ESL A, B EÐA C

Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ! AUKA-

VINNINGAR ERU TÖLVULEIKIR · DVD MYNDR OG FLEIRA!



Vinningar afhentir í ELKO Lindum, 149 kr/skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.  
Leik líkur 22. júlí. Þú færð 3 mínútur til að svara  
annars þarftu að byrja upp á nýtt

**ELKO**  
EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

## Fjörugt jafntefli í Víkinni

Íslandsmeistarar Breiðabliks ætla ekki að komast í gang í sumar og í gær urðu þeir að setta sig við jafntefli gegn Víkingi. Bæði lið sóttu af miklum krafti.

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Breiðabliks fóru í heimsókn í Fossvoginn í gærkvöldi og mættu Víkingum í Stjórngrófinni í níundu umferð Pepsi-deildar karla. Leikar fóru 2-2 í einum fjörugasta leik sumarsins. Bæði lið léku blússandi sóknarleik og skemmtu sér og þeim sem á horfðu.

Fyrstu 20 mínútur leiksins voru það þeir grænklæddu úr Kópavoginum sem réðu ferðinni. Hinn ástralski Dylan Macallister skoraði fyrsta mark leiksins á 7. mínútu með skoti af stuttu færi inni í teig Víkinga.

Þrettán mínútum síðar jafnaði Húsvíkingurinn Baldur Ingimar Aðalsteinsson leikinn með skoti frá vítateigshorninu hægra megin eftir misheppnaða hreinsun Kára Ársælssonar úr vörn Blika. Jöfnunarmark Víkinga kom þvert gegn gangi leiksins en það var einmitt þá sem þeir virkilega vöknuðu til lífsins því skömmu seinna voru þeir komnir í 2-1 forystu.

Þar var að verki táníngurinn Viktor Jónsson en hann batt endahnút á vel útfærða skyndisókn með því að leggja boltann yfir Ingvar Kale í marki Blika. Í seinni hálfleik sóttu liðin á víxl og það voru Blikarnir sem komu betur út úr baráttunni í seinni hálfleik. Rétt tæpu korteri fyrir leikslok jafnaði Guðmundur Kristjánsson leikinn með langskoti eftir laglegan undirbúning Kristins Steindórssonar og Rafns Andra Haraldssonar.

Lokatölur 2-2 í jöfnum og fjörugum leik. Einn besti leikur Víkinga í sumar og sýndu þeir oft á tíðum glæsileg sóknartilprif. Blikar voru rétt eins og þeir svartrauðu beittir fram á við en áttu eins og oft áður í sumar í ákveðnum vandræðum með það að verjast snöggum og liprum sóknarmönnum Víkinga.

Andri Marteinsson, hjálafari Víkinga, var ánægður með leik sinna manna í gærkvöldi þó að hann hefði helst viljað hala inn öllum þremur stigunum sem í boði voru.

„Ég er mjög sáttur við framlag minna manna í kvöld. Hver einn og



TILPRIF Blikinn Kristinn Steindórsson sýnir hér lipur tilprif í Víkinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

einasti stóð fyrir sínu, sérstaklega er gaman að sjá ungan strák eins og Viktor sem fyllir skarð eldri og reyndari manna á glæsilegan hátt. Þetta var í fyrsta sinn í sumar sem mínir menn stíga upp og spila á fullum krafti allan leikinn.

Við vorum að spila á móti sterku Blikaliði. Þeir láta boltann vinna

vel og því þurfum við að hafa svölitið fyrir þessu. Við biðum vel í varnarstöðu og sóttum síðan hratt á þá. Sú leikaðferð gekk upp í kvöld, en út frá færunum er ég samt ósáttur við aðeins 1 stig.“

Ólafur Kristjánsson, hjálafari gestanna, talaði á svipuðum nótum og starfsbróðir hans.

„Ég er ánægður með að ná í stig- ið og snúa leiknum við eftir að hafa lent undir en að sama skapi er ég ósáttur við að missa þægilega forystu svona snögglega eins og gerðist í fyrri hálfleik, þannig að það má segja að þetta sé súrsætt. Ég er ánægður með sumt í leiknum. Margir voru að spila ágætlega en því miður sýnum við slægan varnaleik í báðum mörkunum og það er í raun algjör barnaskapur að gefa mörk á þennan hátt.“

Víkingar eru eftir leikinn áfram í fallsæti en hafa þó jafnað Grindavíkurlíðið að stigum. Íslandsmeistararnir í Breiðablik sigla hins vegar lygnan sjó í deildinni með 12 stig eftir 9 leiki.

- ae

VIKINGUR	2-2	BREIÐABLIK									
<p><b>0-1 Dylan McAllister (7.)</b>  <b>1-1 Baldur Ingimar Aðalsteinsson (21.)</b>  <b>2-1 Viktor Jónsson (30.)</b>  <b>2-2 Guðmundur Kristjánsson (77.)</b></p> <p>Víkingsvöllur, áhorf.: 1.244            Dómari: Gunnar Jarl Jónsson (7)</p> <p><b>TÖLFRÆÐIN</b></p> <table border="1"> <tr> <td>Skot (á mark)</td> <td>15-13 (7-7)</td> </tr> <tr> <td>Varin skot</td> <td>Magnús 5 - Ingvar 5</td> </tr> <tr> <td>Horn</td> <td>4-5</td> </tr> <tr> <td>Aukaspjrnur fengnar</td> <td>8-12</td> </tr> <tr> <td>Rangstöður</td> <td>8-6</td> </tr> </table>	Skot (á mark)	15-13 (7-7)	Varin skot	Magnús 5 - Ingvar 5	Horn	4-5	Aukaspjrnur fengnar	8-12	Rangstöður	8-6	<p><b>Víkingur 4-5-1</b> Magnús Þormar 5 - Walter Hjaltested 5, Mark Rutgers 7, Kristinn Magnússon 6, Sigurður Egill Lárusson 5 - Baldur Ingimar Aðalsteinsson 7 (67., Þorvaldur Sveinn Sveinsson 5), Denis Abdulahi 6, Halldór Smári Sigurðsson 6 (84., Pétur Markan -), Martein Briem 8 (73., Kjartan Dige Baldursson -), Hörður Bjarnason 5 - <b>*Viktor Jónsson 8.</b></p> <p><b>Breiðablik 4-3-3</b> Ingvar Kale 7 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5, Elfar Freyr Helgason 6, Kári Ársælsson 5 (67., Finnur O. Margeirsson 5), Kristinn Jónsson 7 - Jökull Elisabetarson 6, Guðmundur Kristjánsson 7, Andri Rafn Yeoman 4 (62., Tómas Óli Garðarsson 4) - Rafn Andri Haraldsson 8, Kristinn Steindórsson 7, Dylan McAllister 7.</p>
Skot (á mark)	15-13 (7-7)										
Varin skot	Magnús 5 - Ingvar 5										
Horn	4-5										
Aukaspjrnur fengnar	8-12										
Rangstöður	8-6										

Keflvíkingar unnu sinn fyrsta leik í háa herrans tíð er þeir mættu Fram:

## Framarar bíða enn eftir fyrsta sigrinum

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar unnu langþráðan og mikilvægan sigur, 1-0, gegn botnliði Fram í Pepsi-deild karla suður með sjó í gærkvöldi. Eina mark leiksins gerði Arnór Ingvi Traustason þegar um hálf-tími var eftir af leiknum.

Framarar voru betri aðilinn í fyrri hálfleiknum en náðu ekki að nýta þau dauðafæri sem liðið fékk. Í síðari hálfleik komu Keflvíkingar grimmir til leiks og skoruðu eftir skelfileg varnarmistök hjá Fram. Útlitið versnar með hverjum leiknum hjá Safamýrarpiltum, sem eru enn langneðstir í deildinni með tvö stig, en Keflvíkingar bættu hag sinn með sigrinum og eru í áttunda sæti með 11 stig. Fram undan er aftur á móti fallbarátta hjá báðum þessum liðum.

„Við erum búnir að vera í alls konar vandræðum í sumar og því var þetta sérstaklega mikilvægur sigur fyrir okkur,“ sagði Willum



GLEÐI Keflavík vann í gær sinn fyrsta leik síðan 16. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Þór Þórsson, hjálafari Keflavíkur, eftir sigurinn í gær.

„Það hefur verið mikið álag á okkur að undanförunum en leikurinn í kvöld var sá fjórði á níu dögum, því komu ferskar lappir inn í liðið í kvöld og þeir strákar stóðu sig

virkelega vel. Við erum búnir að endurskoða öll okkar markmið og núna verðum við bara að vinna í því að halda okkur áfram í úrvalsdeildinni. Þegar stigirnir eru ekki að skila sér verð ég sem hjálafari að sýna hópnum að mönnum sé treyst og það skilaði sér í kvöld. Við lékum vel stóran hluta af leiknum í kvöld og Ómar (Jóhannsson) var frábær í markinu.“

„Þetta er alltaf jafnt svekkjandi,“ sagði Þorvaldur Örlygsson, hjálafari Fram, eftir ósigurinn í gær.

„Við vorum mun betri aðilinn allan leikinn, en það telur ekki þegar þú færð á þig mark og skorar ekki. Það er erfiðasti hlutinn við knattspyrnuna að koma boltanum yfir þessa hvítu línu og það hefur sýnt sig hjá okkur í sumar, en einnig erum við að fá á okkur klaufalegt mark í leiknum í kvöld.“

- sáþ





adidas is all in

adidas



**1. 70 HÖGG** er nýtt vallarmet kvenna á Öndverðar-nesvelli. Þórdís Geirsdóttir úr Keili endurnýjaði met sitt, sem var 68 högg fyrir breytingar á vellinum.

**2. 71 ER NÝTT VALLARMAT** á Þorlákssvelli í Þorlákshöfn. Um verulegar styttingar er að ræða af gulum og rauðum teigum. Völlurinn var þá 72. Hringnum hefur líka verið snúið við.

GOLF & HEILSA



### Æfingar gera gæfumuninn

Magni M. Bernhardsson, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Æfingar til að auka stöðugleika og hreyfanleika geta reynst kyflingum dýrmætar. Magni Bernhardsson, kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands, leggur línurnar.

„Að vera óstöðug í golfstöðunni eykur hættuna á mistökum og meiðslum þegar golfsveiflan er framkvæmd. Þeir sem spila reglulega og beina ekki mikilli athygli að líkamlegu atgervi sínu eru í raun að takmarka árangur sinn í golfi og auka líkurnar á meiðslum. Best er að greina hvað veldur óstöðugleikanum og fá lausnir til að vinna á vandanum og leiðrétta hann. Við hreyfum okkur mikið sem börn en það breytist mikið þegar við fullorðnumst, við erum lengur í sömu stellingu sem leiðir til þess að vöðvar og liðbönd aðlagast þeirri stöðu og mynda óstöðugleika,“ segir Magni.

Í næstu greinum mun Magni fara yfir eina til tvær æfingar í hvert skipti sem geta hjálpað okkur flestum í golfi jafnt sem í daglegu lífi; þessi er til að auka hreyfanleika í mjöðmum og baki.

- Takið golfkyflu, haldið við gripið með annarri hendi og við kylfuháusinn með hinni. Nuddið upp og niður utanvert lærið, en þar er liðband sem nefnist Ilio-Tibia band (IT-Band). Þetta liðband á það til að stytta og verða aumt viðkomu sem leiðir til þess að erfiðara er að ná fullum mjaðma snúningi og þyngdarflutningi í golfsveiflunni. Langvarandi styttingar á IT-bandinu geta leitt til hnémeiðsla og stífleika í mjöðmum sem eykur stórlega líkur á bakmeiðslum.

- Ef engin eymsli eru til staðar við þessa æfingu þá ertu í góðum málum, en ef það eru eymsli þá skuluð þið prófið að gera þessa æfingu í fimmtán sekúndur 2-3 sinnum á hvort læri daglega í tvær vikur og árangurinn lætur ekki á sér standa.

Höfundur starfaði með PGA-golfkennaranum Justin Stout í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans.



LUKE DONALD Í GÖÐRI SVEIFLU Breski kyflingurinn Luke Donald er nú efsti maður heimslistans í golfi. Leiðin hefur þó ekki legið þráðbeint á toppinn hjá honum því fyrir áratug mátti hann lúta í lægra haldi fyrir íslenska kyflingnum Erni Ævari Hjartarsyni. NORDICPHOTOS/AFF

### Hollráð Hinna

#### Staðarreglur

Nú þegar meistaramót golfklúbba eru á næsta leiti er vert að hugleiða staðarreglur, segir Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbba Reykjavíkur.

„Nú nálgast meistaramótin og kyflingar undirbúa sig sem best þeir geta. Eitt af því ætti að vera að kynna sér staðarreglur vel. Nú er einnig sá tími kominn að vellirnir taka stakkaskiptum. Því er ekki ólíklegt að staðarreglur breytist hratt.“

- Hreyfingar hverfa eða minnka. Þá eru oft breytingar hvað hreyfanlegar og óhreyfanlegar hindranir varðar. Þetta þurfa kyflingar að athuga vel enda almennt víti fyrir brot á staðarreglu tvö högg sem getur verið kostnaðarsamt.

- Það er misjafnt eftir klúbbum hvernig staðarreglur eru og fyrir þá sem hafa flust milli klúbba er það því afar mikilvægt að lesa þær vel. Sem dæmi um mismun á staðarreglur eru til dæmis hreyfanlegar hindranir í glömpum en sumir klúbbar hafa sem dæmi lýst steina sem hreyfanlega hindrun og mega kyflingar því fjarlægja þá. Svo eru það stígar sem hafa verið lýstir sem hluti vallar sem þýðir að kyflingar fá ekki að láta boltann falla af stígnum án vítis.

Staðarreglur eru æði misjafnar eftir löndum og læt ég þrjú dæmi fylgja.

- Arizona: Lendi bolti leikmanns innan einnar kylfulengdar frá skróltormi má leikmaður án vítis láta annan bolta falla þar sem ekki gættir hættunnar.

- Uganda: Ef bolti leikmanns lendir hættulega nálægt krókóðil má láta annan bolta falla án vítis.

- England: Waddington GG – völlurinn var notaður sem flugvöllur í stríðinu. Þegar hefja skal leik á öðrum teig skal því gæta þess að flugvélar sem koma inn eftir lendingu eða eru að undirbúa flugtak eiga forgang öllum stundum.



# Sigurinn á Donald 2001 var súrsætur

Örn Ævar Hjartarson rifjar upp sigurinn gegn Luke Donald, efsta manni heimslistans. Trú á eigin getu og gleði skilaði besta árangri Íslands á EM. Örn segir sigurinn sætan þótt ekki hafi það nægt til að sigra Englendinga.

Íslensku landsliðin í golfi standa í ströngu þessa dagana þar sem að Evrópumeistaramót áhugakylfinga standa sem hæst. Karlaliðið leikur í Portúgal og kvennaliðið í Austurríki. Árangur Íslendinga hefur verið upp og ofan á EM á undanförunum árum – og ekki ætlinn að rifja það upp í þessum pistli.

Helsta afrek Íslands á EM var árið 2001, þar sem Örn Ævar Hjartarson kyflingur úr Golfklúbba Suðurnesja, náði að leggja Luke Donald, efsta mann heimslistans í golfi að velli í holukeppni á EM. Reyndar var Englendingurinn ekki ofarlega á heimslistanum á þeim tíma, en hvað um það. Örn Ævar er ávallt til í að rifja þessa sögu upp og ekki síst áratug eftir að hann náði þessum áfanga.

#### Mikið hlegið

Besti árangur Íslands á EM náðist á mótinu árið 2001 þar sem Íslendingar komust í undanúrslit og enduðu í fjórða sæti. Örn Ævar var í því liði en þar voru einnig þeir Björgvin Sigurbergsson, Haraldur Heimisson, Helgi Birkir Þórisson, Ottó Sigurðsson og Ólafur Már Sigurðsson. Ísland hefur ekki verið nálægt því að jafna þann árangur og 17. sætið hefur verið niðurstaðan í karlaflokknum í þrjú skipti í fjórum síðustu keppnum.

„Við höfðum ofurtrú á okkar eigin getu og trúðum því virkilega að við værum ekkert verri en hinir sem voru að spila þarna,“ sagði Örn Ævar í samtali við Fréttablaðið þegar hann var inntur eftir því hvað hefði einkennt þankaganginn í íslenska liðinu á þessum tíma. „Það var líka markmiðið hjá okkur að hafa gaman að þessu og njóta þess að vera í þessari keppni. Við vorum alltaf í einhverjum þúttkeppnum – og leikjum á æfingafloötinni. Ég man sérstaklega eftir



ÖRN ÆVAR HJARTARSON Í viðtali við blaðið rifjar Örn upp árangur Íslendinga á EM árið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

einum sem kallaður var „stæmi“ eða hugsunarleikurinn. Við hlógum mikið og okkur leið vel á þessu móti,“ sagði Örn Ævar.

Atburðarásin þróaðist með þeim hætti á þessu móti að Örn Ævar mætti Luke Donald frá Englandi í holukeppninni. Donald var á þeim tíma vel þekkt nafn í bandaríska háskólagolfinu og stigahæsti kyflingurinn á þeim lista.

#### Löng hola og hættur alls staðar

„Ég vissi vel hver Luke Donald var og svona eftir á þá er mjög sérstakt að hafa unnið hann. Þetta var hörkuleikur sem fór alla leið á 18. holu. Ég átti eina holu fyrir síðustu holuna og við vorum báðir að leika á okkar forgjöf.“

Örn Ævar sagði lokaholuna hafa verið þá 5 holu, nokkuð langa, með hættum alls staðar.

„Hafið var hægra megin með fram brautinni, vatnstorfærur vinstra megin og það var líka vatn fyrir framan flötina. Teighöggið hjá mér var gott á miðri braut, Luke Donald var í „röfínu“ aðeins utan brautar og ég vissi að hann myndi aldrei ná inn á flötina

í tveimur úr þeirri stöðu. Helgi Birkir Þórisson var kylfúsveinninn í þessum leik hjá mér og hann reif upp 4-tréð úr golfpokanum og rétti mér. Í hans huga var ekkert annað sem kom til greina en að slá inn á flötina í öðru höggi. „Þetta er útrætt, við förum inn á héðan,“ sagði Helgi ákveðinn. Höggið var fullkomið, og ég var nánast öruggur með fugl og tryggði þar með sigurinn. Þó svo að ég hafi unnið minn leik þá dugði það ekki til að vinna Englendingana þannig að þetta súrsætur sigur. Ég mun aldrei gleyma þessu enda er ég minntur reglulega á þetta af fólki í kringum mig,“ sagði Örn Ævar.

#### Æfa, æfa og æfa meira

Á undanförunum árum hefur aðstaða til æfinga hér á Íslandi lagast gríðarlega mikið og Örn Ævar er sannfærður um að íslenskir kyflingar eigi að geta náð langt og staðist samanburð við bestu áhugakylfinga Evrópu sem mæta með sínum landsliðum á Evrópumeistaramótið.

„Íslenskir kyflingar eiga alveg jafnmikinn möguleika á því að ná langt í íþróttinni eins og t.d. þeir ensku eða sænsku. Trúin á eigin getu þarf að vera óbilandi og aðstæður til að æfa allt árið er mjög mikilvægt atriði. Margir eru að spila í háskólagolfi í Bandaríkjunum eða þá æfa sig yfir vetrartímann erlendis. Einnig er hæfni og reynsla golfkennara á Íslandi alltaf að aukast. Það er ekkert flókið að til þess að ná árangri þá þarf maður að æfa, æfa, æfa og æfa aðeins meira. Og trúa á sjálfan sig.

En til að ná langt sem atvinnu- maður segi ég eins og Gary Wolstenholme þarftu annað af tvennu: Annaðhvort hrikalega mikla hæfileika í golfi eða hrikalega mikið af peningum,“ sagði Örn Ævar Hjartarson. seth@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is  
Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útlit, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



GULA HÚSIÐ



Sumar Anorakkur  
Kr. 9.990<sup>o</sup>  
Herra. Margir litir.



Flott peysa  
Kr. 3.999<sup>o</sup>  
Með rennilás

Gallabuxur  
Kr. 5.990<sup>o</sup>



Stuttermabolir  
Kr. 1.290<sup>o</sup>  
Mikið úrval

Kvartbuxur  
Kr. 1.999<sup>o</sup>

Skór  
Kr. 3.990<sup>o</sup>



Hettupeysa  
Kr. 5.990<sup>o</sup>  
Fruit of the Loom

Flott verð  
Kr. 2.999<sup>o</sup>  
Kvartbuxur og bolur saman!

Gallabuxur  
Kr. 2.790<sup>o</sup>

Skór  
Kr. 3.990<sup>o</sup>



Skyrtur  
Kr. 3.999<sup>o</sup>

Galla kvartbuxur  
Kr. 4.999<sup>o</sup>

Stuttermaskyrta  
Kr. 3.990<sup>o</sup>

Gallabuxur  
Kr. 7.990<sup>o</sup>

Kvartbuxur  
Kr. 1.999<sup>o</sup>

Skór  
Kr. 4.490<sup>o</sup>

# Sól sól skín á mig!



Sumarpils  
Kr. 3.999<sup>o</sup>  
Einnig til í hvítu.

Stuttermabolir  
Kr. 1.290<sup>o</sup>  
Mikið úrval



Sumarkjöll  
Kr. 3.999<sup>o</sup>

Leggings  
Kr. 1.290<sup>o</sup>  
Mikið úrval



Stuttermabolir  
Kr. 1.290<sup>o</sup>  
Margir litir.

Kvart buxur  
Kr. 2.490<sup>o</sup>  
Nokkrir litir



Sumarskókkur  
Kr. 2.590<sup>o</sup>  
Líka til í bleiku

Leggings  
Kr. 1.290<sup>o</sup>



Peysa m/rennilás  
Kr. 3.999<sup>o</sup>  
Mynd á baki.

Kvart buxur  
Kr. 3.999<sup>o</sup>  
Með beltí.



Líka til fyrir stráka


Lækkað verð  
Kr. 4.990<sup>o</sup>  
Áður kr. 6.990



Hýrabolur  
Kr. 1.990<sup>o</sup>  
Með munstri




Dömkjöll  
Kr. 6.990<sup>o</sup>  
Var kr. 7.790.



Núna  
Kr. 7.642<sup>o</sup>  
Áður kr. 8.990



Núna  
Kr. 7.642<sup>o</sup>  
Áður kr. 8.990



GULA HÚSIÐ  
FAXAFENI 8

Opið 11-19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12-17 / Sími 534 4451

ÓDÝRT & GOTT

## > Hugh Jackman

„Mér finnst gaman að gera mig að fiffl og vann við að leika trúð í barna-afmælum í þrjú ár.“

**Hugh Jackman leikur í rómantísku kvikmyndinni Australia sem fjallar um breska hefðarfrú, leikna af Nicole Kidman, sem ferðast til Ástralíu til að leita upp eiginmann sinn. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON BÍÐUR SPENNTUR

# Stórleikari í háska á Íslandi

Ég man fyrst eftir Jake Gyllenhaal þegar hann gamnaði sér með Heath Ledger uppi á Brokeback-fjallinu með kúrekahatt á höfðinu. Þetta var auðvitað bara bíói en ég skal viðurkenna að eyrun sperrtust þegar ég frétti af því að Gyllenhaal væri enn og aftur kominn upp á fjall með öðrum manni, nú Bear Grylls.

Þær ungu stúlkur sem hafa gengið með þann draum í maganum að fanga hug Hollywood-stjörnunnar hafa væntanlega fengið hland fyrir hjartað og haldið að Brokeback væri byggt á sannsögulegum atburðum úr lífi Gyllenhaal, þetta væri jafnvel fastur liður í hans lífi, að fara með manni upp á fjall. En sem betur fer fyrir þær var heim-sóknin hluti af sjónvarpsþáttaröðinni Man vs. Wild sem Bear Grylls stjórnar. Og afrastrukturinn verður frumsýndur á mánudag á Discovery Channel.

Tvíeykið hefur skilað Íslandi ótrúlegri landkyrningu. Landið

hefur áður leikið stór hlutverk í sjónvarpsþáttum á borð við Amazing Race og Bachelorette en stjörnuleikarinn Gyllenhaal virðist hafa ótakmarkað aðdráttkraft enda einn vinsælasti piparsveinn Hollywood (og þessi pistill er ekki sá eini sem hefur leikið sér með Brokeback-samlíkinguna).

Sé nöfnum þessara manna slegið samtímis upp á vefsíðunni google.com/news, sem heldur utan um fréttir á netinu, koma fram í leitinni 109 greinar um ferðalag Gyllenhaal og Grylls. Og á flestum vefsíðunum eru annaðhvort myndir af Íslandsferðinni eða stikla úr þættinum. Gyllenhaal mun á næstunni fara í spjallþætti í sjónvarpi og ræða um ferðalagið til Íslands. Íslensk stjörnvöld hljóta að sjá möguleikana sem fylgja heimsoðnum eins og þessum, raunar ættu þau að róa að því öllum árum að gera menn eins og Gyllenhaal að fastagestum.



## RÚV

- 14.15 Golf á Íslandi (4:14) (e)
- 14.45 Íslenski boltinn (e)
- 15.40 Tíu fingur (10:12)
- 16.40 Leiðarljós
- 17.25 Dýraspítalinn (8:10)
- 17.55 Geymslan
- 18.25 Táknálsfréttir
- 18.35 Skassið og skinkan (14:20)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Sannleikurinn um loftslagsbreytingar
- 20.05 Önnumatúr frá Spáni – Sjávarfang (8:8) (AnneMad í Spanien)
- 20.40 Sönnunargögn (2:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
- 21.30 Tríó (5:6) Ný íslensk gamanþáttaröð. Tilvera blaðberans Friðberts og lík-snyrtisins Þormóðs fer öll á annan endann þegar ungt og glæsilegt par flyst í íbúðina á milli þeirra í raðhúsi í Mostellsbæ.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Glæpahneigð (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
- 23.10 Prenna (2:8)
- 23.40 Fréttir (e)
- 23.50 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 06.15 I Love You Beth Cooper
- 08.00 Uptown Girl
- 10.00 Jerry Maguire
- 12.15 Astro boy
- 14.00 Uptown Girl
- 16.00 Jerry Maguire
- 18.15 Astro boy
- 20.00 I Love You Beth Cooper
- 22.00 Australia
- 00.40 Welcome Home, Roscoe Jenkins
- 02.30 The Baxter
- 04.00 Australia

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Sjálfstætt fólk
- 11.00 The Mentalist (3:23)
- 11.45 Gilmore Girls (2:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Speed Racer
- 15.10 The O.C. 2 (17:24)
- 15.55 Sorry I've Got No Head
- 16.25 Scooby Doo og félagar
- 16.45 Waybuloo
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Two and a Half Men (21:22)
- 19.35 Modern Family (16:24)
- 20.00 Grillskóli Jóa Fel (4:6) Jóa Fel snýr aftur í glænýri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjöt-sneiðar, hamborgara og pylsur.
- 20.35 Amazing Race (8:12) Fjórtaða þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan.
- 21.20 NCIS (22:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnið eru orðin bæði flókari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
- 22.05 Fringe (20:22)
- 22.50 The Whole Truth (2:13)
- 23.35 Rizzoli & Isles (8:10)
- 00.20 Damages (7:13)
- 01.05 Speed Racer
- 03.15 The Pacific (10:10)
- 04.15 NCIS (22:24)
- 05.00 Modern Family (16:24)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 07.00 Pepsi mörkin
- 08.10 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hljóvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
- 17.00 Stjarnan - Fylkir Útsending frá leik Stjörnunnar og Fylkis í Pepsi-deild karla.
- 18.50 Pepsi mörkin Hörður Magnússon, Hljóvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
- 20.00 N1 mótið Sýnt frá N1 mótinu á Akureyri þar sem knattspyrnustjórnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru strákar í 5. flokki sem keppa á N1 mótinu en þetta mót er hið 25. í röðinni og því af-mælismót.
- 20.40 Sterkasti maður Íslands Sýnt frá keppni um nafnbótina Sterkasti maður Íslands þar sem allir helstu kraftajötnar landsins mæta til leiks og taka á öllu sem þeir eiga.
- 21.25 Nanshan China Masters Útsending frá móti í OneAsia mótariðinni í golfi.

## SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Argentína - Kólumbía Útsending frá leik Argentínu og Kólumbíu í Copa America 2011.
- 18.00 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
- 18.30 PL Classic Matches: Newcastle - Man United, 1995
- 19.00 Season Highlights 1999/2000 Allar leikiðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 19.55 Maradona 1 Þættir um bestu knattspyrnumenn veraldar fyrr og síðar en í þessum þætti verður fjallað um sjálfan kónginn, Diego Armando Maradona.
- 20.20 Argentína - Kólumbía Útsending frá leik Argentínu og Kólumbíu í Copa America 2011. Liðin eru í A-riðli ásamt Argentínu og Kólumbíu.
- 22.05 Bólivia - Kostaríka Bein útsending frá leik Bólíviu og Kostaríka í Copa America 2011. Liðin eru í A-riðli ásamt Argentínu og Kólumbíu.

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.40 Dynasty (8:28)
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 My Generation (2:13) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (1:17)
- 19.45 Whose Line Is It Anyway?
- 20.10 Rules of Engagement (9:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinnuhóp.
- 20.35 Parks & Recreation (9:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
- 21.00 Running Wilde (5:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development.
- 21.25 Happy Endings (5:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru þar sem eiga frábæran vinnuhóp.
- 21.50 Law & Order: Los Angeles (16:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles. Morð er framið og reynt er að villa um fyrir lögreglunni með hræðilegum eldsvoða.
- 22.35 Parenthood (5:13) (e)
- 23.20 Royal Pains (5:13) (e)
- 00.05 In Plain Sight (1:13) (e)
- 00.50 CSI: Miami (21:24) (e)
- 01.35 Smash Cuts (10:52) (e)
- 02.00 Law & Order: LA (16:22) (e)
- 02.45 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.30 AT&T National (3:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.50 AT&T National (4:4)
- 16.50 PGA Tour - Highlights (24:45)
- 17.45 Golfing World
- 18.35 Inside the PGA Tour (27:42)
- 19.00 John Deere Classic (1:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 The Open Championship Official Film 2010
- 23.45 ESPN America

## EXTRA

- 19.45 The Doctors
- 20.30 In Treatment (37:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinar skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 Gossip Girl (21:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglunga sem búa í Manhattan og leggja línurarnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útíti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglunganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum og safaríkar söguflúttum verða afar dramatískar.
- 22.30 Off the Map (5:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörpu-spennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungrir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulega vandamál.
- 23.15 Ghost Whisperer (17:22)
- 00.00 The Ex List (12:13)
- 00.45 In Treatment (37:43)
- 01.15 The Doctors
- 01.55 Fréttir Stöðvar 2
- 02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## INN

20.00 Hrafnaping Nýsköpun og meiri nýsköpun.  
21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur.  
21.30 Kolgeitinn Sigtryggur Baldursson fjallar um íslenska tónlist.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM					
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,9 Lindin
					FM 105,5 Útvarp Boðun

## Terra

nýr valkostur fyrir veröndina

Terra er nýtt og fallett verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

Terra er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarvæði okkar í Fornalundi og skoðuðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söluveildir okkar.

Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður. Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!

bmvala.is

BM Vallá ehf.  
Bíldshöfða 7  
110 Reykjavík

Sími: 412 5050  
Fax: 412 5001  
sala@bmvala.is

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.00  
Grillskóli Jóa Fel

Jói Fel grillar gómsæta rétti og það verður kjötveisla á boðstólum í kvöld. Meðal þess sem fer á grillið er blandað kjöt á teini, kjúklingur, lambakebab og eftirréttur á teini með karamellusósu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæin 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Litla flugan 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Landið sem rís 14.00 Fréttir 14.03 Heimsmenning á hjara veraldar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Hin hljóðu tár 15.25 Skurðgrafan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Fáni og flattur þorskur 19.40 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva 21.30 Kvöldagan: Njálssaga 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Útvarpsperlur: Landið í þéi 23.20 Tropical: Bytning í brasílískri tónlist 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

12.05 Deal or No Deal 12.40 New Tricks 13.30 New Tricks 14.20 Deal or No Deal 14.55 Deal or No Deal 15.30 Deal or No Deal 16.05 Fawty Towers 16.35 Allo, Allo! 17.00 Allo, Allo! 17.30 Lark Rise to Candleford 18.20 Jonathan Creek 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.15 Top Gear 23.05 Live at the Apollo 23.50 QI 00.20 QI 00.50 Little Britain 01.20 My Family 01.50 Lark Rise to Candleford 02.40 Jonathan Creek 03.30 Allo, Allo! 04.00 Deal or No Deal

DR 1

11.30 Sommertid 12.00 Forandring på vej 12.30 Mission: Baby 13.05 Aftenshowet Sommer 14.00 Byggemand Bob 14.10 Hyrdehunden Molly 14.30 Fandango med Sine 15.00 Hercule Poirot 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet Sommer 18.00 Spise med Price 18.30 90'erne tur retur 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret 19.35 Aftentour 2011 20.00 Vore Venners Liv 21.00 Blod, sved og T-shirts 21.55 Trekant 22.25 Min italienske drøm 04.00 Rasmus Klump 04.05 Chiro 04.10 Den lille røde traktor

NK1

09.00 Med hjartet på rette staden 09.45 Kokkekamp 10.15 Berlin, Berlin 10.40 Berlin, Berlin 11.05 Solgt! 11.35 Karanbal 12.35 Fotoskolen Singapore 13.00 Derrick 14.00 Sommeråpent 14.45 Ut i naturen 15.10 Poirot 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 60-tallet 16.40 Distriktsnyheter 17.30 Mat i Norden 18.00 Store leker 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Sommeråpent 20.15 Verdens varmeste strøk 21.05 Kveldsnytt 21.20 Ein idiot på tur 22.05 John Adams

svt1

13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Livet på landet 14.45 Vid lägerelden 15.25 Spisa med Price 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Debatt 17.15 Flugor 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 Svalesskär 18.30 Hundra procent bonde 19.00 Dox 20.35 Black angels 21.20 Allsång på Skansen 22.20 Uppdrag Granskning 23.20 Rapport 23.25 The Tudors 00.15 Rapport 00.20 Undercover Boss 01.05 Rapport 01.10 Diernas kamp 01.55 Rapport



85 ára

- kemur við sögu á hverjum degi

AFMÆLIS TVENNIA

2 fyrir 1

Fáðu þér afmælistvennu með Frón kremkexi og þú getur unnið glæsilega vinninga!


Kíktu í pakkann, þú gætir unnið!

vinningar í pökkunum

SVÍTAN Á KEX HOSTEL OG FLEIRI GLÆSILEGIR VINNINGAR

- 1. 1x vinningur Svítan á KexHostel (Helgargisting með kvöldverði + morgunmatur) fyrir tvo
- 2-3. 2x vinningur Kvöldverður fyrir tvo á veitingastað KexHostel (Sæmundur í sparifötunum)
- 4-5. 2x vinningur Gjöfabréf úr verslun 25.000kr.-
- 6-10. 5x vinningur Gjöfabréf úr verslun 10.000kr.-

finndu Frónkex á facebook



www.kexhostel.is

www.fronkex.is

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmunum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC  
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.



Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu



Smiðjuvegi 2  
Kópavogi  
Sími 544 2121  
www.rumgott.is

Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur - Starfandi í 60 ár

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu



„Það er klárlega matseðillinn á Prikinu. Þar er hægt að fá sér góða hamborgara og steikur.“

Emmsjé Gauti tónlistarmaður

# Linda Björg í nýjum raunveruleikabætti

Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunarveildar Listaháskóla Íslands, tekur sæti dómara í nýjum raunveruleikabætti sem hefst um áramótin á Stöð 2. Þáttunum hefur verið gefið nafnið Hannað fyrir Ísland og eru runnir undan rifjum Sigurjóns Sighvatssonar, kvikmyndaframleiðanda og eiganda útivistarmerkisins 66 gráður norður. Þættirnir eiga að gefa ungum, íslenskum hönnuðum tækifæri til að koma sjálfum sér á framfæri. „Og það er engin leið betri til þess en í gegnum sjónvarp“, segir Sigurjón. Byrjað verður að auglýsa eftir þátttakendum í næsta mánuði.

66 gráður norður leikur stórt hlutverk í þáttunum, keppendur eiga að hanna flíkur fyrir fyrirtæki og sigurvegarinn fær að lokum starf hjá því. „Við erum auðvitað að taka nokkra áhættu því 66 gráður norður er með gott orðspor og við leggjum það undir.“ Yfirhönnuður fyrirtækisins, hinn sænski Jan Davidson,

verður dómari en svo reiknar Sigurjón með því að þriðja hjólið verði gestadómari, allt eftir því hver verkefni hönnuðanna verða í hverjum þætti. „Það verður einhver sem hefur sérþekkingu í notkun á hverri flík fyrir sig.“

Sigurjón bendir á að allir fremstu hönnuðir heims vinni með sínar rætur og sinn grunn. Og með keppinni gefist keppendum tækifæri til að tengjast þeim. „Þetta verður blanda af raunveruleikabáttagerð og heimildarmynd því hönnuðirnir geta ekki bara setið inni á saumastofu og hannað flík, þeir verða að fara út í þær aðstæður sem hönnunin á að vera notuð í.“ - fgg

**LEITAD AÐ HÖNNUÐI ÍSLANDS** Linda Björg Árnadóttir verður væntanlega dómari í nýjum raunveruleikabætti sem Sigurjón Sighvatsson og útivistarmerkið hans 66 gráður norður kemur að. Auglýst verður eftir þátttakendum í næsta mánuði.



**TÓK UPP NÝTT LAG** Leikarinn Þorvaldur Davíð Kristjánsson skelli sér í stúdíó og tók upp lag áður en hann hélt á vit ævintýranna í Los Angeles.

## Nýtt lag á leiðinni frá Þorvaldi Davíð

Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari hefur tekið upp nýtt lag sem verður gefið út með haustinu. Þorvaldur er sjálfur farinn til Los Angeles en félagi hans Sólmundur Hólm, skemmtikraftur og rithöfundur, aðstoðaði Þorvald við textasmíð í laginu, sem ekki hefur fengið neitt nafn.

„Þorvaldur var búinn að semja þetta lag og vildi gera eitthvað meira úr því. Þess vegna ákvað hann að taka það upp áður en hann færi út“, segir Sólmundur, sem eyddi öllum miðvikudeginum í stúdíó Geimsteini í Keflavík ásamt Þorvaldi. „Við brunuðum til Keflavíkur daginn áður en hann fór út og tókum upp hljóðfæraleik en svo ætlar hann að syngja það inn úti“, segir Sólí en Björgvin Ívar Baldurs-son úr hljómsveitinni Lifun stjórnaði upptökum.

Sólmundur og Þorvaldur eru æskuvinir og er þetta ekki í fyrsta sinn sem félagarnir stilla saman

strengi sína en þeir sendu frá sér smellinn Sumarsaga fyrir tveimur árum. „Þetta lag er ekkert „júhú-búmmbarabei“ heldur svífur meiri angurværð yfir vötnum í þetta sinn.“

Eins og kunnugt er hefur Þorvaldur Davíð verið staddur hér á landi í nokkra mánuði við tókur á íslensku myndinni Svartur á leik en hann útskrifaðist frá hinum virta leiklistarskóla Juilliard í vor.

Þessa dagana er hann að flytja frá New York til Los Angeles ásamt unnustu sinni, Hrafntinnu Karlsdóttur, en Þorvaldur landaði samningi við virta umboðsskrifstofu í mekka kvikmyndaiðnaðarins og ætlar að láta reyna á stóra drauminn. Spilamennskan er því í aukahlutverki hjá Þorvaldi en greinilegt að fleira togar í hann en leiklistin. - áþ



**TEXTASMIÐURINN** Sólmundur Hólm og Þorvaldur eru æskuvinir en Sólmundur skrifaði textann við nýja lagið. Fyrir tveimur árum gáfu félagarnir út lagið Sumarsaga.



**SAMEINADIR** Meðlimir Quarashi í sólinni í gær. Hljómsveitin kveður með tónleikum á Nasa 16. júlí en kemur einnig frá á Gaddstaðflötum um helgina. Frá vinstri eru þeir Hössi, Tiny, Steini, Ómar og Sólvi.

**HÖSKULDUR ÓLAFSSON:** ER Á STERATÖFLUM OG LÍÐUR EINS OG AXL ROSE

## Hinsta kveðja Quarashi verður á tónleikum á Nasa

„Allir góðir hlutir verða einhvern tíma að enda“, segir Höskuldur Ólafsson, rappari í hljómsveitinni Quarashi.

Allra síðustu tónleikar Quarashi verða haldnir á Nasa laugardaginn 16. júlí. Eftir tónleikana leysist hljómsveitin aftur upp eftir stutta endurkomu, en í þetta skipti til frambúðar. „Mamma kemst ekki á Bestu útihátíðina, þannig að okkur fannst við hæfi að halda tónleika í bænum svo hún komist“, segir Höskuldur.

Endurkoma Quarashi hefur ekki farið fram hjá neinum, en hljómsveitin kemur einnig fram á Bestu útihátíðinni á Gaddstaðflötum um helgina. 8.500 miðar hafa selst á hátíðina segja aðstandendur, en hljómsveitir á borð við Gus Gus,

XXX Rottweiler og SSSól koma einnig fram.

Höskuldur segir Quarashi höfða til eldri hóps með lokatónleikumum í Reykjavík. „Við erum að stíla inn á aldurshópin 50 til 73 ára“, segir hann léttur. „Það er ekki fólk- ið sem er að fara á Bestu, en vill koma og sjá Quarashi. Við viljum sinna þessum aldurshópi, enda fær hann lítið að gera í skemmtanálífi borgarinnar.“

En telurðu að meðlimir Quarashi öðlist innri frið eftir tónleikana í Reykjavík, þegar frekara tónleikahald hefur verið útilokað?

„Ég vona allavega að ég þurfi ekki að svara fleiri kómbakksímötölum eftir þetta. Þau hafa verið einu sinni í mánuði frá því að við hættum“, segir Höskuldur.

Kvöldið fyrir tónleikana á Nasa verður haldið sérstakt kveðjuhóf á Sódómu. Hljómsveitin kemur þar fram í einhverri mynd ásamt fjölda annarra listamanna. Miðinn á lokatónleikana gildir inn, en þó aðeins á meðan húsrúm leyfir.

En hvernig stendur röddin sig?

„Ég er búinn að vera í námi í Englandi í tvö ár og hef ekkert sungið, ekki einu sinni karóki“, segir Höskuldur. „Á fyrstu æfingunni byrjaði ég að öskra um leið og var voðalega hissa á því að verða rámur. Ég er á steratöflum og líður eins og Axl Rose. Við sáum hann einu sinni spila í Japan. Eftir hvert lag stökk hann baksviðs og fékk sterasprautu í hálsinn.“ Ég vona að það komi ekki til þess.“

atlifannar@frettabladid.is

## Sturtusápa væntanleg frá Silver

„Logi er ekki alveg hættur, ég er bara búinn að kaupa hans hlut og er því einn eigandi fyrirtækisins. Logi verður áfram stjórnarformaður og andlit fyrirtækisins“, segir Björgvin Páll Gústavsson, landsliðsmarkvörður í handbolta og snyrtivörumógull.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Logi Geirsson væri hættur afskiptum af Silver-hárvörufyrirtækinu sem landsliðsfélagarnir stofnuðu eftir glæsilegan árangur landsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking. Logi staðfesti það í samtali við Fréttablaðið og sagðist ekki hafa haft tíma til að sinna verkefni sína sem skyldi. Björgvin vill þó meina að skyttan úr FH hafi enn hlutverki að gegna.

Markvörðurinn var staddur í brúðkaupsferð sinni þegar Fréttablaðið náði tali af honum og hann upplýsti að von væri á nýjum

vörum innan skamms; sturtusápu fyrir konur og karla. „Við erum að fara af stað með auglýsingaherferð á næstunni þar sem Aron Pálmars-son verður í aðalhlutverki“, segir Björgvin og bætir því við að fleiri vörur séu í þróun. „Við höfum haft hægt um okkur að undanförunu en ætlum að setja þetta í gang á næstu vikum.“

Leikmaðurinn skipti nýverið um félag og heldur til Magdeburg í Þýskalandi. Félagið hefur þegar óskað eftir því að fá að selja Silvergelið í búðinni sinni og Björgvin er himinlifandi með viðtökurnar við gelinu hér á landi, það hafi selst betur en hann hafi þorað að vona. „Við vorum búnir að selja þrjátíu þúsund dósir síðast þegar við gáðum“, segir Björgvin en það þýðir sölu upp á tæpar 45 milljónir ef miðað er við verð á netinu.

- fgg



**BOÐAR NÝJAR VÖRUR** Björgvin Páll Gústavsson hefur keypt eignarhlutinn af Loga Geirssyni og boðar sturtusápu frá Silver á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FORSÍDA VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFÍÐ UMRÆÐAN

m.visir.is  
Fáðu Vísir símann!

### ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKID Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

f b

Meiri Vísir.

**VÍSIR**

**Sérsmíðaðir Hnakkar**

**15. til 20. júlí verða hér í heimsókn enskir söðlasmiðir.** Þeir taka mál af hestum sem þurfa sérsmíðaða hnakka.

Upplýsingar veittar í síma **566 8045 eða 698 5799**  
Netfang: valditryggva@simnet.is

# GEYSIR



**Fjallraven taska**  
12.700 kr.

**Fjallraven taska Mini**  
8.700 kr.

**Hunter stígvél**  
25.300 kr.

**Minnisbækur 4 stk.**  
1.490 kr.

**Leðursnyrtitaska**  
17.300 kr.

**Penfield skyrta**  
19.700 kr.

**Gúmmískór**  
4.400 kr.

**Lee gallaskyrta**  
17.500 kr.

**Ullarvetlingar**  
3.900 kr.

**Farmers Market Múli**  
25.300 kr.

**Húfan Þúfa**  
8.300 kr.

**Thermos hitabrúsi**  
5.900 kr.

**Farmers Market  
Lítla-Brekka**  
10.800 kr.

**Afabolur**  
6.400 kr.

**Thermos hitabrúsi**  
4.900 kr.

**Föðurland**  
5.900 kr.

**Ullarsokkar**  
2.400 kr.

**Barna-gúmmískór**  
3.900 kr.

**Barna-ullarsokkar**  
1.400 kr.

**Dömu-trefill**  
8.500 kr.

- Lágir ullarsokkar fylgja hverju pari af gúmmískóm -

**Ullarsokkar fylgja  
hverju pari af gúmmískóm**

- Kaupið yður nytsama hluti, fyrir lítið verð. -



GEYSIR

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Barnvænn Friðrik

Laundromat-veitingastaður **Friðriks Weisshappel** í Kaupmannahöfn er tilnefndur sem besti barnvæni veitingastaðurinn í keppni á vefsíðunni bornibyen.dk. Fjórir aðrir veitingastaðir koma til greina í netkosningu og þegar Fréttablaðið athugaði síðast leiddi Laundromat kapphlaupið. Friðrik hefur gert mikið út á barnvænt andrúmsloft á veitingastöðum sínum og leyfir til að myndu mæðrum að gefa börnum sínum brjóst. Þá hefur Laundromat í miðbæ Reykjavíkur notið mikilla vinsælda meðal fjölskyldufólks.



#### Quarashi styrkir Stígamót

**Sölvi Blöndal** og félagar í Quarashi snúa aftur á svið eftir hlé um helgina þegar þeir spila á Bestu útihátiðinni á Gaddstaðafloðum. Hljómsveitin, sem hyggur einungis á stutta endurkomu, er þó greinilega ekki að koma aftur saman í gróðavon. Strákarnir hafa nefnilega ákveðið að gefa Stígamótum 500 þúsund krónur af þeim tekjum sem hún hefur af því að koma fram. Í tilkynningu frá Hljómsveitinni og aðstandendum Bestu útihátiðarinnar segir að ofbeldi og sér í lagi kynferðislegt ofbeldi, verði ekki liðið á hátiðinni. Þá sé það draumur allra sem að hátiðinni koma að gestir hennar geti sýnt og sannað að gróf ofbeldisbrot þurfi ekki að vera fylgifiskur útihátiða.




- fgg, mþl

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Borguðu klippingu næsta manns á eftir
- 2 Haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæslu
- 3 Lögreglan tók níutíu byssur af skotglöðum byssusafnara
- 4 Gæti gosið á morgun eða eftir tuttugu ár
- 5 Þernan kærir New York Post fyrir meiðyrði

### Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18-49 ára.



Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.



Allt sem þú þarft

# 20% afsláttur af gasi í sumar



Vinur við veginn

Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins, notar Smellugas frá Olís.



Smellugas

Þegar þú skilar inn tónum 9 kg stálkút, færðu 11 kg stálkút fylltan með gasi á aðeins

**20% AFSLÁTTUR AF GASI Í 2-11 KG STÁL- OG TREFJAKÚTUM**

## 4.380 kr.

með 20% AFSLÆTTI AF INNIHALDI

Á síðasta ári innleiddi Olís **Smellugas** sem er einfalt og þægilegt kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn - honum er einfaldlega smeltt á. **Þú færð þrýstijafnarann þér að kostnaðarlausu á næstu Olís-stöð.**



PPAR\TBWA • SJA • 111896

**HEIMSENDING** á höfuðborgarsvæðinu alla daga frá kl. 15-19

Hafðu samband í síma

**515 1115** eða á [smellugas.is](http://smellugas.is)



[smellugas.is](http://smellugas.is)